



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. nóvember 2005 — 321. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Vill fá marga pakka

María Reyndal, leikstjóri og leikkona, er 35 ára í dag. Hún er mikið afmælisbarn og heldur jafnvel margfalt upp á það.



TÍMAMÓT 16

## Nýtt jóladagatal Sjónvarpsins

Dolli og Rabbi bjarga jóluþunum frá öfundsjúkum töfrakarli.



FÓLK 54

## Við erum það sem við ofétum

Vísindalegar rannsóknir á ofritu þurfa að lúta í lægra haldi fyrir þörf mannsins til að rasa út stöku sinnum eigi hann að halda geðheilsunni, segir Richard Klein.

Í DAG 8

## Misstu niður unninn leik

Íslendingar voru þremur mörkum yfir þegar skammt var eftir gegn Norðmönnum að Varmá í gær, en Norðmönnum tókst að jafna leikinn eftir klaufagang íslenska liðsins.

ÍÞRÓTTIR 50



## VEÐRIÐ Í DAG



Hæg breytileg átt

**YFIRLEITT BJART EN** stöku el allra austast. Hiti 0-5 stig sunnan og vestan til en vægt frost á landinu norðan- og austanverðu.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL KVENNA 20-40 ÁRA

Innkaupastjórar heimilanna kjósa Fréttablaðið!

64%



44%



\*Lestur á sunnudegi samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005.

# Óviðunandi afskipti af verkamönnum

Vinnuveitandi segir starfsmönnum sínum misboðið vegna ágangs yfirvalda. Húsnæðið sem þeir búa í var áður sölbaðstofa. Heilbrigðisfulltrúi Akraness segir aðstöðu starfsmanna ekki svo slæma. Tveir starfsmenn hafa ekki tilskilin leyfi.

**VINNUMARKAÐUR.** „Mönnum þykir að sér vegið og það er alveg ljóst að Íslendingar erlendis myndu ekki sætta sig við svona afskipti líkt og þessir menn hafa þurft að þola hér,“ segir Hjörleifur Jónsson, eigandi verktakafyrirtækisins H. Jónssonar.

Nú stendur yfir lögreglurannsókn á starfsmannamálum fyrirtækisins að beiðni Verkalýðsfélags Akraness en þar vinna nú níu Litháar og leikur grunur á að ekki sé löglega að málum þeirra staðið.

Laufey Sigurðardóttir, heilbrigðisfulltrúi á Akranesi, gerði nýlega úttekt á húsakosti starfsmannanna. „Aðstaða þeirra er í raun og veru ekki svo slæm en vinnuveitandi þarf að sækja um sérstakt starfsleyfi til að nota það

í þessum tilgangi og þar sem þetta var iðnaðarhús áður þarf hann að sýna okkur fram á að hann hafi fengið það samþykkt sem íbúðarhúsnæði,“ segir hún. Húsnæðið er um 300 fermetrar og voru þar áður skrifstofur og sölbaðstofa. Hjörleifur segir að hann hafi fengið það samþykkt hjá skipulagsnefnd sem íbúðarhúsnæði árið 1999. Þar búi sex manns sem matist annars staðar en áður hafi búið þar níu manns. „Hann hefur frest til mánudags að útskýra sín mál,“ segir Laufey.

Tveir af þeim starfsmönnum sem kallaðir voru til yfirheyrslna hjá lögreglu reyndust vera án tilskilinnna leyfa. „Ég sendi inn öll gögn til að endurnýja leyfi þeirra en Útlendingastofnun sendi mér bréf og taldi einhvern formgalla

á. Ég var ekki eins vel að mér í þessum pappírsmálum og konan mín, sem var von að sjá um þetta, en hún féll frá fyrr á árinu. Ég taldi leyfin vera í lagi svo þetta er spurning um formsatriði en ekki viljandi brot,“ segir Hjörleifur. „Ég hef ekkert að fela, ég hef sýnt alla þá pappíra sem mér ber og þetta mál á sér því einhverjar aðrar rætur. Það versta er að starfsmönnum mínum er algjörlega misboðið en þeir vilja aðeins fá frið til að vinna. Flestir þeirra hafa verið hjá mér í sex ár, við erum orðnir góðir vinir allir saman og ég geri vel við þá. Tvisvar áður hefur verið gerð svona atlaða að fyrirtækinu og ekkert kom út úr því og ekkert mun kom út úr þessu heldur,“ segir hann að lokum.



**BESTU VINIR Á LEIÐ NIÐUR Í BÆ** Hundarnir sýndu af sér góða hegðun og þrúðhundsku í hvívetna í blíðskaparveðrinu á Laugaveginum í gær.

Ganga niður Laugaveg:

## Vikið frá hundabanni

**ÚTIVIST** Hundar viðruðu mannfólkið sitt í gær þegar Hundarektarfélag Íslands stóð fyrir árlegri gönguferð niður Laugavegin.

Hundar eru yfirleitt bannaðir á Laugaveginum en einu sinni á ári fá þeir undanþágu til að skoða jólaljósinn. Lagt var af stað frá Hlemmi og gengið eins og leið lá að Ráðhúsinu í Reykjavík þar sem Vöfluvagninn beið eftir göngu-görpum og bauð upp á rjúkandi heitar vöflur og kakó.

Um kvöldið fagnaði mannfólkið svo árangri hunda sinna í göngunni með veisluhöldum en þá voru hundarnir fjarri góðu gamni. -bb

Sofnaði í flugvél:

## Vaknaði aftur á upphafsstað

**NOREGUR, AP** Það gerist ósjaldan að flugfarþegar taki sér blund á meðan á ferðinni stendur. En það hendir fáa sem kom fyrir Norðmanninn Tor Martin Johansen. Hann var á leið með innanlandsflugi frá Þrándheimi heim til Namsóss í norðanverðum Þrándalögum. Vélin millilenti í Rørvik. Hann sofnaði fljótlega eftir flugtak og þegar hann vaknaði aftur var hann kominn aftur til Þrándheims.

Flugfélagið gaf Johansen nýjan miða heim til Namsóss og lýsti því yfir að farþegar sem sofnuðu um borð myndu framvegis geta treyst því að vera vaktir á áfangastað. -aa



**REYNT AÐ ÞRÖNGVA SÉR Á ÁFANGASTAÐ** Mikil örtröð myndaðist við landamærin að Egyptalandi þegar þau voru opnuð í fyrsta sinn síðan í MYND/AP

Landamæri undir stjórn Palestínnumanna opnuð:

# Færri komust yfir en vildu

**GAZA-SVÆÐIÐ, AP** Rúmlega 1500 manns frá Gaza-svæðinu flyktu yfir landamærin til Egyptalands í gær án þess að þurfa að fara í gegnum öryggisstöðvar Ísraels.

Palestínnumenn ráða nú yfir landamærastöðinni í Rafah í fyrsta sinn síðan Ísraelar hertóku svæðið fyrir 38 árum. Landamærin hafa verið lokað síðan Ísraelar yfirgáfu Gaza-svæðið í sumar og

komust færri yfir þau en vildu við opnunina í gær. Voru landamærin aðeins opin í fjórar klukkustundir.

Fleiri breytingar eru fram undan fyrir Palestínnumenn því um miðjan næsta mánuð fá þeir leyfi til að ferðast á milli Vesturbakkans og Gaza-svæðisins í fyrsta sinn í fimm ár. Fyrst um sinn þurfa þeir þó að ferðast í rútum

í fylgd Ísraels. Bandaríkjamenn hafa einnig hvatt Ísraela til að ná samkomulagi við Palestínnumenn um að opna alþjóðlega flugvöllinn í Gaza-borg á nýjan leik.

Breytingarnar koma á góðum tíma fyrir Mahmoud Abbas, leiðtoga Palestínu, því þingkosningar í landinu eru fyrirhugaðar hinn 25. janúar.

-fb



5.12.

Síðasti öruggi skiladagur á jólapökkum til landa utan Evrópu!



www.postur.is





## SPURNING DAGSINS

Magnús Geir, hvad gerir Fullkomið brúðkaup?

„Fimm þúsund ánægðir brúðkaups-gestir.“

Leikfélag Akureyrar sýnir nú leikritið Fullkomið brúðkaup við gríðarlegar vinsældir nyrðra og hafa nú fimm þúsund manns séð uppsetninguna. Magnús Geir Þórðarson er leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar og jafnframt leikstjóri verksins.



„Í GÓÐUM HÖNDUM“ Merkel kanslari stappar stálinu í þjóð sína á iðnþingi í Düsseldorf á föstudag.

MYND/AP

Merkel um framhaldið:

## Ljós við enda ganganna

**BERLÍN, AP** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, lét hafa eftir sér í gær að hún vonaðist til að sýna Þjóðverjum „ljósið við enda ganganna“ er hin nýja ríkisstjórn hennar einhendir sér í að snúa gangi efnahagslífsins aftur til betri vegar.

Merkel tjáði götublaðinu Bild að hún ætlaðist til að stjórna, samsteyptustjórn íhalds- og jafnaðarmanna, yrði dæmd af verkum sínum, einkum hvernig henni tækist til við að draga úr atvinnuleysinu, sem nú er um ellefu prósent í þessu mesta efnahagsveldi Evrópu. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Fundað um kjara- og hagsmunamál eldri borgara:

## Yfir 200 eldri borgarar funda

**ELDRI BORGARAR** Fimm Alþingismenn sátu undir kraftmiklum ádeilum eldri borgara á afar fjölmennum fundi um kjara- og hagsmunamál eftirlaunapega í Reykjavík gær.

„Þetta var góður fundur, það var fullt út að dyrum, fólk kom með mjög mikið af fyrirspurnum og deildi mikið á stjórnvöld fyrir háa skatta, skerðingar á lífeyri, lágur lífeyrisgreiðslur, slæman aðbúnað á heimilum aldraðra og svo framvegis,“ segir Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, en félagið og Landssamband eldri borgara efndu til fundarins.

Alþingismennirnir Ásta Möller, Ásta Ragnheiður Jóhannsdóttir, Guðjón Kristjánsson, Sæunn Stefánsdóttir og Ögmundur Jónasson mættu á fundinn og kom fátt á óvart í svörum þeirra við fyrirspurnum fundarmanna.

„Mér fannst þeir nú ekki gefa nein loforð beinlínis, en stjórnarandstaðan taldi skatta vera allt of háa og skerðingar allt of miklar, og það þyrfti að bæta hag aldraðra almennt. Þeir sem sitja í stjórn reyndu auðvitað að bera í bætiflaka fyrir sinn málstað, eins og gengur,“ segir Margrét.

- smk



HITI Í FÓLKI Rúmlega 200 eldri borgarar mættu á almennan fund sem Landssamband eldri borgara og Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni efndu til í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Brúðkaup samkynhneigðra:

## Fjöldi homma handtekinn

**DUBAI, AP** Tuttugu og tveir samkynhneigðir arabískir karlmenn voru handteknir í fjöldbúðkaupi samkynhneigðra í Dubai, höfuðborg Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Verði þeir fundnir sekir eiga þeir yfir höfði sér hormónameðferð, fimm ára fangelsisvist og hýðingu fyrir athæfi sitt.

Samkynhneigð hegðun á almannaferi er bönnuð samkvæmt lögum í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Yfirvöld í landinu óttast að fjöldbúðkaup samkynhneigðra séu orsök aukinna vestrænna áhrifa í landinu og reyna þau nú allt til að stöðva þessa þróun.

- fb

## Nefndarmaður sat báðum megin borðs

Nefndarmaður í skipulagsnefnd Garðabæjar gæti hafa verið vanhæfur til að taka þátt í breytingu á aðalskipulagi í Urriðaholti, sem er í eigu sjóðs Oddfellow-reglunnar. Um það er þó ekki hægt að fullyrða, þó hann sitji í stjórn sjóðsins.

**GARÐABÆR** Félagsmálaráðuneytið hefur úrskurðað að ekki sé hægt að staðhæfa að Jón Ottó Guðmundsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í skipulagsnefnd Garðabæjar, hafi verið vanhæfur til að taka þátt í breytingu á aðalskipulagi í Urriðaholti, landi í eigu styrktar- og líknarsjóðs Oddfellow-reglunnar, í vor þó að hann sé virkur félagi í Oddfellow og hafi gegnt þar efstu embættum, meðal annars í umræddum sjóði.

Ráðuneytið segir jafnframt að hagsmunir reglunnar tengist afgreiðslu skipulagstillögunnar. Það sé hlutverk skipulagsnefndar að meta hvort seta mannsins í Oddfellow-reglunni og þátttaka hans í ákvörðunum skipulagsnefndar um Urriðaholt rekist á. Skipulagsnefndin hefði á fundi sínum átt að úrskurða um hæfi mannsins til að taka þátt í ákvörðuninni áður en hún var tekin.

Skipulagi í Urriðaholti var breytt með skömmum fyrirvara í vor þannig að bæjarvernd var felld niður og 27 hektara svæði,



URRIÐAHOLT Bæjarvernd í Urriðaholti var felld niður í vor og svæði sem hafði verið skráð á náttúruminjaskrá var breytt í þjónustusvæði. Framkvæmdastjóri Landverndar telur það hagsmunaárekstur að virkur félagi í Oddfellow-reglunni, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í skipulagsnefnd, hafi tekið þátt í ákvörðun nefndarinnar en svæðið er að níutíu prósentum í eigu Oddfellow.

sem fram að þessu hafði notið bæjarverndar og verið skráð á náttúruminjaskrá, var breytt í þjónustusvæði. Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, telur að afstaða Jóns Ottó hafi getað ráðið úrslitum í málinu en afgreiðsla málsins hafi mikil fjárhagsleg áhrif á styrktar- og líknarsjóðs Oddfellow-reglunnar.

Þetta kemur fram í kærnu Tryggva til félagsmálaráðuneytisins. Þar kemur einnig fram að skipulagið hafi verið afgreitt í bæjarstjórn Garðabæjar tveimur dögum eftir fund skipulagsnefndar. Tryggvi telur því að bæjarstjórn hafi ætlað sér skamman

tíma til að setja sig inn í þær efnislegu athugasemdir sem hafi komið fram og því hafi öll efnisleg umfjöllun um málið verið á forræði skipulagsnefndar ef marka megi fundargerð.

Í Urriðaholti er fyrirhugað að reisa byggingar fyrir sex til sjö stórverslanir, þar á meðal Ikea-verslun og stærstu byggingavörverslun landsins, tólf þúsund fermetrar að stærð. Talið er að samningar við Byko séu á lokastigi en áður hafði verið gert ráð fyrir að þýska byggingavörverslunin Bauhaus yrði þarna með starfsemi sína.

ghs@frettabladid.is



TRYGGVI FELIXSON

Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, sendi kærnu til félagsmálaráðuneytisins vegna svæðis á náttúruminjaskrá. Úrskurður liggur nú fyrir.

Nagladekk og stillur hafa sín áhrif í þéttbýlinu:

## Mikil rykmengun í borginni

**MENGUN** Mikil rykmengun hefur mælst í Reykjavík síðustu daga, að sögn Lúðvíks Gústafssonar hjá mengunavarnasviði Umhverfissviðs. Mest varð mengunin á álagstímum í umferðinni, en þá fór hún yfir 500 míkrogrömm á rúmmetra. Veður hefur verið þurr og stillt og margir á nagladekkjum sem auka enn á mengunina.

„Ástandið í kringum helstu umferðaræðar borgarinnar var ekki gott þegar umferðin var sem mest enda sást mengunin greinilega,“ segir Lúðvík.

Hún fór þó ekki yfir hættumörk, enda var aðeins um tíma-bundna toppa að ræða.

Síðasta sólarhringinn eða svo hefur loftvogin staðið hátt hér á landi, að sögn Einars Sveinbjörnssonar verðurfræðings. Þannig mældist loftþrýstingur 1.048



UMFERÐ Í REYKJAVÍK Á álagstímum hefur rykmengun í Reykjavík farið yfir 500 míkrogrömm á rúmmetra.

hektó-pasköl í Bolungarvík á miðvikudagskvöld. Er það hæsta staða loftvogar héraðsins síðan í apríl 1991, en þá sýndu loftvogir allt að 1.050 hPa.

Hár loftþrýstingur að þessu sinni er af völdum öflugs og víðáttumikils háþrýstisvæðis sem

undanfarna daga hefur verið suðvestur og vestur af Íslandi. Það er nú farið að gefa sig og eftir helgi er því spáð að öllu hefðbundnari lægðir verði búnar að leysa háþrýstisvæðið af hólmi, samkvæmt upplýsingum Einars.

- jss

**Geggjað grín, hörku hasar klístrað klúður**

**KAFFEINN OFURBRUK OG LIFTEKNIÞRUK HORSKRIMSLID FYRRI HLUTURINN ER AÐ NETURLAGI**

**1 SÆTI**

METSÖLULISTI EYMUNDSSON barnabækur / 9. nóv.

„Fólk á öllum aldri smitast af gleðinni ... enginn ætti að láta þennan furðufugl fram hjá sér fara.“

Þórarinn Þórarinnsson / Fréttablaðið

**SJÖTTA SKÁLDVERKIÐ ER KOMIÐ ÚT!**

JPV ÚTGAFA www.jpvis





# Risa tónleikar

í Smáralind

Velkomin í Ævintýraveröld jólanna í Vetrargarðinum!

Í dag klukkan 16 hefjast lokatónleikar íslenskra tónlistardaga Hagkaupa í Vetrargarðinum. Fram koma helstu tónlistarmenn landsins og það má bóka að allir finna eitthvað við sitt hæfi.



Á móti sól



Matthías Matthíasson



Bubbi



Bergsveinn Arilíusson



Raggi Bjarna

Tónleika  
dagskrá

16.00	Á móti sól	17.15	Heitar Lummur
16.15	Matthías Matthíasson	17.30	Jónsi
16.30	Bubbi Morthens	17.45	Írafár
16.45	Bergsveinn Arilíusson	18.00	Óskar Pétursson
17.00	Raggi Bjarna	18.15	Bjarni Arason



Heitar Lummur



Jónsi



Írafár



Óskar Pétursson



Bjarni Ara

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla



ENNEM / SIA / NM19376

Verslanir opnar: Mán.-mið. 11-19, **flm. 11-21**, fös. 11-19,  
lau. 11-18 og sun. 13-18 / smaralind.is / 528 8000



## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 25.11.2005

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur USD	63,06	63,36
	Sterlingspund GBP	108,43	108,95
	Evra EUR	9,929	9,987
	Dönsk króna DKK	7,794	7,84
	Norsk króna NOK	9,405	9,461
	Sænsk króna SEK	0,5282	0,5312
	Japanskt jen JPY	89,67	90,21
SDR		XDR	74,08 74,5

## Gengisvísitala krónunnar

104,5603

HEMILD: Seðlabanki Íslands



**MEÐ SÓL Í SINNI** Andrea Waage hefur umsjón með heilsuátakinu en á meðal þeirra sem veittu starfsmönnum fræðslu var Ingimar Guðmundsson sjúkrapjálfafrí.

Heilsuátak hjá Brimi:

## Betri vinnukraftar

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 140 starfsmenn í landvinnslu Brims á Akureyri hafa undanfarna daga tekið þátt í sérstöku heilsuátaki með það að markmiði að efla heilsuvitund starfsfólksins og stuðla að bættri líðan. Dagskrá átaksins var mjög fjölbreytt en á meðal þess sem boðið var upp á í vinnutíma var jóga, nudd og fræðsla af margvíslegum toga.

Andrea Waage, starfsmaður Brims, hafði umsjón með átakinu og segist hún vænta þess að bætt líkamleg og andleg líðan starfsmanna skili fyrirtekni betri vinnukröftum. - kk

Fíkniefnamál í Keflavík:

## Fimm handteknir

**LÖGREGLA** Lögreglan í Keflavík handtók fimm í tveimur fíkniefnamálum á föstudagskvöldið. Voru fjórir handteknir í húsi í Keflavík, þar af tveir með amfetamín í fórum sínum. Húsléit var gerð með aðstoð leitarhunds og fundust fjögur grömm af meintu amfetamíni í ískáp. Játaði einn af hinum handteknunum að eiga það. Þeim var öllum sleppt að lokinni yfirheyrslu. Í hinu málinu var einn handtekninn og við leit í bifreið hans fannst bútur af meintu hassi. Manninn var sleppt að lokinni yfirheyrslu. ■

Sextán Serbar ásakaðir um stríðsglæpi gegn króatískum stríðsföngum:

## Hámarksrefsingar krafist fyrir glæpina

**BELGRAD, AP** Saksóknarar í tíma-mótaréttarhaldi yfir meintum stríðsglæpamönnum í Serbíu fóru á föstudag fram á að sakborningarnir sextán yrðu dæmdir til hámarksrefsingar fyrir glæpi sína. Þeir eru sakaðir um að hafa verið í liði serbneskra skæruliða sem myrtu 192 króatíska stríðsfanga árið 1991.

Stríðsfangarnir voru teknir er Serbar hertóku króatíska bæinn Vukovar í nóvember 1991.

Saksóknarinn, Dusan Knezevic, sagði sakborningana enn hafa tækifæri til að játa sekt sína, en gerðu þeir það ekki „hæfði þeim ekkert nema hámarks-

refsing fyrir það hatur, hroka og grimmd sem þeir sýndu með verkum sínum. Dauðarefsingar voru afnumdar í Serbíu-Svartfjallalandi árið 2000 en hámarksrefsing er fjörutíu ár í fangelsi. Búið er við að dómur verði kveðinn upp í næstu viku.

Í uppgjöri núverandi stjórnvalda í Serbíu-Svartfjallalandi við stríðsglæpi sem framdir voru í stjórnartíð Slobodans Milosevic gerðist það einnig í gær að jarðneskum leifum 41 Kosovo-Albana, sem fundust í fjöldagröf í Serbíu, var skilað til greftrunar í Kosovo.



**LÍKUM SKILAÐ** Kosovo-Albanar votta virðingu sína er jarðneskum leifum 41 Kosovo-Albana sem fannst í fjöldagröf í Serbíu var skilað til greftrunar í Kosovo á föstudag. MYND/AP

## Lentu fimmtán sinnum í Evrópu á síðasta ári

Utanríkisráðherra Þýskalands er áhyggjufullur vegna fangaflugs CIA og vill að málið verði kannað nánar innan Evrópusambandsins. Berliner Zeitung segir fimmtán fangaflugsþotur hafa lent í Evrópu á síðasta ári.

**BERLÍN, AP** Þotur á vegum bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, með grunaða hryðjuverkamenn innanborðs, hafa lent að minnsta kosti fimmtán sinnum á evrópskum flugvöllum á síðasta ári. Þetta kemur fram í dagblaðinu Berliner Zeitung. Segir þar að hugsanlega hafi slíkar vélar lent á flugvöllum í Frankfurt.

Til að mynda sagði austurríski herinn nýverið að þota frá CIA, sem líklega hefði verið með fanga um borð, hefði flugið yfir landið á leið frá Frankfurt til Aserbaidsjan árið 2003.

Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, hefur lýst yfir áhyggjum sínum vegna þessa.

„Sem utanríkisráðherra þarf ég að veita og meta staðreyndir í málinu, ekki það sem stendur í blaðgreinum,“ sagði Steinmeier í viðtali við Bild. „Það sem stendur í blaðinu er engu að síður eitt-hvað til að hafa áhyggjur af. Þess vegna tel ég að það væri gott fyrir Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, að grennslast fyrir um málið fyrir hönd Evrópusambandsins,“ sagði hann.



**FLUGVÉL CIA** Flugvél af Gulfstream-gerð sem CIA hefur notað til að flytja fanga á milli landa.



**FRANK-WALTER STEINMEIER** Utanríkisráðherra Þýskalands vill fá svör við orðrómi um að flugvöllurinn í Frankfurt hafi verið notaður í fangaflugi bandarísku leyniþjónustunnar.

Í greininni í Berliner Zeitung kemur einnig fram að Rammstein-flugstöðin í Þýskalandi sem er í eigu Bandaríkjamanna hafi verið notuð fyrir flug CIA á árunum 2002 til 2004.

Steinmeier mun á þriðjudag funda með bandarískum ráðamönnum, þar á meðal utanríkisráðherrandum Condoleezza Rice. Ekki er vitað hvort hann muni taka fangaflugið fyrir á fundinum.

Bandaríkjamenn hafa viðurkennt að til séu leynileg fangelsi á

þeirra vegum. Flest lönd í Austur-Evrópu hafa neitað því að slík fangelsi sé þar að finna, eins og orðrómur hefur verið uppi um.

Talið er að Bandaríkjamenn hafi flutt grunaða hryðjuverkamenn í fangelsi út fyrir landsteinana þar sem lög gegn pyntingum eru ekki við lýði. Fyrir vikni hafi þeir þurft að millilenda vélum sínum í hinum ýmsu Evrópulöndum, þar á meðal í Þýskalandi og á Íslandi.

freyr@frettabladid.is

Skar konu sína á háls:

## Vildi senda höfuðið til tengdó

**SVÍPJÓÐ** Karlmaður skar konu sína á háls og ætlaði að senda höfuð hennar í poka til tengdamóður sinnar því að konan vildi skilja við hann. Þetta kemur fram á vef-útgáfu Aftonbladet en réttarhöld standa yfir núna.

Hjónin áttu tvo drengi saman, fjórtán og fimmtán ára. Þegar yngri drengurinn kom heim sá hann móðurina liggjandi í blóði sínu inni á hjónarúmi. Hann hljóp grátandi til bróður síns. Fréttirnar komu eldri drengnum á óvart þó að faðir hans hefði áður lýst fyrirætlan sinni á gönguferð þeirra.

Drengirnir vitna nú gegn föður sínum í málinu. ■

Sorg í Svíþjóð:

## Sænskur hermaður lést

**AFGANISTAN, AP** Sænskur hermaður lést af sárum sínum í gær eftir að hann lenti í sprengjuárás í Afganistan á föstudag.

Þrjár sænskir hermenn til viðbótar særðust í árásinni. Einn þeirra var alvarlega særður en hinir tveir sluppu með minniháttar meiðsl. Hermennirnir voru í bíl sem var á ferð um borgina Mazar-e-Sharif í norðurhluta Afganistans þegar sprengjan sprakk. Tveir óbreyttir borgarar særðust einnig í árásinni. - fb

## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Félagar BSRB fá eingreiðslu** Skrif að hefur verið undir samkomulag við fjármálaráðuneytið um að félagsmenn í BSRB í starfi hjá hinu opinbera fái 26 þúsund króna eingreiðslu í desember eins og starfsmenn á almennum vinnu-markaði. Einnig verður áfangahækkun kjarasamninga um áramótin 2006-2007 2,9 prósent í stað 2,25 prósent eins og áður hafði verið samið um.

## HÆTTULEGA SPENNANDI

STEIN  
HJARTAÐ

Dularfullir atburðir, krakkar í hættu og raunar allur heimurinn ... æsispennandi saga með skemmtilegum litmyndum og sjálfstætt framhald bókana Týndu augun og Frosnu tærnar.

Edda  
edda.is

## VEÐURSPÁ

um hádegi »


Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BJART MED KÖFLUM Í DAG**


Þó verða stöku él allra austast á landinu og þungbúnara. Annars má búast við að þetta sé síðasti úrkomulausi (eða úrkomulíti) dagurinn því strax á morgun er von á úrkomusvæði sem gengur yfir landið og því ýmist rigning, slydda eða snjökoma, allt háð tíma, hita og staðsetningu.

**HÖFUDBORGIN Í DAG**

Hæg breytileg átt. Bjart með köflum. Hiti 0-3 stig.




» á morgun



Hæg breytileg átt.

» þriðjudagur



Yfirleitt hæg austlæg eða breytileg átt.

Kaupmannahöfn	4°C léttskýjað	París	6°C léttskýjað	Alicante	15°C heiðskirt
Oslo	1°C alskýjað	Berlín	3°C skýjað	Milano	7°C heiðskirt
Stokkhólmur	2°C léttskýjað	Frankfurt	3°C alskýjað	New York	12°C léttskýjað
Helsinki	2°C skýjað	Madrid	9°C heiðskirt	San Francisco	16°C léttskýjað
London	7°C léttskýjað	Barcelona	12°C heiðskirt	Orlando/Florida	27°C léttskýjað

\* Svæði þar sem búast má við talverðri vætu eru skygð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sjna hæstu hitagildi.



# Sunnudags- sprengja

Tilboðin gilda  
aðeins í dag!

**50%**

afsláttur við  
kassa

af Bayonne skinku

**TILBOÐ**

**749** kr/kg

Merkt verð 1.498,-

**40%**

afsláttur við  
kassa

af Macintosh 3 kg.

**TILBOÐ**

**2.627** kr/stk

Merkt verð 4.379,-

**40%**  
afsláttur

af öllu jólskrauti

**30%**  
afsláttur

af öllum Redbox leikföngum

**20%**  
afsláttur

af öllum jólaseríum

Gildir aðeins 27. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





**KJÖRKASSINN**

Á að leggja Bygðastofnun niður?

JÁ	52,9
NEI	47,1

Á AÐ LEYFA HUNDA Á LAUGAVEGIN-UM?

SEÐU ÞÍNA SKOÐUN Á VISIR.IS

Söfnun refsipunkta í ökuferilskrá:

## Ungir karlar löghlýðnari

**UMFERÐARMÁL** Ungum öikumönnum á aldrinum 17-18 ára, sem eiga aðild að slysum, hefur fækkað mjög mikið á síðustu sex árum, um tæp 27 prósent. Ungar konur eiga hins vegar jafn oft aðild að slysum og áður.

Ungum öikumönnum í slysum hefur fækkað um tólf prósent á tímabilinu 1999-2004 á meðan heildarfjöldi öikumanna sem eiga aðild að slysum hefur aukist um rúm átta prósent.

Sambærilegar breytingar hafa orðið á söfnun refsipunkta í ökuferilskrá. Löghlýðni ungra karla hefur aukist frá árinu 2000 en langflestir þeirra sem fá refsipunkta eru á aldrinum 17-25 ára.

Ekki er verulegur munur milli kynja hvað varðar tíðni að teknu tilliti til þátttöku karla og kvenna í umferðinni. Einnig er óverulegur munur á alvarleika slysa milli kynja. Eldri öikumenn eru þó í áhættuhópi í umferðinni, sérstaklega konur sextíu ára og eldri. Þær greinast fyrir í áhættuhópi en karlar.

- ghs

**KONURNAR JAFN OFT Í SLYSUM OG ÁÐUR**  
Ungir karlar, sérstaklega á aldrinum 17-18 ára, eiga sjaldnar aðild að slysum en áður en ungar konur eiga jafn oft aðild að þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



Forval VG í Kópavogi:

## Ólafur Þór í efsta sæti

**STJÓRN MÁL** Ólafur Þór Gunnarsson varð efstur í forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Kópavogi sem var haldið í gær.

Kosið var um fjögur efstu sætin og hafði verið ákveðið að listi flokksins skyldi verða fléttulisti. Aðeins fullgildir flokksmenn í VGK höfðu kosningarétt í forvalinu. Vinstri grænir hlutu 6,1 prósent atkvæða í síðustu bæjarstjórnarkosningum og eiga því engan fulltrúa.

Í öðru sæti í forvalinu lenti Guðbjörg Sveinsdóttir, Emil Hjörvar Petersen varð í því þriðja og Lára Jóna Þorsteinsdóttir endaði í fjórða sæti.

- fb

Vopnaður piltur:

## Handtekinn í Kringlunni

**LÖGREGLAN** Átján ára piltur var handtekinn í Kringlunni seinni-partinn föstudag þar sem hann fór um veifandi loftskammbýssu. Áður en hann var handtekinn hafið hann skotið stúlkú í fótinn með plastkúlu.

Pilturinn var yfirheyrður og honum gerð grein fyrir alvarleika málsins en lögreglan í Reykjavík segir að ekki sé tekið á því af neinni lindkind séu menn með einhvers konar skotvopn eða eftirlíkingar af slíku á almanna-færi.

Var piltinum sleppt að yfirheyrslum loknum. Í fyrstu var hann afar ósáttur með afskipti lögreglu en hafði áttað sig á alvarleika málsins þegar á leið að sögn lögreglu.

- jse

## LANDBÚNAÐUR

**Flutningur eftir áramót** Lands-samband kúabænda flytur í húsnæði Osta- og smjörölunnar við Bitruháls í Reykjavík um áramótin vegna þess að nýr framkvæmdastjóri, Baldur Benjamínsson, tekur þá við af Snorra Sigurðssyni.

## SVÍPJÓÐ

**Barnaklám hindrað** Tilraunir tugþúsunda barnaniðinga til að skoða barnaklám á netinu hafa verið stöðvaðar á hverjum degi upp á síðkastið. Átak hefur verið í Svíþjóð upp á síðkastið þess efnis að stöðva þessa starfsemi og hefur það skilað svo góðum árangri að Svíar eru farnir að breiða aðferðina út til annarra þjóða, þar á meðal Norðmanna og Finna.

**Sprengjugabb á flugi** Þrír menn voru handteknir á flugvellinum í Malaga á Spáni eftir að einn þeirra sagðist í flugi frá Stokkhólmi hafa sprengju meðferðis. Flugvélin var rýmd umsvifalaust við landingu en engin sprengja fannst. Talið er að um gabb hafi verið að ræða.



**SJÁVARSIKI** Á rauðleitu reitina beggja vegna síkisins koma nýbyggingar en líklega munu þær ekki þekja reitina að fullu. Hafist verður handa við gerð síkisins strax á næsta ári en kostnaður því tengdur verður um hálfur milljarður króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Sjávarsíki að danskri fyrirmynd

Miðbæ Akureyrar verður umbylt á næstu árum í því augnamiði að glæða hann lífi. Verkefnið í heild mun taka mörg ár en fyrstu sýnilegu framkvæmdirnar verða við sjávarsíki sem ekki á sér hliðstæðu á Íslandi.

**AKUREYRI** Á næsta ári hefjast framkvæmdir við uppbyggingu miðbæjarins á Akureyri. Stefnt er að því að innan fárra ára verði hann þungamiðja mannlífs og menningar í bænum. Umfangsmesta breytingin er fólgin í gerð sjávarsíkis að danskri fyrirmynd, eins konar Nýhöfn, sem liggja mun frá Torfunefi að Skipagötu.

Núverandi miðbær á Akureyri er byggður á landfyllingum en síkinu er ætlað að endurheimta þau nánú tengsl sem bærinn og Pollurinn höfðu fyrir tíma landfyllinga. Við framkvæmdina skapast nýtt rými í miðbænum sem liggur vel við sól, nýtur skjóls í norðanátt og

tengir og opnar sjónlínu milli miðbæjar og sjávar. Veitingastaðir og kaffihús verða beggja vegna síkisins, sem er ætlað að laða að bæði bæjarbúa og ferðamenn.

Samkvæmt tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun í alþjóðlegu hugmyndasamkeppninni um uppbyggingu miðbæjarins átti síkið að ná að Hafnarstræti, göngugötu, en ákveðið var að stytta það um einn þriðja. Með því sparast um 800 milljónir króna í fjármunum og mikill tími því ella hefði þurft að rífa húsnæði Símans og endurbyggja fjarskiptasamband bæjarins við umheiminn.

Kostnaður við gerð síkisins

og nauðsynlegar framkvæmdir tengdar því er áætlaður um hálfur milljarður króna. Á móti kemur að verðmæt byggingarsvæði verða til á bókum síkisins og gera bæjarryfirvöld ráð fyrir að opinber gjöld vegna bygginganna sem þar rísa muni dekkja allan kostnað við gerð síkisins.

Vegna framkvæmdanna við síkið þarf að breyta lögnum veitukerfa í miðbænum og brúa Glerárgötu fyrir akandi umferð. Þar með verður til gönguleið á bókum síkisins sem liggja mun undir Glerárgötu og að sjávarsíðunni þar sem menningarhús bæjarins mun rísa.

kk@frettabladid.is



**Vinnur þú milljón í dag?**

**HAPPA PRENNAN**

Sá á fund sem finnur!



**Nýi diskurinn með SPARK er kominn í verslanir!**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS  
Taktu flugið

Verslunarmannafélög Reykjavíkur og Hafnarfjarðar stefna að sameiningu:

## Í eina sæng eftir árs aðlögun

**SAMEINING** „Markmiðið er að félögin sameinist eftir eins árs trúlofunartímabil. Þetta er þó þannig að það er hægt að bakka út ef mönnum líkar ekki sambúðin, ef svo má að orði komast,“ segir Gunnar Páll Pálsson, formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur, um fyrirhugaða sameiningu VR og Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar.

Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar mun kynna samninginn fyrir félagsmönnum á mánudaginn og halda atkvæðagreiðslu um sameininguna.

Á aðlögunartímanum munu félagar í VH öðlast sömu réttindi og félagar í VR. Félögin verða rekin eins og eitt en þó verða allar eignir aðskildar þangað til

aðlögunartímanum lýkur. Þegar þar að kemur munu bæði félögin taka afstöðu til þess hvort af fullri sameiningu verður.

Gunnar Páll segir að viðræður um sameininguna hafi staðið um nokkurt skeið og séu núna að skila árangri.

Á nýafstöðnu þingi Landssambands íslenskra verslunarmannafélaga var samþykkt að kanna hvort vilji væri til aukins samstarfs og mögulegra sameininga verslunarmannafélaganna.


- saj

**GUNNAR PÁLL PÁLSSON, FORMAÐUR VR**  
Gunnar segir að endanleg sameining gangi í gegn í byrjun árs 2007 að því gefnu að bæði félögin séu sátt við framkvæmdina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







Porsche Cayenne

**Við hættem ekki að leika okkur af því við verðum gömul.**

**Við verðum gömul af því að við hættem að leika okkur.**

**Cayenne jeppinn frá Porsche.**

**Aldrei betra verð.**

**[www.benni.is](http://www.benni.is)**



**PORSCHE**

**Bilabúð  
Benna**

Bilabúð Benna - Vagnhófa 23  
Sími 590 2000 - [www.benni.is](http://www.benni.is)



# skoðun

**SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON**

Kirkju- og tónlistarlíf blómstrar fram að jólum.

## Aðventan

Fyrsta sunnudegi í aðventu fylgir jafnan mikill hátíðleiki því það er þá sem margir skynja í raun og veru nálægð jólaanna, þeirrar miklu hátíðar kristinna manna. Því verður ekki neitað að nú á dögum verða menn fyrr varir við nálægð jólaanna en á aðventunni því löngu áður erum við minnt á þau í verslunum og víðar. Finnst mörgum nóg um hve snemma er farið að minna á jólin en það er með þetta eins og svo margt annað að straukar að utan hafa þessi áhrif og því verður ekki breytt. Kirkjunnar menn verða að lifa með þessu og laga sig að breytingunum.

Á aðventunni er gjarnan blómlegt kirkju- og tónlistarlíf. Hún er eins konar uppskeruhátíð kirkjukóra og annarra sem halda uppi tónlistarlífi í kirkjum landsins. Þar kemur gjarnan fram tónlistarfólk sem er að feta sig áfram á listabrautinni og er það mikilvægur vettvangur fyrir marga. Það er yfirleitt sammerkt með aðventusamkomum og tónleikum í kirkjum landsins á þessum tíma að þar koma listamenn fram í sjálfboðavinnu og aðgangur er frjáls. Þetta er í anda kirkjunnar svo allir geti notið þess sem á borð er borið.

*Það er yfirleitt sammerkt með aðventusamkomum og tónleikum í kirkjum landsins á þessum tíma að þar koma listamenn fram í sjálfboðavinnu og aðgangur er frjáls. Þetta er í anda kirkjunnar svo allir geti notið þess sem á borð er borið.*

Á fyrsta sunnudegi í aðventu kveikja margir á fyrsta kertinu á adventukransinum. Þótt adventukransinn með sínum fjórum kertum sé orðinn fastur liður í jólahaldinu á fjölmörgum heimilum er hann síðari tíma síður, að ekki sé talað um sjö arma jólaljós í gluggum margra húsa. Tilkomu þeirra ljósa hér á landi má rekja til Gunnars Ásgeirssonar stórkaupmanns, sem flutti slík ljós inn frá Svíþjóð á sínum tíma. Kerti og ljósaskreytingar tilheyrja aðventu og jólum en í þeim efnum eins og svo mörgum öðrum hafa sumir farið ofari. Það er ákaflega vinalegt að sjá á þessum tíma ljósaskreytingar á almannafæri og í og við heimahús, ef þar er gætt hófsemi. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá í sveitum landsins ljósum skreytta og upplýsta sveitabæi í vetrarmyrkrinu, það styttr skammdegið hjá mörgum og lifgar upp á tilveruna.

Annað orð fyrir aðventu er jólafasta en samkvæmt gömlum síð áttu menn þá að halda í við sig í mat og drykk. Jólafasta er nú hins vegar orðin að öfugmæli, því margir munu sjaldan eða aldrei sporðrenna meiri mat og gera betur við sig í þeim efnum en á adventunni. Jólahlaðborð og jólamáltíðir af ýmsum toga eru núverandi fastur liður hjá mörgum á adventunni svo maður hefur stundum á tilfinningunni að jólamáltíðirnar sjálfar hverfi í skuggann af veisluhöldunum á jólaföstudni.

Það er full ástæða til að njóta adventunnar og gæta hófs í öllu.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Velvilji

Velvilja alþingismanna í garð okkar samborgaranna eru lítil takmörk sett. Í gær sögðum við frá hugmyndum um að setja lög eða reglur um það hve lengi fólk þyrfti að bíða eftir að síminn svaraði hjá helstu þjónustufyrirtækjum. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og félagar hennar í Samfylkingunni fylgja nú fast á eftir og flytja frumvarp á Alþingi um að bannað verði að auglýsa óholla matvöru. Þannig vilja þau sporna við offitu, sérstaklega meðal barna og unglinga. Heiðrún Lind Marteinsdóttir fjallaði um þessa hugmynd í pistli á NFS í vikunni, en hann má líka lesa á vefritinu Tíkinni. Hún er út af fyrir sig sátt við markmið flutningsmanna: „Þeim er það að sjálfsögðu til hróss að vilja veg Íslendinga, fallegasta og sterkasta fólks í heimi, sem mestan. Fallega og

sterka þjóðin má að sjálfsögðu ekki hafa afturendann lafandi niður fyrir pilsfaldinn og undirhökuna reyrað saman við bindishnúttinn.“

#### En bíðið við!

Heiðrún Lind finnur hins vegar ýmsa annmarka á tillögunni: „Aðgerðirnar yrðu kannski til þess að börn höguðu neyslu sinni á annan hátt en nú og þau færu að drekka mjólk í stað sykraðs svaladrykks. En bíðið við! Ætti kannski að banna auglýsingar á nýmjólk? Hún er jú miklu fitumeiri en undanrenna. Þá vitum við að sykurlausir gosdrykkir innihalda kolsýru, sem er slæm fyrir tanngrunginn. Á að banna slíkar auglýsingar? Og úr því komið er á þessar slóðir, þarf þá ekki að banna auglýsingar á jólahamborgarhyggnum vegna

þess hversu saltaður hann er? Lýsið - jú, lýsið verður að fara, enda getur óhófleg neysla d-vítamíns valdið skaða og þunguðum konum er ráðlagt að neyta ekki mikils d-vítamíns. Sultur eru heldur ekki hollar, út með þær. Vilkö vöfuleig - út. Ljúffengir ostar - út. Smjör - út. Kjötfars - út.“

#### Forræðishyggja?

Heiðrún Lind telur að tillagan sé af ætt forræðishyggju: „Það hlýtur að vera á ábyrgð foreldra en ekki stjórnmálanna að ákveða hvað skuli inn fyrir varir heimilismanna. Ég hef ekki heyrt dæmi þess að börn fái Burger King við matarborðið á meðan foreldrarir borði soðna ýsu vegna þess eins að börnin hafi verið ginnkeypt af sjónvarpsauglýsingu! Ef sú er hins vegar raunin held ég að uppeldið sé að bregðast, fremur en auglýsingin. Valdið er foreldranna!“

gm@frettabladid.is

## Þú ert það sem þú ofétur

### UMRÆÐAN OFÁT

RICHARD KLEIN

Þegar líða tekur að þakkargjörðardeginum fer ég að hugsa um fyllinguna sem er sett inn kalkúninn áður en hann er látinn inn í ofninn. Ég er reyndar ekki vanur að setja fyllingu í þá fugla sem ég steiki en þar sem ég þarf að undirbúa borðhald fyrir tuttugu manns og kalkún verður aðalrétturinn velti ég fyrir mér þeim möguleikum sem ég á í stöðunni.

Ég gæti búið til fyllingu með kastaníuhnetum en þá þyrfti ég að fleysja hneturnar og steikja þær og það er afar þreytandi aðgerð. Ég gæti búið til fyllingu með þurrkuðum ávöxtum og brauðmylsnu, en það er óspennandi að borða ávexti með kjóti. Mér finnst gott að nota brauð úr maismjöli í kalkúnafyllingu, en það kostar mikla fyrirhöfn að baka það og það er mikil áhætta að kaupa það. Mér finnst uppskriftin með kjúklingalífirinni og ricottaostinum vera sérlega ljúffeng en Helenu frænku minni finnst það ekki. Hvað á ég eiginlega að gera?

Val mitt á fyllingu inn í kalkúninn sem við fjölskyldan borðum á þakkargjörðardaginn hefur áhrif á skoðanir mínar á þessum hátíðisdegi. Líkt og um aðra hátíðisdaga snýst þakkargjörðardagurinn um að fara fram úr leyfilegu hámarki. Það er ætlast til þess að við drekkum okkur full á gamlárskvöld og á þúrmhátíðinni fyrr á árinu og jólin eiga að vera einhvers konar orgía gjafmildi. Þrátt fyrir þetta finnst mér ég aldrei fá eins mikið leyfi til þess að sleppa fram af mér beislinu í neyslunni eins og þegar ég sit fyrir framan vænan kalkún á þakkargjörðardaginn.

Fuglinn minnir mig á hversu margt jákvætt er hægt að finna við hið feitlagna, sem er eiginleiki sem ekki er í miklum hávegum hafður nú á dögum. En hver elskar ekki feitt læri kalkúnsins sem er glampandi og á litinn eins og brons? Og svo er það fyllingin sem er hin eina rétta vísbending um hversu mikið át er leyfilegt til hátíðabrigða þetta árið.

Með samþykki og samsetk allrar fjölskyldunnar leyfist fólk að borða meira á þakkargjörðardaginn en það getur í sig látið; það á að gleyma allri hófsemi, öllum hindrunum og þeirri slæmu samvisku sem fólk er iðulega með þegar það tekur til matar síns. Fyrirmælin eru þau að troða sig algerlega út og helst að hefja átið á feitri fyllingu sem er svo saðsöm að manni líður eins og maður sé við það að springa af seddu.

Þeir sem hafa áhyggjur af heilsu almennings í landinu munu birta aðvaranir sínar við ofáti áður en þakkargjörðardagurinn er liðinn.



Samkvæmt rannsókn sem birt var í síðasta mánuði verða nú af hverjum tíu karlmönnum of þungir á seinni hluta ævi sinnar og sjö af hverjum tíu konum. Að fá sér aftur á diskinn af fyllingunni hefur áhrif á það sem áhugamenn um heilbrigðismál kalla „offitufaraldinn í Bandaríkjunum.“ Þetta hugtak, „offitufaraldur“, er villandi því það lætur fólk halda að um sé að ræða smitsjúkdóm sem breiðist hratt út og kalli á róttækar aðgerðir.

Fyllingin á þakkargjörðardaginn mun ekki drepa þig en samkvæmt

*Jafnvel vísindalegar rannsóknir á offitu þurfa að lúta í lægra haldi fyrir þörf mannsins til leyfa sér algera sóun endrum og eins, að henda peningum í vitleysu eða neyta í óhófi. Það má ekki líta á slíka túra sem ógæfuspor heldur sem skemmtun sem er okkur nauðsynleg til að við höldum geðheilsunni.*

farsóttarfræðingunum getur hún stýtt líf þitt með því að auka líkurnar á því að þú deyrir ungar. Það er hins vegar ekki vitað um hversu langan tíma hún getur stýtt ævi þína. Nýlega endurskoðuðu samtök sem sérhæfa sig í að fylgjast með tíðni sjúkdóma tölur sínar vegna dauðsfalla sem rekja má til offitu, úr 40 þúsund og niður í 25.814. Ef þú velur þér að taka áhættuna á því að verða of feitur vegna ofáts skaltu líka taka kosti þess með í reikninginn.

Það hlýtur að vera ástæða fyrir því að öll samfélög gefa grænt ljós á ofneyslu almennings á ákveðnum tímabilum á ári hverju. Kannski eiga einstaka orgiur, þar sem við leyfum okkur of mikið, að gera það að verkum að við höldum aftur af okkur bróðurpart ársins - líkt og maður lærir að kunna sér hof í áfengisneyslu með því að detta að minnsta kosti einu sinni ærlega í það. Kannski ættum við ekki að líta

á gnægtaborðið á þakkargjörðardaginn sem hindrun sem við verðum að ryðja úr vegi heldur sem tækifæri til að rannsaka okkur sjálf með því að neyta meiri matar en við vitum að við eigum að gera.

Það er vel hægt að færa rök fyrir því að það sé siðferðileg og borgaraleg skylda sérhvers manns að borða fyllingu á þakkargjörðardaginn. Jafnvel vísindalegar rannsóknir á offitu þurfa að lúta í lægra haldi fyrir þörf mannsins til leyfa sér algera sóun endrum og eins, að henda peningum í vitleysu eða neyta í óhófi. Það má ekki líta á slíka túra sem ógæfuspor heldur sem skemmtun sem er okkur nauðsynleg til að við höldum geðheilsunni.

Venjulega stjórnum við lífi okkar eftir hugsuninni um gróða og tap: Við vegum og metum mögulegan hag okkar af einhverri aðgerð og berum hann saman við þann skaða sem mögulega hlýst af aðgerðinni. En það er hægt að beita annars konar hugsun í dæminu: hugsuninni um hreina sóun en í stað hennar ætlumst við ekki til að fá neitt tilbaka. Þessi hugsun hvetur okkur til að neyta meira en við höfum efni á að gera, að fara fram úr því sem er nægilegt fyrir okkur, að sleppa fram af okkur beislinu, gefa eftir, taka stærri bita en við getum tuggið. Að fara fram úr sjálfinu til þess að endurheimta sjálfið, getur gert okkur meðvitaðari um getu okkur til að eiga ánægjulega stund.

Auðvitað hættum við alltaf á það að taka af stóran skammt. Fyllingin í kalkúninum á þakkargjörðardaginn er eins konar fikniefni. Það er líklega þess vegna sem þeir sem bera umhyggju fyrir okkur og heilsu okkar líta besta fridag ársins svo grunsamlegum augum. En mundu það að fjölskyldan er samsek í þessari orgíu. Fjölskyldan hefur komið saman til að leyfa þér að gera það sem þú myndir aldrei gera einn þíns liðs: Borða risastóra máltíð, en enda samt sem áður einhvern veginn á sófanum fyrir framan sjónvarpið, en ekki á gólfinu.

Höfundur er próffessor í frönsku við Cornell-háskóla. Hann er höfundur bókanna „Eat Fat“. Greinin birtist áður í New York Times.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFVANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isofaldarprentsmíðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörkum án endurgjalds. ÍSSN 1670-3871**

**LYFJA**  
- Lífið heil

www.lyfja.is

## Líttu eftir húðinni!



#### FEDTCREME®

- Á þurra og sprungna húð
- Inniheldur ekki ilm- eða litarefni

#### REPAIR®

- Á mjög þurra og illa farna húð
- Inniheldur ekki rotvarnar-, ilm- eða litarefni

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Krínglunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Faskrudstöð - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Biogamesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þorshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvamnstanga - Skagastönd - Selfossi - Laugarási



## Betri notaðir Corolla í toppformi.



LEIÐSALA AUGLEIÐINGASTOFNANNA.SIS - 091 10133 - 11/2015

### Corolla Sedan á kostakjörum.

Betri notaðir Corolla Sedan eru bestu kaupin í nóvember og eru langt frá því að vera útkeyrðir. Sem fyrrverandi bílaleigubílar hafa þeir verið mikið dekraðir og undir stöðugu eftirliti. Ef þú vilt úthaldsmikinn bíl á hagstæðu verði fyrir veturinn þá er Corolla Sedan bíllinn fyrir þig.

**Verð frá 1.250.000 kr.**  
**Mánaðarleg greiðsla frá 18.486 kr.\***



\* m.v. 10% útborgun og 75 mánaða bílasamning hjá Glitni. Gildir aðeins út nóvember.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.

Toyota  
Nýbýlavegi 4  
KÓPAVOGUR  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
AKUREYRI  
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn  
Njarðarbraut 19  
REYKJANESBÆR  
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn  
Fossnesi 14  
SELFOSS  
Sími: 480-8000



## UMMÆLI VIKUNNAR

„Og þessi maður og forveri hans og félagar eru sérstaklega kjörnir til þess að gæta hagsmuna almennings á Íslandi gegn svikum, gegn svindlurum og gegn þakki sem fer þannig með peninga fólksins...“

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, um fjármálaráðherra á Alþingi síðastliðinn föstudag.

„Ég vona sem sagt að gengið láti undan og kaupmátturinn rýrni og þar með að tekjur ríkissjóðs minnki.“

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag.

# stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á vísir.is

## Úr bakherberginu...

**Menntamálaráðherra landbúnaðarins**  
Guðni Ágústsson er um þessar mundir kallaður menntamálaráðherra landbúnaðarins þar sem hann þykir hafa staðið sig vel í að útvega rekstrarfé til Hólaskóla, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Landbúnaðarstofnunar. Hækkun framlaga til þessara stofnana í meðförum fjárlaganefndar er ekki langt undir fimmtíu milljónum króna. Sem alþjóð veit er Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra stödd í Senegal við að sinna alþjóðlegum menningarsamskiptum og kemur ekki til þings fyrr en 5. desember. Menntastofnanir, sem undir Þorgerði Katrínu heyrar, eru í miklum fjárhagskröggum og nægir að nefna Háskóla Íslands í því sambandi. Í ljósi þessa ber að skoða þau ummæli Guðna Ágústssonar, sem sagði á göngum Alþingis fyrir helgina að hann færi létt með að vera menntamálaráðherra allrar þjóðarinnar en ekki bara landbúnaðarins.

### Fjórða valdið tekur völdin

Þingmenn veltu fyrir sér áhrifavaldi fjölmiðla á göngum Alþingis fyrir helgi. Fjármálafrýrtæki hefði tekið sér fyrir hendur að styrkja tónleikahald til stuðnings barna- og unglíngageðdeild Landspítalans, BUGL. Sem er gott, sögðu menn. En síðan semdu launaðir almannatenglar við fjölmiðla þessa lands - Kastljós var nefnt - og upp hæfist mikill og sefjandi áróður. Fjölmiðlar tækju þannig upp þennan málstað eða hinn og hömuðust þar til kjörnir þingmenn fengu sektarkennd yfir slakri frammistöðu sinni, bognuðu undan umfjölluninni og drægju fram ríkissjóðs-pyngjuna. Þetta hafa þingmenn til marks um áhrifavald fjölmiðlanna og segja þá vinna sem þrýstihóp í hinu eða þessu málinu. En er svo ekki líka til í dæminu að þingmenn hafi staðið sig illa?



## VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUSSON

### Heiðarleiki og hagsmunir



Mennirnir leitast við að vera heiðarlegir og trúverðugir en tekst það ekki alltaf. Hagsmunir af ýmsum toga blandast stundum með óvæntum og óvægnum hætti. Upp kemur hagsmunaárekstur og siðklemma.

Þegar spurt er segjast menn vera heiðarlegir, gegnheilir og sannir og fylgja grundvallarreglum. Sannleikurinn er sá að orðin lýsa viðleitni en veruleikinn er oft flóknari.

Hvernig skyldu hagsmunir og tengsl varna þjóðkjörnum mönnum að framfylgja auðsæjum og sanngjörnum kröfum almennings um bætur fyrir olíusamráð?

Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, er áreiðanlega væn kona og mörgum kostum búin. Hún er líka eiginkona Kristins Björnssonar, sem var forstjóri Skeljungs þegar fyrirtækið varð uppvíst að samsæri gegn almenningi. Í rannsóknunum samkeppnisfyrivalda og lögregluvyrivalda er það kallað ólöglegt verðsamráð.

Það hlýtur að hafa verið óþægilegt fyrir Sólveigu að sitja undir orrahrið stjórnarandstöðunnar í upphafi þingfundar síðastliðinn föstudag. Þá brast á með háværum kröfum um að fjármálaráðherra tefði ekki lengur að höfða skaðabótamál gegn Skeljungi og öllum hinum sem ábyrgð báru á samráðinu. Hundraða milljóna króna kröfur.

Undir stjórn Sólveigar þingforseta var aðeins fimm fyrirspurnum svarað síðastliðinn mánudag og var öllum beint að ráðherrum Framsóknarflokksins. Samt sátu þrír ráðherrar Sjálfstæðisflokksins í þingsal. Margar fyrirspurnir komust ekki á dagskrá. Meðal annars fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar til fjármálaráðherra um olíusamráðið.

Ræður ekki forseti þingsins umferðinni í ræðustól? Af hverju getur virðuleg löggjafarsamkoma þjóðkjörinna fulltrúa ekki í það minnsta gert grein fyrir og brugðist við hagsmunaárekstrum sem þessum og veitt öðrum gott forðæmi?

Mörður Árnason þingmaður kemur í pontu og kallar þá þakki sem bera ábyrgð á olíuverðsamráðinu. Í bakgrunninum er Sólveig Pétursdóttir þingforseti. Á hún að gripa hamarinn og biðja þingmanninn að gæta orða sinna? Tefur fjármálaráðherrann framgang málsins af tillitsemi við Sólveigu?

Þetta er hálf óþægilegt. Líka fyrir þá sem standa á lengdar og fylgjast með.



## Slagur um velferð

Stjórnarandstæðingar telja stjórnarflokkana vísvitandi stuðla að aukinni misskiptingu í landinu í miðri góðærístíð, meðal annars með skattkerfisbreytingum. Stjórnarliðar segja þetta ósannindi og benda á góðan hag ríkissjóðs.

Frumvarpi til fjárlaga næsta árs var í fyrradag vísað til þriðju umræðu á Alþingi.

Tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar meiri en nokkru sinni. Tekjur vegna neyslu verða gríðarlegar og í raun svo miklar að Einari Oddi Kristjánssyni, varaformanni fjárlaganefndar, ofbýður og óskar þess innilega að úr tekjum ríkissjóðs dragi og kaupmáttur rýrni

í kjölfar lækkanði gengis. Þanþol atvinnuveganna er búið og við erum allt of dugleg við að hækka kaupnið, segir Einar Oddur.

Í daglögum umræðum um fjárlagafrumvarpið síðastliðinn fimmtudag var togast á um útgjöld til velferðarmála. Rétt eins og tekist væri á um framtíð velferðarkerfisins.

„Einkenni þessa fjárlagafrumvarps er annars vegar skortur á aðhaldi og hins vegar skattalækkunarir til okkar hátekjufólksins í samfélaginu,“ sagði Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, þegar hann í upphafi atkvæðagreiðslu um fjárlagafrumvarpið gerði grein fyrir afstöðu sinni. „Það er nú svo komið að hæstvirtur forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson hefur á einum áratug ásamt félögum sínum í Sjálfstæðisflokknum aukið skattbyrði hinna lægst launuðu í landinu um heil mánaðarlaun á ári en létt sköttum af okkur hátekjufólkinu í landinu um heil mánaðarlaun á ári,“ sagði Helgi enn fremur.

Tónninn um vaxandi misskiptingu í þjóðfélaginu er sem stef í málflutningi stjórnarandstöðunnar.

### Að mæla misskiptingu tekna

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, sagði í umræðum um frumvarpið síðastliðinn fimmtudag að Norðurlöndin kæmu vel út úr öllum lífsgæðakönnunum. Hann minntist á svonefndan GINI-stuðul sem mælir tekju-skiptingu í þjóðfélaginu. Því nær sem hann fer núllinu, því meiri er jöfnuðurrinn milli tekjuhópa. Því nær sem stuðulinn nálgast 1,0, því meiri er ójöfnuðurinn.

Jón sagði að misskipting eða ójöfnuður hefði aukist gríðarlega síðustu ár. Danmörk væri enn það land innan OECD þar sem jöfnuður væri mestur. Í humátt á eftir kæmu Svíþjóð, Noregur og Finnland en öll eru þessi lönd um eða undir 0,25 á GINI-kvarðanum.

„Frá árinu 1995 hefur GINI-stuðulinn fyrir Ísland hækkað úr 0,21 í 0,31. Núverandi ríkis-

## NÆSTA VÍKA

### Mánudagur

Þingfundur - frumvarp um starfsmannaleigur og fleira

### Þriðjudagur

Þingfundur - Stjórnarfrumvörp frá dóms- fjármála- og sjávarauðvegsráðherra

### Miðvikudagur

Alþingi - nefndarfundir


### Fimmtudagur

Fullveldisdagur

### Föstudagur

Alþingi - nefndarfundir

## STÓRKOSTLEG ÆVINTÝRAFERÐ ÚR IÐRUM JARÐAR TIL SNÆVI ÞAKINNA TINDA



Jörðin í öllum mikilfengleik sínum og fegurð – farið er um fáfarnar stigur, frá neðansjávargljúfrum til gróskumikilla regnskóga, um freraveröld heimskautanna og alla leið út í geiminn.

„Ótrúleg fróðleiksnáma.“

Illugi Jökulsson / Talstöðin

kr. 9.980

EINSTAKT TILBOÐSVERÐ  
TIL ÁRAMÓTA  
Verð frá 1. jan. 2006: kr. 12.980

★★★★★

Veisla fyrir augað.  
Stórkostleg bók!

Amazon.com



www.jpv.is



2.000 STÓRKOSTLEGAR MYNDIR Á 520 BLAÐSÍÐUM Í STÓRU BROTI

johannh@frettabladid.is



# Vodafone live!



Hringtónar



Fréttir og Íþróttir



Leikir



Skemmtun

ÍSLENSKA AUGLÝSINGAÉTAFÉLAGIÐ OG V 0004 11/2005



## ÞÚ ÁTT LEIK

SPILAÐU ÞINN UPPÁHALDSLEIK

Í VODAFONE LIVE SÍMANUM ÞÍNUM.

Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga. Smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is), farðu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.



Heyrumst!



# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Ýmiss konar lærdóm má draga af atburðum vikunnar. Bankarnir þurfa að standa vel að allri upplýsingagjöf og bregðast við orðrómi með skýrum hætti. Það er líka ljóst að þegar einn íslenskur banki lendir í vandræðum finna hinir fyrir því líka. Þannig versnuðu kjör þeirra allra á einu bretti á erlendum mörkuðum.



**MIKILVÆGT GAGNSÆI** Það er mikilvægt að vel sjáist bæði inn og út á fjármálamarkaði. Það er auðveldara að kveikja orðrómi en að kveða hann niður. Áhyggjur af stoðum bankanna og fjármálakerfisins eru ástæðulausar.

## Skýrsla skrifuð í lest veldur látum

Hroðvirknislega unnin skýrsla Royal Bank of Scotland olli talsverðu fjaðrafoki sem varð að nokkrum hænum. Íslenskir bankar eru vel metnir af fagaðilum en hafa lítillaga fengið að kenna á því að þegar neikvæður og rangur orðrómur fer á stjá þarf að kveða hann niður með sannfærandi hætti.

Taktfastur slátturinn í lestinni er svæfandi og tíminn líður hratt þegar maður er önnur kafinn. Tom Jenkins situr í lestinni og hamast við að klára síðustu kaflana í stuttri greiningu sem á að senda viðskiptavinum bankans. Veröldin þýtur hjá utan lestar-gluggans og tíminn líka. Hann verður að ná að klára þetta.

Bankinn sem hann er að skoða er íslenskur, reyndar þokkalega stór. Útkjálkabanki sem hefur vaxið nokkuð hratt, kannski ekki ósvipað bankanum sem hann vinnur hjá, Royal Bank of Scotland. Lestin nálgast stöðina og hann lýkur við skýrsluna. Hefði kannski þurft að tékka nokkur atriði, en ákveður að setja punktinn aftan við og skýrslan er til. Hann finnur til feginleika um leið og hann bítur í neðri vörina og það er eins og hann verði skömmustulegur um stund. Síðan tekur straumur mannfjöldans hann með sér á næsta áfangastað.

### Af litlum neista

Kveikja greiningarinnar er af tvennum toga. Annars vegar hafði álag á skuldabréf íslensku bankanna verið að hækka á eftirmarkaði og menn vildu finna á því skýringar. Hins vegar var þrálátur orðrómur um að KB banki hygðist kaupa veitingakeðjunna Compass á einn milljarð punda, eða á annað hundrað milljarða íslenskra króna. Það er mikið fé fyrir ekki stærri banka og veruleg áhætta með því bundin í einu fyrirtæki. Forsvarsmenn bankans höfðu reyndar verið spurðir út í þennan orðrómi. Þeir gáfu lítið út á það, en náðu ekki að eyða honum að fullu.

Þeir sem þekkja til KB banka gátu sagt sér það sjálfir að bankinn stæði ekki í slíkum kaupum einn ef einhver fótur væri þá fyrir þessum orðrómi.

Bankinn hefur reyndar náð góðum árangri í að fjármagna fyrirtækjakaup. Aðferðafræðin hefur reyndar alltaf verið sú sama. Sterkir stjórnendur sem brenna fyrir verkefni og skýr framtíðarsýn. Standist verkefnið kröfur bankans fjármagnar hann kaupin og kaupir sjálfur hlut í fyrirtækinu, sem síðan er seldur í áföngum. Baugur, Bakkavör, Össur og Pharmaco sem nú heitir

Actavis eru dæmi um slík verkefni sem hafa skilað sér í öflugum fyrirtækjum og góðum hagnaði fyrir bankann.

### Matsfyrirtækin gefa góða einkunn

Tom Jenkins átti reyndar ekki von á því að þessi skýrsla myndi vekja mikla athygli, en það gerði hún og Royal Bank of Scotland sendi frá sér nýja skýrslu tólf tímum eftir að forsvarsmenn KB banka gerðu alvarlegar athugasemdir við þá fyrri.

Það varð talsvert havari þegar því var slegið upp að álag á skuldabréf íslensku bankanna væri að hækka á eftirmarkaði. Bankarnir hafa sótt sér töluvert fé á markað með útgáfu skuldabréfa í Evrópu.

Athyglin beindist að KB banka og skýrsla full af rangfærslum varð tilefni mikils uppsláttar og umfjöllunar. Rétt áður en fréttirnar birtust hafði alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch gefið KB banka einkunnina A og metur horfur fyrir bankann góðar með þeim fyrirheitum að enn sé von á betri einkunn gangi samþætting við breska bankann Singer og Friedlander vel.

Miðað við þungann í umfjöllun hér heima vegna greiningar Royal Bank of Scotland og greiningar Dresdner Kleinwort Wasserstein mátti draga þá ályktun að bráður vandi væri á höndum í bankakerfinu og að loksins væri að koma í ljós að hin mikla útpensla bankakerfisins væri á sandi byggð. Þessi mynd var dregin upp þrátt fyrir að alþjóðleg matsfyrirtæki sem leggja mikla vinnu í skoðun á fjármálafyrirtækjum hefðu ekki gert neinar athugasemdir. Einnig liggur fyrir að Seðlabankinn fylgdist grannt með fjármögnun bankanna og lætur vita ef hætta er á að ójafnvægi skapist. Þannig fengu bankarnir á sínum tíma opið bréf frá Seðlabankanum vegna þess að skuldabréf bankanna á erlendum mörkuðum væru til of skamms tíma. Bankarnir brugðust við þeirri gagnrýni með því að lengja í skuldabréfum á erlendum mörkuðum. Áhyggjur Seðlabankans lutu að því að ef að ástæður á mörkuðum versnuðu skyndilega gæti

slíkt leitt til fjármálakreppu ef ekki væri borð fyrir báru.

### Innlán á undanhandli

Bankar fjármagna sig með tvennum hætti. Annars vegar eru það innlán viðskiptavina sem bankinn lánar út með vaxtamun. Hitt er að gefa út skuldabréf og lána svo og fjárfesta fyrir það fé sem þannig aflast. Forsendan er sú sama og með innlánunum; að hærri vextir fáið fyrir féð í útlánun og fjárfestingum.

Bankar hafa mismunandi stefnu hvað varðar hlutfall innlána og skuldabréfa í fjármögnun sinni. Allt eftir eðli starfsemi þeirra. Samanburður á milli þeirra getur því verið villandi. KB banki keypti danska bankann FIH í fyrra. Sá banki er virtur fjárfestingarbanki sem nýtur góðs orðspors. Ekki ein dönsk króna er í bankanum í formi innlána. Bankinn fjármagnar öll verkefni sín með útgáfu skuldabréfa á markaði. Svipað gildir um BN bank í Noregi sem Íslandsbanki keypti.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, segir reyndar þróunina þá að bankar fjármagni sig í síauknum mæli með skuldabréfaútgáfu. Innlán séu nánast hvergi að vaxa. Ástæðan er einföld. Gamla bankabókin er ekki lengur höfuðsparnaðarformið í heiminum. Sparnaður fólks er í gegnum lífeyrissjóði, verðbréfasjóði og tryggingafélög sem auk þess fjárfesta fyrir tryggingasjóði sína. Evrópskir bankar eru íhaldssamari í þessum efnun en til að mynda bandarískir. Þar kann að liggja hluti skýringa þeirra efasemda sem kveiktu greiningar þessara tveggja banka.

Ýmiss konar lærdóm má draga af atburðum vikunnar. Bankarnir þurfa að standa vel að allri upplýsingagjöf og bregðast við orðrómi með skýrum hætti. Það er líka ljóst að þegar einn íslenskur banki lendir í vandræðum finna hinir fyrir því líka. Þannig versnuðu kjör þeirra allra á einu bretti á erlendum mörkuðum.

Þar sem líklegast er að þetta tiltekna ástand sé skammvinnnt og fjárþörf þeirra ekki brýn er ólíklegt að það verði þeim til tjóns í þetta sinnið. hafliði@frettabladid.is



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

## Sjóðfélagafundur

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna boðar hér með til sjóðfélagafundar, sem haldinn verður **miðvikudaginn 28. desember nk. kl. 17** á Grand Hótel, Sigtúni 38, Reykjavík.

### Dagskrá fundarins:

Gerð grein fyrir tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á fundinum. Tillögur stjórnar liggja frammi á skrifstofu sjóðsins.

Reykjavík 27. nóvember 2005

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Sími: 580 4000 • Netfang: skrifstofa@live.is





DAVÍÐ ODDSSON, BANKASTJÓRI SEÐLABANKANS Bregðast þarf við neikvæðri umfjöllun erlendis með öflugri kynningu.

## Traustið skiptir okkur miklu máli

Seðlabankastjóri segir mikilvægt að varðveita traustið alveg eins og gullið í bönkunum.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir að þegar nýr banki ryðji sér til rúms á nýjum mörkuðum snerti hann samkeppnisaðila. „Bankinn stígur á tær og hann þarf að átta sig á því að það eru ekki allir bræður í þeim leik. Því þarf upplýsingagjöf að vera mjög ákveðin, en auðvitað sanngjörn, eðlileg og sönn um leið. Traust á þessum markaði er það sem öllu máli skiptir. Það á sérstaklega við um lítið land eins og okkar, sem byggir ekki á langri hefð að bankar séu með umsvif á erlendum skuldabréfamörkuðum.“ Davíð segir að Seðlabankinn hafi tekið eftir að álag á bréfum bankanna hefði hækkað á erlendum mörkuðum. Í kjölfar umfjöllunar Royal Bank of Scotland hafi verið óskað upplýsinga frá íslensku bönkunum. Mikilvægt sé að vera vakandi fyrir allri gagnrýni þó hún sé ekki alltaf sett fram af sanngirni.

Tiltölulega lítill en áhrifamikill hópur fylgist með þessum umræðum. Það sé þekkt á þessum markaði að það myndast ákveðið hjarðeðli, eins og talað er um, sem geti reynst hættulegt. Því þurfi að kynna stöðu og styrk KB banka og annarra íslenskra banka til að koma réttum upplýsingum á framfæri. Mat alþjóðlegra stofnana, sem sérhæfa sig í að meta rekstur banka, sem og eftirlitskerfi íslenskra stjórnvalda, bendi til að íslensku bankarnir fari með gát. „Við teljum að bankarnir séu færir um að fjármagna sig áfram og séu ekki í neinni nauðvörn með það. Þeir ráði yfir nægjanlega öfluglu skammtímafé til að standa af sér einhverjar sveiflur og tal. Það á allt að vera í góðu lagi. Við og Fjármálaeftirlitið höldum auðvitað áfram að fylgjast með mjög nákvæmlega og leggjum áherslu á að vera í góðu sambandi við bankastofnanir hér því það er þýðingarmikið fyrir landið í heild að enginn hnökri komi á. Við þurfum að hafa gott mat á okkar fjárhagslegu stöðu, ekki bara ríkið heldur líka mikilvægar stofnanir. Menn þurfa að varðveita traustið, alveg eins og gullið,“ segir Davíð. - bg



# Hvernig vissu þeir að ég var ekki heima?

**Við sumum spurningum fást bara engin svör.**

Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.

En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Það er vonlaust að ætla sér að skilja hugsunarháttinn hjá innbrotspjófum að störfum. Það eina sem þú getur reitt þig á, ef þú verður fyrir barðinu á þeim, er að rétt trygging bætir fjárhagsskaðann.

Fjölskyldutrygging TM er jafnt fyrir fjölskyldur og einstaklinga og veitir mjög víðtæka vernd. Hún bætir m.a. tjón af völdum bruna, vatns og innbrots og það tekur enga stund að ganga frá henni.

### Dæmi um hvað Innbústrygging TM bætir:

- // Ef brotist er inn í læsta íbúð þína og hlutum stolið, færðu tjónið bætt, svo framarlega sem ummerki um innbrot séu greinileg.
- // Tjón vegna bruna, eldsvoða, eldingar, sprengingar, skyndilegs sótfalls og skyndilegs sótfalls frá kynditækjum færðu bætt.
- // Tjón vegna skemmda sem verða af völdum vatns eða annars vökva sem skyndilega streymir úr leiðslum hússins og tækjum tengdum þeim svo og vatnsrúnum og fiskabúrum færðu bætt.

### Dæmi um hvað Innbústrygging TM bætir ekki:

- // Innbústryggingin bætir ekki tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða snjóbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolpleiðslum.
- // Bætur ekki skaða sem verður af völdum glóðar vegna tóbaksreykinga eða frá eldstæði.
- // Bætur ekki tjón sem verður vegna þjófnaðar á eða úr tjöldum eða tjaldvögnum.

## Tímabundið skot

Greiningardeild Íslandsbanka spáir því að verðbólga á þessu ári verði 3,8 prósent. Verðbólgan muni hjaðna nokkuð á allra næstu mánuðum en hækka svo hressilega þegar líður á næsta ár, 2006. „Reiknum við með um 6,4 prósent verðbólgu yfir næsta ár og 8,2 prósent verðbólgu yfir þarna næsta ár. Um er að ræða tímabundið verðbólgu skot sem fylgir hápunkt og lokum þeirrar uppsveiflu sem við göngum nú í gegnum,“ segir í riti greiningardeildar um verðbólguhorfur.

Segir að þensla og ójafnvægi einkenni hagkerfið. Það sjáist á miklum hagvexti, hverfandi atvinnuleysi, methallaiutanríkisviðskiptum og verðbólgu sem sé ofan þolmarka Seðlabankans. Gengi krónunnar mun svo líklega lækka síðari hluta næsta árs. Ástæðan fyrir lækkandi verðbólgu nú er kólnun á fasteignamarkaði, lækkandi eldsneytisverð í heiminum, sterkt gengi krónunnar og svo útsölur sem hefjast eftir áramótin.

TESCO VEX HÆGAR Uppgjör Tesco þykir gott miðað við erfiðar aðstæður á breskum smásölumarkaði.



## Tesco vex hægar

Vöxtur verslanakeðjunnar Tesco hefur ekki verið minni í tvö ár en aðstæður á breskum smásölumarkaður eru erfiðar um þessar mundir. Með miklum vexti á erlendum mörkuðum jókst þó velta félagsins um tæp fjórtán prósent á þriðja ársfjórðungi miðað við sama tíma í fyrra. Uppgjörið þykir gott miðað við aðstæður. Á heimamarkaði

hefur söluaukning einkum orðið í varningi sem er ótengdur matvælum, eins og í snyrtivörum og raftækjum. Tesco hefur tvöfalt meiri markaðshlutdeild en næsta verslanakeðja og helmingur þess vaxtar sem hefur orðið á breskum matvörumarkaði á undanfönum fimm árum hefur fallið fyrirtækinu í skaut.

- eþa

## Fjölskyldutrygging TM

TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma 515 2000 eða farðu á [www.tryggingamidstodin.is](http://www.tryggingamidstodin.is) og fáðu skýr svör.





Verður  
**jólabíllinn**  
þinn í ár?



### Jólaleikur Kringlunnar

Þú getur unnið ársafnot af Mitsubishi Colt! 

Auk þess friar tryggingar og bensín.  
Festu kassakvittun úr Kringlunni við þáttökuseðil,  
skrifaðu nafn og símanúmer og settu í lukkupottinn á 1. hæð.



SKEMMTUN Á JÓLASVIÐI COCA COLA



**NYLON OG HEIÐA**  
SKEMMTA Á JÓLASVIÐI COCA COLA





# Kveikjum á jólatrénu í dag

## Fjölskylduhátíð í Kringlunni kl. 15

Frú Dorrit Moussaieff kveikir ljósin á trénu

Skólakór Kársness syngur jólalög

Nylon og Heiða skemmta

Jólasveinar koma í heimsókn

Pakkajól Kringlunnar og Bylgjunnar hefjast

**Opið í dag frá kl. 13–17**

**Kringlan**  
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

**Veitingastaðir og Kringlubíó**

hafa opið lengur á kvöldin

[www.kringlan.is](http://www.kringlan.is) / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200



EUGENE O'NEILL (1888-1953)  
LÉST PENNAN DAG.

„Einmanaleiki mannsins er  
aðeins hræðsla hans við lífið.“

EUGENE O'NEILL VAR  
LEIKRITASKÁLD SEM HLAUT  
BÓKMENNTAVERÐLAUN  
NÓBELS ÁRIÐ 1936.



# tímamót

tíamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST > 27. NÓVEMBER 1940

### Bardagahetja kemur í heiminn

Á þessum degi árið 1940 fæddist bardagahetjan Bruce Lee í San Francisco. Hann ólst upp í Hong Kong en sneri aftur til Bandaríkjanna þegar hann var átján ára gamall. Þá bjó hann í Seattle í rúm fjögur ár og nam heimspeki við Washington-háskóla en á sama tíma opnaði hann sinn fyrsta Kung fu-sal. Þar kenndi hann áhugasömum Bandaríkjamönnum hina austurlensku bardagaíþrótt.

Lee varð fyrst þekktur í Bandaríkjunum sem Kato í sjónvarpsþáttunum The Green Hornet á sjöunda áratugnum. Hann lék í nokkrum slagsmálamyndum í Hong Kong snemma á áttunda áratugnum en fyrsta mynd hans í Bandaríkjunum, Enter the Dragon, sló í gegn. Honum entist þó ekki aldur til að sjá hana á hvíta tjaldinu því hann lést aðeins mánuði fyrir frumsýningu vegna bólgu á heila. Hann var aðeins 32 ára gamall.



BRUCE LEE

## MERKISATBURÐIR

- 1896 Grímur Thomsen skáld andast 76 ára. Hann starfaði lengi í utanríkisþjónustu Dana, bjó síðar á Bessastöðum og sat á Alþingi.
- 1945 Noregur fær inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar.
- 1956 Vilhjálmur Einarsson vinnur til silfurverðlauna í þristökki á Ólympíuleikumum í Melbourne í Ástralíu.
- 1970 Páll páfi sjötti er stunginn af manni dulbúnum sem presti.
- 1981 Elsti Íslendingurinn, Halldóra Bjarnadóttir, andast á Blönduósi 108 ára og 44 daga.
- 1991 John Major verður leiðtogi íhaldsmanna í Bretlandi í stað Margrétar Thatcher.

**LEGSTEINAR**  
S. HELGASON  
Skemmuvegi 48  
S: 557 6677  
www.steinsmidjan.is

**Ljósakross**  
Hefu þú gætt þess að þú hafa henta þess sem víja annast ljósguna fremur en að leiga sér kross. Þú eru með innbyggðu ljósi og tengist rafmagnsnetinu í gördunum eða rafstöðu sem endur í allt að 20 daga.

Fást um land allt!  
SÍMI 460 1760  
johann@isi.is  
www.burek.is

## AFMÆLI



Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar, er 55 ára.

Edda Heiðrún Backman leikstjóri er 48 ára.



## ANGLÁT

**Ólafur Eggertsson**, Grandavegi 47, Reykjavík, lést á heimili sínu miðvikudaginn 23. nóvember.

**Hilmir Hinriksson**, Bláskógum 11, Hveragerði, lést á hjúkrunarheimilinu Ási fimmtudaginn 24. nóvember.

**Eygló Guðmunda Steinsdóttir**, Stararíma 18, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 19. nóvember.

**Guðrún Aradóttir**, Aragötu 5, er látin.

**Óskar Geirsson** frá Hallanda, Miðengi 12, Selfossi, lést á heimili sínu miðvikudaginn 23. nóvember.

**Magnús Eggert Pálsson**, Ásvallagötu 17, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 23. nóvember.

**Ásgeir Jónsson** framkvæmdastjóri, Hólavallagötu 3, lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 14. nóvember.



HELDUR MARGFALT UPP Á AFMÆLIÐ María er mikið afmælisbarn og heldur jafnan tvöfalt eða þrefalt upp á hvert afmæli.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

## MARÍA REYNDAL LEIKSTJÓRI: ER 35 ÁRA Í DAG

# Vill fá marga pakka

„Á afmælisdaginn vakna ég og fæ pakka í rúmið. Svo kemur fjölskyldan í kaffi síðdegis og þá fæ ég enn þá fleiri pakka,“ segir María Reyndal leikstjóri fjórlega en hún heldur upp á 35 ára afmæli sitt í dag. María er mikið afmælisbarn og heldur jafnvel margfalt upp á afmælið í hvert skipti. „Þetta er alltaf tvöfalt og þrefalt. Ég held upp á það fyrir fjölskylduna og síðan fyrir vini mína,“ segir María glettin en henni finnst rosalega gaman að fá pakka og oft hefur hún meira gaman af þökkunum en innihaldinu. Hún segir spennuna fyrir afmælin síður en svo hafa minnkað með árunum.

Afmælisdagurinn er fullskipaður hjá Maríu sem ætlar að skella sér á kirkju-tónleika í kvöld auk þess sem hún ætlar út að borða á Austur-Índíafélagið. „Partið bíður betri tíma,“ segir hún kímín.

María man sérstaklega vel eftir nítján ára afmælisdegi sínum þegar hún var við nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

„Móðir mín hélt óvænt partí fyrir mig sem byrjaði klukkan sjö um morguninn. Hún var búin að húa í alla vinnu heim og ég var vakinn með afmælis-söng, kertaljósum og kampavíni. Þetta var á skóladegi, svo við dönsuðum til átta og tókum leigubíl niður í skóla,“ segir María og skellihlær að minningunni. „Þetta var alveg ótrúlegt,“ segir María og telur að móðir sín hljóti að hafa verið mjög taugasterk. Hún man til að mynda vel eftir því á sínum yngri árum þegar afmælisgestirnir fengu að taka öll eldhúshöldin og búa til hljómsveit og marsera um stofuna upp á sófa og borð.

María hefur tíma fyrir fátt annað

en leiklistina. Hún hefur þó að undanfögnu hella sér á kaf í jóga en hún heillaðist nýlega af astanga-jóga þegar hún fór að sækja tíma hjá Ingi-björgu Stefánsdóttur sem var að opna jóga stofu.

Þessa dagana skrifar María og leikur fyrir hina vinsælu sjónvarpsþætti Stelpurnar á Stöð 2. „Svo var ég að stofna, ásamt Sólveigu Elínu Þórhallsdóttur sýningarstjóra, leikhóp með fólki sem er af erlendu bergi brotið en er fagmenntað í leiklist,“ segir María, sem hefur lengi gengið með þessa hugmynd í maganum. „Þetta fólk er alls staðar að úr heiminum og hefur allt aðra sýn á Íslendinga og leikhús,“ upplýsir María, sem býst við að fyrsta leikrit hópsins verði frumsýnt næsta haust og er stefnan að leika á íslensku.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Jóhann Hendriksson**

lést af slysförum 20. nóvember síðastliðinn. Útför verður gerð frá Grafarvogskirkju 28. nóvember kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Hjördís Björg Kristinsdóttir  
Rebekka María Sigurðardóttir  
Jóhann Ágúst Sigurðarson  
Valdimar Karl Guðmundsson  
Þórunn Ragnarsdóttir  
og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför elsku mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og systur

**Margrétar G. Margeirsdóttur**  
áður til heimilis í Stífluseli 9, Reykjavík

Sérstakar þakkir fær Ólafur Samúelsson læknir, hjúkrunar- og starfsfólks á 3 H.N. hjúkrunarheimilinu Eir, fyrir góða umönnun. Guðs blessun fylgi ykkur öllum.

Helga Ingbjörg Sigurðardóttir  
Helenar Drífa Þorleifsdóttir  
Þórarinn Fr. Þorleifsson  
Magnús E. Baldursson  
Atli H. Sæbjörnsson  
Hugrún Hrönn Þórisdóttir  
og systkini.



Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir og mágur

**Þorgrímur Jón Einarsson**  
tölfræðingur, Ugluhólum 12, Reykjavík

lést á heimili sínu fimmtudaginn 17. þessa mánaðar. Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju, Hafnarfirði mánudaginn 28. nóvember kl. 15.00.

Jón Ingi Þorgrímsson  
Einar P. Einarsson  
Einar Einarsson  
Lárus Einarsson  
Þuríður Einarisdóttir  
og frændsystkini.  
Margrét Kristín Þorgrímsdóttir  
Ingvaldur Hjaltested  
Steinunn Rósborg Sigurðardóttir  
Matthildur Þórðardóttir  
Halldór Harðarson

## Friðarloginn fer um landið

Íslenskir skátar hefja dreifingu á friðarloganum frá Betlehem í dag með athöfn í St. Jósefskirkju í Hafnarfirði klukkan 10:30. Þar hefur Friðarljósið logað síðan það kom fyrst til landsins fyrir fjórum árum.

Friðarloginn frá Betlehem er nítján ára gömul hefð. Upphaflega sendi austurríska ríkisútvarpið skáta í fæðingarkirkjunna í Betlehem eftir loganum til að flytja hann heim. Síðan hafa sífellt fleiri

lönd tekið þátt.

Loginn er gefinn hverjum þeim að gjöf sem vill, sem tákni kærleiks og friðar, skilnings manna og þjófna á milli og von um betri heim.

Eftir athöfnina í dag munu skátar og gildisskátar hefja dreifingu um allt land en hægt verður að nálgast logann í Skátamiðstöðinni Hraunbæ. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Bandalags íslenskra skáta www.skatar.is.



# Jólaboðið

Fjölbreytt úrval af gjafavörum



**Kaupauki**



**Babyliss krullujárn Press&curl**  
Frábær nýjung, auðvelt að búa til stórar og flottar krullur. Flottur ferðablásari fylgir með meðan birgðir endast.

**3.840 kr.**



**Babyliss keramik sléttujárn**  
Vinsælasta tækið frá Babyliss. Flottur ferðablásari fylgir með á meðan birgðir endast.

**3.840 kr.**



**Estee Lauder maskarasett**  
augnblyantur, hreinsir og maskari.

**2.390 kr.**



**Gjafapakki**  
Blóðþrýstingsmælir og hitamælir Vandaður blóðþrýstingsmælir fyrir úlnið með 2 x 50 minnum. Digital hitamælir fylgir með.

**5.995 kr.**



**I Coloniali**  
Hágæða bað- og líkamsvörur frá Ítalíu. Hreinn unaður fyrir líkama og sál. Inniheldur náttúruleg efni.

**2.263 kr.**



**Nuddpúði**  
Láttu þér líða vel. Frábær, einfaldur nuddpúði. Rafhlöður fylgja ekki með.

**5.490 kr.**



**BeYu**  
Jungle Fever - spennandi nýjung, jólagjöf ungu stúlkunnar.

**frá 679 kr.**



**Jóla Joe Boxer**  
Skemmtileg jólanærföt á herrana.

**2.690 kr.**



**Úrval geisladiska**

Núna eru komin tónlistarhorn í allar verslanir Lyfju. Þar færðu alla nýjustu og vinsælustu geisladiskana. Gefðu tónlistargjöf um jólin eða finndu þér eitthvað skemmtilegt að hlusta á.

**frá 1.699 kr.**

**12 Tónar**



**Komdu í Jólaboðið og skoðuðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.**



**GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRU** **GJAFAPOKI FYLGIR**



# ÁRITANIR Í SKÍFUNNI Í DAG!

Helgartilboð  
1.599 kr.

Kringlan  
kl. 13.00



Hansa - Mannsöngvar

Helgartilboð  
1.599 kr.

Kringlan  
kl. 14.00



Heiða

Helgartilboð  
1.599 kr.

Kringlan  
kl. 15.00



Heiða

Helgartilboð  
1.599 kr.

Kringlan  
kl. 15.00



Helgi Björnsson

Helgartilboð  
1.599 kr.

Kringlan  
kl. 16.00



Leone Tiganelli

Helgartilboð  
1.599 kr.

Smáralind  
kl. 14.00



Heitar Lummur

Helgartilboð  
1.599 kr.

Smáralind  
kl. 15.00



Jón Sigurðsson

Tryggðu þér heitustu titlana á tilboðsverði í Skífunni um helgina!



...skemmtir þér ; )

www.skifan.is



## Lognið í auga Stormsins

**Sigurður Þórður Ragnars-son veðurfræðingur eða Siggí Stormur eins og hann er stundum kallaður er ekki maður sem gæstar af; hann stormar ekki gegnum lífið með bægsлагangi. Hann er þvert á móti rólegur og yfirvegaður. Samt er engin lognmolla kringum hann því maðurinn er glettinn og glaðsinna og það er stutt í brosið.**

Við nafnarnir hittumst á Hótel Borg; þessari háborg íslenskra veitinga- og skemmtistaða gegnum tíðina. Það er ekki hávaðanum fyrir að fara rétt á meðan við stöldrum við; stóísk ró svífur yfir vötnum og í bakgrunni óma íslenskar og erlendar dægurlagaperlur. Svavar Lárusson er að syngja um Sjönu síldarkokk þegar við setjumst að spjalli; eflaust hefur það lag oft hljómað áður hér á Borginni og ýmsir vafalaust stigið við það dans og sveiflað sér um gólfdukkinn með elegans, einsog segir í ljóðinu.

### Notaleg nærvera

Við setjumst við borð úti við gluggann að Pósthússtrætinu og uppi á Alþingishúsinu strekkir ísköld norðanáttin á íslenska fánanum. Fólk á ferli utan við gluggann er kappklætt og kuldalegt. Við dreypum á heitu kaffi.

Sigurður er maður með notalega nærveru, traustvekjandi og kurteis; handtakið þétt. Hann hallar örlítið undir flatt þegar hann talar og er hláturmildur þegar umræðuefnið býður upp á slíkt. Þá birtist spékoppur á hægri vanga.

### Lífið snýst um veðurfar

Talið berst að veðrinu enda Sigurður einn þekktasti veðurfræðingur landsins og brautryðjandi í því að fræða landsmenn um veður og veðurfar á mannamáli í sjónvarpi.

„Það má segja að allt líf mitt snúist um veður,“ segir hann og hlær stuttlega. Með þessu á hann við að starfið fylgir honum hvert fótmál, það er engar undankomu auðið, ekki heldur utan vinnutíma. „Það er nánast sama hvert ég fer, alls staðar er fólk sem vill ræða við mig um veðrið. Og það hringir líka heim til mín, bændur og búa-

lið“, bætir hann við og nú hlæjum við báðir með öllum kjaftinum eins og Sverrir Hermannsson myndi segja.

### Byr við stöðugt áreiti

Þjónninn kemur og upplýsir okkur um að réttur dagsins sé steinbítur og hörpuskel, borin fram með fíkjum, gráðosti og steiktum kartöflum. Vissulega freistandi en við látum kaffið nægja. Soffía Karlsdóttir syngur um drauminn að vera með dáta og dansa fram á nótt ... Og þeir voru aldeilis hér á Borginni, dátarnir.

Sigurður segist oftast nær taka því ljúfmannlega þó fólk sé að hringja heim til hans eftir veðurspám; hann alinn upp við kurteislegt viðmót og hefur tileinkað sér það á lífsins göngu. En auðvitað getur kurteisustu menn þrotið þolinmæðin. „Það er orðið þannig að ég á erfiðara og erfiðara með að fara á skemmtistaði,“ segir Sigurður alvarlegur í bragði. „Það er sífellt áreiti, flest vel meint en þetta verður þreytandi og þírrar konuna mína reyndar meira en mig.“

### Besta veðrið ekki á Íslandi

Við fáum okkur meira kaffi og ég spyr hann um uppáhaldsveðrið. „Besta veðrið mitt er ekki á Íslandi,“ segir hann spöskur á svip. „Það er kannski skammarlegt að segja þetta sem Íslendingur en þá er það þannig að ég vil hlýindi og ég vil hjartviðri og það er ekki á það treystandi hér,“ bætir hann við og brosir sannfærandi.

Hann sækir því töluvert í hlýjuna; enda heimatökin hæg þar sem faðir hans býr suður á Spánarströndum og þangað liggur leið fjölskyldunnar íðulega þegar færi gefst.

### Íslenskt veður ekki heilsusamlegt

Við ræðum áhrif veðurfars á ýmsa kvilla sem mannskepnuna hrjá og það er eiginlega niðurstaða okkar að íslenskt veðurfar sé ekki sérlega heilsusamlegt: myrkrið gerir menn þunglynda, frosthörkur eiga illa við þá sem stríða við húðsjúkdóma og lægðagangur fer oft bólvanlega í gigtveika. „Ég hef stundum spurt mig að því,“ segir Sigurður og setur upp þakkaralegan svip, „hvað hann Ingólfur var eiginlega að þvælast hingað norður á sínum tíma. Tæpast var það veðrið sem dró hann hingað,“ bætir hann við og skellihlær.

Síðan segir hann mér frá

sænskri rannsókn á hermönnum frá Suður-Svíþjóð sem sendir voru til herþjónustu norður að landamærunum við Finnland. „Það sem gerðist var að þeir veiktust allir með tölu, þeir þöldu ekki myrkrið og þetta er klárlega vísbending um hvaða áhrif veður og birta getur haft á geðslag mannsins,“ segir hann alvörufeginn.

### Hleður batterín á fjöllum

Þá sjaldan sem Sigurður á frí liggur leiðin oft á fjöll enda ólst hann upp við fjallaferðir. Alls kyns úti- vist á reyndar vel við hann og þar finnst honum best að hlaða batterín fjarri skarkala heimsins. Og hann er hundamaður. „Ég er búinn að eiga þrjá hunda um ævina og á núna einn Golden Retriever,“ segir hann með væntumþykju í röddinni. Allir hundar Sigurðar hafa borið nafnið Táta. „Ég hef stundum haft það á orði að ég hef aldrei átt hund, bara tíkur,“ segir hann hlæjandi.

### Skammarlega farið með öryrkja

Sigurður og kona hans eiga þrjú börn og það hefur sett sitt mark á fjölskyldulífið að elsti sonurinn er fatlaður; með heilalömun sem gerir hann spastískan öðru megin. „Það er óneitanlega mikil lífsreynsla að ala upp fatlað barn,“ segir Sigurður með alvörupunga, „og það mótar mann á vissan hátt. Ég hef ávallt orðað þetta sem svo að mér var treyst til þess af skaparanum að ala upp fatlað barn.“

Þessi reynsla mótar líka afstöðu Sigurðar til þess hvernig þjóðfélagið sinnir öryrkjum og öðrum þeim sem minna mega sín. „Mér finnst þetta í einu orði sagt skammarlegt,“ segir hann og hristir höfuðið. „Við skömmtum þessu fólki, sem getur yfirleitt ekkert að fötlun sinni gert, eitt-hvert lítilræði líkt og þetta séu ómagar á samfélaginu. Og sumir tala um þetta sem ölmusufólk. Mér þykir sárt til þess að hugsa að þegar strákurinn minn verður fullorðinn þá þarf hann að lifa á 85 þúsund krónum á mánuði. Og ég held að það sé þungbært sérhverju foreldri fatlaðs barns að hugsa til þess að samfélagið býr þannig um hnútana að viðkomandi einstaklingur á sér ekki neina viðreisnarvon í lífinu.“

Við ljúkum spjallinu á þessum nótum og í þann mund sem við yfirgefum hlýleg salarkynni Hótel Borgar er Judy Garland að syngja: Somewhere Over the Rainbow ...





Peugeot 307 SW  
frá **1.995.000** kr.

## Nýr Peugeot 307 SW

fær þig til að hugsa: „Meira fyrir peninginn“

[www.peugeot.is](http://www.peugeot.is)

Nýr Peugeot 307 SW, arftaki eins vinsælasta bíls í Evrópu lyftir merkinu enn hærra – og á enn fleiri sviðum. Nýr og flottur að framan. Nýjar ofurhagkvæmar vélar. Nýjar víddir í öryggi, þægindum og aksturseginnleikum. Þú velur úr miklu úrvali af leiftursnöggu bensínvélum og kraftmiklum HDI-vélum og útfærir bílinn eins og hentar þinni fjölskyldu. Nýr Peugeot 307 SW hlaðinn er búnaði á nýju verði þannig að þú færð enn meira fyrir peninginn en þú átt að venjast. Peugeot 307 SW er strax farinn að fá landann til að hugsa „meira fyrir peninginn“ – komdu, prófaðu og lyftu þér og fjölskyldu þinni upp með bjartasta ljóninu á veginum.

**307**



**BERNHARD**

BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985  
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

**SP**  
SP-FJÁRMÖGNUN



# Bækur sem

„Erlendur klikkar ekki ... Arnaldur Indriðason sækir í sig veðrið með hverri bók.“

*Pórarinn Þórarinnsson, Fbl.*

„Fléttan er þétt og vandlega unnin og heldur lesandanum vel við efnið ... Arnaldur sýnir hér mikla hæfni í sköpun andrúmslofts og stemningar og minnir Vetrarborgin að því leyti á Mýrina og Grafarþögn.“

*Gunnþórunn Guðmundsdóttir, bokmenntir.is*



1. sæti

Allar bækur  
Penninn Eymundsson  
og Bokabúir MM  
16. – 22. nov.

1. sæti

Skáldverk  
Félagsvísindastofnun  
15. – 21. nov.

Bækur Arnaldar  
koma út í 26 löndum



Gullrýtingurinn  
2005

Virtustu glæpasagna-  
verðlaun heims



2. sæti

Skáldverk  
Penninn Eymundsson  
og Bokabúir MM  
16. – 22. nov.

3. sæti

Skáldverk  
Félagsvísindastofnun  
15. – 21. nov.

„Meistaralega vel sögð.“

★★★★★ *Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

„Í Roklandi kraumar frásagnargleði og húnur.“ *Steinunn Inga Óttarsdóttir, Mbl.*

„Rokland er mikil skáldsaga.“

*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós*

„Stórskemmtileg ... Hallgrímur fer á kostum í lestri sínum yfir samtíðinni.“

*Egill Helgason, Silfur Egils*

„Bók Steinunnar hittir beint í hjartastað ... Það er í henni einhver innri ljómi.“

*Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.*

„Lesandinn finnur strax að hér er höfundurinn aftur á heimavelli. Steinunn kann þá list að hrífa lesandann með sér.“

*Halldór Guðmundsson, Fbl.*

„Sólskinshestur í myrkrinu ... tekur í hjartað.“

*Sigríður Albertsdóttir, DV*

★★★★★

4. sæti

Skáldverk  
Penninn Eymundsson  
og Bokabúir MM  
16. – 22. nov.

5. sæti

Skáldverk  
Félagsvísindastofnun  
15. – 21. nov.



„Yosoy er metnaðarfullt verk ... speglar á áhrifamikinn hátt samfélag firringar og ofurneyslu.“

*Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.*

„Verulega vel skrifuð, talar til hins vitsmunalega ... frumleg og metnaðarfull skáldsaga.“

*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljósið*



# KLIKKKA EKKI

„**Marghliða mynd** af Jóni séð með augum vina og óvina hans... Jón **minnir** meira en lítið á sumar skáldsagnapersónur Einars Kárasonar“

*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljósið*

„**Stórkostleg bók** ... Einar Kárason tekst með sinni frábæru frásagnargáfu að opna efni sem verið hefur Íslendingum lokuð bók fram að þessu ... Persónulegt drama, **bók um fólk af holdi og blóði.**“

*Guðmundur Ólafsson, Talstöðin*

„Jónsbók er **áhrifamikil örlagasaga** einstaklings og samfélags ... grundvallarrit um íslensk stjórnmal samtímans og **á brýnt erindi við alla Íslendinga.**“

*Svanur Kristjánsson, stjórnmálafræðingur*

**1.**


Ævisögur og endurminningar

Metsölulisti Mbl.  
15-21. nóv

**1.**

Ævisögur

Metsölulisti  
Pennans Eymundssonar  
16-22. nóv.




„Guðni Bergs er einn erfiðasti andstæðingur sem ég hef leikið gegn.“

*Ruud Van Nistelrooy, framherji Manchester United*


„Það eina sem ég hefði viljað hafa öðruvísi við Guðna Bergsson er að hann hefði verið miklu yngri þegar ég tók við Bolton-liðinu. Þá væri hann ennþá að spila.“

*Sam Allardyce, framkvæmdastjóri Bolton Wanderers.*



## Skáldið og sjarmörinn

Í þessari vönduðu og skemmtilegu ævisögu dregur Guðjón Friðriksson fram heilsteypta og um margt óvænta mynd af manningnum Hannesi Hafstein, meðal annars í ljósi fjölmargra einkabréfa og nýrra heimilda sem aldrei áður hafa komið fyrir almenningsjónir.



★★★★★ DV

„Bók sem ætti að rata til allra og vera skyldulesning í hvers manns húsi.“

*Vigdís Grímsdóttir, DV*

„Skilur lesandann eftir djúpt snortinn og fullan aðáunar á Thelmu og baráttu hennar.“

*Birta*

„Myndin af Thelmu eins og hún er í dag: Hamingjusöm móðir, hugrökk og stolt kona: Kona ársins.“

*Soffía Auður Birgisdóttir, Mbl.*





Hreggviður var stýrimaður á Fossum Eimskipafélagsins og sigldi til fjarlæggra landa um árabíl. Siglingarnar kröfðust langrar fjarveru frá fjölskyldu og vinum og þegar Hreggviður ákvað að festa ráð sitt ákvað hann að finna sér starf í landi. „Ég hafði margfalt betri tekjur til sjós, en kom í land því ég var að fara að gifta mig og eignast börn,“ segir Hreggviður, sem horfði upp á marga starfsfélaga fara á mis við uppeldi barna sinna. „Ég ætlaði ekki að brenna mig á því. Hins vegar hefur maður kannski ekki gert eins mikið og maður ætlaði sér en ég hef allavega verið til staðar.“

Hreggviður hlaut gott kristilegt uppeldi og var afar trúað fermingarnar. „Ég datt hins vegar út eins og fleiri og missti svólítið sambandið við Guð minn. Ég hélt þó gildnum innra með mér. Eftir að ég kom í land og fór að vinna fyrir kirkjuna vaknaði trúin á nýjan leik. Ég datt inn í bænalífið og setti mig aftur í samband við Guð sem ég hafði kynnst á sínum tíma og það er yndislegt.“

Hann lítur á það sem hrein forréttindi að starfa fyrir kirkjuna en segir jafnframt að því fylgi mikil ábyrgð. „Ég reyni alltaf að undirbúa mig vel fyrir hvert verkefni en stundum finnst mér ég ekki standa mig. Þá er bara að reyna að gera betur næst.“

#### Aldrei svo sterk að ekki sé þörf fyrir eitthvað æðra

Talið berst að almennu trúarlífi landsmanna, sem jafnan er hvað sterkast á aðventunni. Þó Hreggviður vildi gjarnan sjá fleiri í kirkjum landsins hefur hann ekki áhyggjur af trúleysi þjóðarinnar. „Þó stundum sé spurt í gamni og alvöru hvort við höfum í raun stigið skrefið til kristni eða hvort við séum enn heiðin tel ég að trúin eigi sterkar rætur í hugum fólks. Það kemur ekki síst í ljós þegar við stofnum heimili og eignumst börn, þá koma siðferðið og gildismatið í ljós. Almenn séð er gott mannlíf á Íslandi þó bænalífið sé kannski ekki mikið. En það er ekki alltaf gott að koma trúnni í orð og reyndar mælist trú ekki af yfirborði og orðaflaum heldur framkomu okkar gagnvart öðrum.“

Hreggviður er engu að síður þeirrar skoðunar að sterkt trúarlíf og markvissar bænir bæti líf sérhvers einstaklings og um leið samfélagið í heild. „Trú og bænalíf ylja, gleðja og bæta. Maður sér innri gleði fólks sem lifir sterku bænalífi og slíka gleði vil ég öð-



HAFIÐ OG KIRKJAN Hreggviður Hreggviðsson hóf störf í Borgarnesarkirkju eftir að hann hætti til sjós. Hann segir það forréttindi að fá að starfa í kirkjunni og þrátt fyrir góðan undirbúning fyrir flest störf finnst honum hann stundum ekki standa sig. „Þá er bara að reyna að gera betur næst.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Karlar gráta allt of sjaldan

Ró og friður stafa frá Hreggviði Hreggviðssyni, kirkjuverði, meðhjálpara og útfararstjóra í Borgarnesi. Áður sigldi hann á flutningaskipum um heimshöfin en þegar hann kom í land fyrir tuttugu árum helgaði hann líf sitt störfum fyrir kirkjuna. Björn Þór Sigbjörnsson tók hús á Hreggviði og spjallaði við hann um trú, karlmenn og fleira.

ast sjálfur. Og í því vinn ég en það er mikil vinna.“

Hreggviður fylgdist með því hraðskreiða lífi sem margir lifa og segir öllum hollt, hvar á vegi sem þeir eru staddir, að taka Krist sér til fyrirmyndar. „Sums staðar er tvöfalt siðferði í gangi og við eygjum ekki réttu úrlausnirnar. Yfir okkur hellist ótti og kvíði vegna

áreitissins sem stefnir að okkur úr öllum áttum og þá, sem aldrei fyrr, er þörf fyrir trúna. Manneskjan verður aldrei það sterk líkamlega eða fjárhagslega að hún hafi ekki þörf fyrir eitthvað æðra. Hún stendur aldrei sér.“

#### Purfa að varðveita barnið í sér

Oft hefur karlmönnum verið legið á hálsi fyrir að eiga bággt með að bera tilfinningar sínar á torg. Hreggviður kannast við það og segir meira bera á konum í öllu starfi sem snýr að manneskjunn. „Konur eru duglegri að sækja fundi og námskeið sem fjalla um að hlúa að öðrum. Og þegar ég var í Leikmannaskóla kirkjunnar sátu þar miklu fleiri konur en karlar. Konur eru opnari en karlar, sem oft hafa hlaðið múr í kringum sig.“

„Sums staðar er tvöfalt siðgæði í gangi og við eygjum ekki réttu úrlausnirnar. Yfir okkur hellist ótti og kvíði vegna áreitissins sem stefnir að okkur úr öllum áttum og þá, sem aldrei fyrr, er þörf fyrir trúna.“

Hann telur jafnframt að karlmönnum væri hollt og gott að opna sig meira en þeir almennt gera. „Við ættum að leyfa okkur að vera mýkri. Við grátum til dæmis allt of sjaldan en það er gott að gráta. Sjálfur græt ég ef mér finnst eitthvað falllegt og ég skammast mín ekkert fyrir það.“

Hreggviður hvetur karla til að varðveita barnið í sér og hætta að sýnast vera eitthvað annað en þeir



HREGGVIÐUR HREGGVIÐSSON, KIRKJUVERÐUR, MEÐHJÁLPARI OG ÚTFARARSTJÓRI Borgarnesarkirkja er inkar fallæg að innan sem utan og setur mikinn svip á eldri hluta bæjarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eru, eins og stundum gerist. Hann er hins vegar ekki úrkula vonar um að þetta breytist til batnaðar og telur það gerast með auknu jafnrétti í samfélagi og enn frekari sókn kvenna á vinnumarkaði.

Eftir árin á sjónum þekkir Hreggviður vel til trúarlífs sjómanna og segir þá almennt trúaða þó þeir beri það ekki á torg. Sjómenn vilji hafa sína trú út af fyrir sig. „Þegar komið er út á úfið hafið er maðurinn ósköp lítill. Það þarf ekki að fara nema rétt út fyrir höfnina til að skipin, sama hversu stór þau eru, séu eins og korktappar á hafinu. Þegar svo er þurfa menn á einhverju æðra að halda.“

#### Það er eins með trúna og björgunarbúnað á skipum

Mikið mæðir á starfsmönnum kirkjunnar á aðventunni og Hreggviður hlakkar til desemberdaganna þegar fólk skilur asa jólaundirbúningsins eftir á kirkjutröppunum og sækir í friðinn innandyra. Hann segir mennina breytast á þessum árstíma. „Við verðum meyrari og ég held að það sé gott.“ Hann sér þó ástæðu til að minna á fyrir hvað aðventan og fastan standa.

„Aðventan þýðir að eitthvað gott sé að koma og er því tími vonar. Fastan þýðir að láta eitthvað á móti sér og þeir sem meira mega sín og hafa það betra en aðrir láta þá sem minna eiga fá eitthvað af mat sínum eða gnægðum.“

Og kirkjuvörðurinn, meðhjálparinn og útfararstjórinn lætur vel af kirkjulífinu í Borgarnesi, segir allt í boði sem bjóðist í kirkjum höfuðborgarinnar og að auki sé mannlíf almennt gott. „Hér gæta menn bræðra sinna.“

Hreggviður sagði ekki endanlega skilið við sjóinn þegar hann kom í land fyrir góðum tuttugu árum. Sumarfrínu ver hann við rattið á Árna Friðrikssyni, skipi Hafrannsóknastofnunarinnar. „Þetta er tilbreyting og ákveðin hressing,“ segir hann um árvissa mánaðarlanga útiveru sína.

Hreggviður finnur líka samlíkingu í trúnni og þeim björgunarbúnaði sem er um borð í skipum. „Það er betra að vera í góðu daglegu sambandi við Guð, annars er erfiðara að grípa til hans þegar á reynir. Þetta er eins og með björgunarbúnað, það er betra að kunna vel á hann þegar og ef þarf að grípa til hans.“



### Er lögheimili þitt rétt skráð í þjóðskrá?

Nú er unnið að frágangi íbúaskrár 1. desember. Mikilvægt er að lögheimili sé rétt skráð í þjóðskrá.

#### Hvað er lögheimili?

Samkvæmt lögheimilislögum er lögheimili sá staður, þar sem maður hefur fasta búsetu.

#### Hvað er föst búseta?

Föst búseta er á þeim stað þar sem maður hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaða hans er. Þetta þýðir að lögheimili manns skal jafnan vera þar sem hann býr á hverjum tíma.

#### Hvenær og hvar skal tilkynna flutning?

Breytingu á lögheimili ber að tilkynna innan 7 daga frá flutningi til skrifstofu þess sveitarfélags sem flutt er til. Enn fremur má tilkynna flutning beint til Þjóðskrár.

Eyðublað vegna flutningstilkynninga er að finna á síðinni [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)



**Hagstofa Íslands**

Hagstofa Íslands - Þjóðskrá  
Borgartúni 24, 150 Reykjavík  
Sími 569 2900, bréfsími 569 2949.



# Afnemum VSK af öllum sófasettum

**TAX  
FREE  
DAGAR**

Nú afnemum við VSK  
af öllum sófasettum í  
Hagkaupum Smáralind  
og á markaði Hagkaupa  
Óseyri 1 Akureyri.



**Leðurhornsófi** 3+1+1 3166



**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



**Leðursófasett** 3+1+1 Relax



**Leðurhornsófi** 2+h+2 3130



**Leðursófasett** 3+1+1 M6217



**Leðursófasett** 3+1+1 Dany



**Leðursófasett** 3+1+1 3057



**Leðursófasett** 3+1+1 M3208



**Leðursófasett** 3+1+1 3002

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.  
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## KORTLAGNING HINS ÍSLENSKA LISTAHEIMS

## Pólítík, öfund og paranoja

Listamenn, ólíkt mörgum öðrum menningarhópum, virðast lítið fyrir að skipa sér í klíkur. Menn segja að þeir eigi ansi erfitt með að ná samstöðu, ólíkt tónlistarmönnum og rithöfundum, og fá sjaldan peninga og styrki vegna þess að þeir hreinlega standa aldrei saman. Sagt er að þegar þeir ná svo loksins samheldni þá séu þeir allir að baktala hvern annan. Þeir skipast í einhverskonar pólitískar fylkingar, eru kannski í fagfélögum en geta sjaldan starfað saman að neinu sem stærrí hópur. Skammt er í öfundina þegar einhverjum gengur betrum en öðrum, þeir prumpa yfir listfræðinga og skilja ekki tilgang þeirra og þeir agnúast út í hina og þessa fyrir að notfæra sér fjölskyldu eða pólitísk tengsl til að komast á framfæri. Kannski liggur einmitt lykkillinn að sköpuninni í því að listamenn séu alltaf að berjast? Fréttablaðið rýndi í heim listarinnar á Íslandi til að athuga hvort þessi afhæfing væri sönn og reyndi að finna út úr því hvers konar klíkur ráða ríkjum á orrustuvelli pensla og blýanta. Þetta er hugsuð sem græskulaus samantekt sem byggir á röddum listaheimsins: listamanna, listfræðinga, safnara og spekulanta, og hafið í huga að ummælin hafa verið verulega tónuð niður miðað við ýmislegt sem fékk að fjúka.



ÓLAFUR

## Gallerí i-8 klíkan

Mjög valdamikil klíka en kjarni hennar er **Fríða Ingvarsdóttir** menningarsskribent, **Örn Jóhannsson**, fjármálastjóri Morgunblaðsins, og eiginkona hans **Edda Jónsdóttir** eigandi i-8. Inn í þessa klíku tengjast ýmsir listamenn sem sýna í i-8 eins og **Ólafur Eliasson** sem Fríða hefur hampað stórfenglega í Morgunblaðinu. **Elin Hansdóttir** listakona (sjá hipp og kúl klíkuna) er einmitt dóttir Fríðu. Angi af gamla kolkraubbanum segja sumir, sem væntanlega hefur áhrif á fjárveitingar til ákveðinna listamanna eða stofnana. Ameríski ljósmyndarinn **Roni Horn** tengist líka klíkunni þar sem hún og **Styrmir Gunnarsson** eru afbragðsgóðir vinir. Galleríið er rekið af Eddu Jónsdóttur sem er ekki starfandi myndlistarmaður lengur og allir eru sammála um að hafi unnið framúrskarandi starf. i-8 er eina galleríið sem hefur það markmið að koma íslenskum listamönnum á framfæri erlendis. Ekki beint samstæður klíkuhópur en galleríið hefur tekið inn virkilega góða listamenn sem oft hópast saman. Meðal þeirra eru Ólafur Eliasson, **Sigurður Guðmundsson**, **Finnbogi Pétursson**, **Kristinn Hrafnsson**, **Þórir Vigfusson** og margir virtir erlendir listamenn. Þessi hópur tengist líka Tótu 2000, öðru nafni **Þórunni Sigurðardóttur** sem er víst svokölluð yfirgrýla allra listamanna.



EDDA

**SÚM-ararnir**  
Upprunalega grasrótarklíkan og telur saman **Kristján Guðmundsson**, **Sigurð Guðmundsson**, **Hrein Friðfinnsson**, **Magnús Pálsson** og **Magnús Tómasson**. Allir höfðu horn í síðu þeirra á sjöunda áratugnum þegar þeir voru að byrja, en erfitt að þeir öðluðust viðurkenningu erlend-



MAGNÚS

is urðu þeir ráðsettrir hér heima. Síta kannski ekki við kjótkatana en njóta mikillar virðingar. Nú er hópurinn ansi sundurslitinn og þessir menn fást við ólíka hluti. **Sigurður Guðmundsson** er til dæmis kominn í margar aðrar klíkur og er talinn hafa sterk pólitísk tengsl innan borgarinnar sem hafa notað verk hans óspart til skreytinga, og svo komst hann meira að segja inn í heilsuræktarstöðina Laugar með skúlptúra, hugmynd sem sumir fussa yfir.

**NIÐURSTAÐA:** Byltingin étur börnin sín.



PÉTUR ARA

## Safn-klíkan

Listaverkasafnarinn **Pétur Ara** fékk styrk frá Reykjavíkurborg til að setja þetta safn á fót og fékk **Nýlistasafnið** upp á móti sér sem setti þetta allt undir hatt pólitískra tengsla og að það hefði átt að fá peningana í staðinn. Hvað sem því líður eru menn að mestu leyti sammála um að Pétur Ara eigi mjög mikilsvert safn listaverka, sem þó sumir telja upphafna list, og að þau hjónin Pétur og **Ragna Róbertsdóttir** listakona hafi sterka sýn á það sem þau eru að gera. Hvað pólitísk tengsl varðar við Reykjavíkurborg og **Stefán Jón Hafstein** hafa sumir á orði að það séu frekar pólitíkusar sem sækja í Pétur heldur en hann í pólitíkusanana. Margir hafa það á móti honum hvað hann hefur hreinlega mikið áhrifaval, og aðrir kalla hann gallabuxnasalann eins og að fortíð hans sem verslunareigandi hafi eitthvað að segja um vit hans á list. Klíkan í kringum Safn teygir anga sína um aðrar klíkur og telur **Ólafur Eliasson**, **Finnbogi Pétursson** og **Sigurð Guðmundsson** meðal meðlima, en einnig eru mikil samskipti við i-8 veldið og ýmsa prófessora í listaháskólanum.

## Kling og bang liðið

Gallerí Kling og bang er fyrirbrigði sem alltaf hefur verið til á ýmsum áratugum, og tók við t.d. af gallerí SÚM og Suðurgötu 7. Eðlilegt framlag listamannanna til listarinnar - sem sagt gallerí rekið af listamönnum sem sýna það sem þeim dettur í hug hverju sinni. Nýlóg gengið (Nýlistasafnið) er eiginlega runnið



ERLING

saman við þetta gengi. Kling og Bang er mjög áhugavert gallerí sem sýnir grasrótina og óestabliseraða listamenn. Þetta er sama fólkíð og stóð fyrir **Klink og Bank**, sem þótti þrekvirki nema bara fyrir það að fá listamenn til að vinna saman. Fengu Landsbankann til að styrkja sig og lána sér húsnæði í Brautarholti sem var í tvö ár miðstöð og aðstaða fyrir unga lista og tónlistarmenn og fékk talsverða athygli, bæði hér heima og erlendis. Þau misstu húsnæðið fyrir skömmu þar sem borgin er að



byggja á svæðinu, en Landsbankinn hefur lýst yfir áframhaldandi stuðning til þess að finna nýtt húsnæði fyrir starfseminu. Eru með mikið af samböndum við listamenn í Evrópu, og sérstaklega Berlínargrasrótina. Forsprakar Kling og Bang eru **Erling Klingenberg**, **Sara Björnsdóttir**, **Hekla Dögg Jónsdóttir**, **Nína Magnúsdóttir** og **Daníel Björnsson**.



GODDUR

**ÆÐSTIPRESTUR:** Goddur. Þessi goðsagnakennda persóna skiptir um vettvang eftir því hvað er nýjast og ferskast að gerast. Hann er sagður orðs, því þeir eru allir orðnir mjög viðurkenndir á sínu sviði og selja vel. Þessir menn eru oft einhvers staðar á hálandinu að mála landslag eða spá í trúarleg og heimspökileg málefni. Eru oft í sandölum. Nenna ekki að setja sig mikið inn í klíkuskap og leiðist myndlistarpólitík og leiðindi. Meðal gullpensla eru **Georg Guðni**, **Helgi Þorgils**, **Guðrún Einars**, **Valgarður Gunnarsson**, **Birgir Andrésen** og þar voru **Jón Óskar**, **Hulda Hákon** og **Steingrímur Eyfjörð** áður en þau færðu sig yfir í gallerí 101 klíkuna. **Húbert Nói** er líka á góðri leið inn í þessa klíku.

## Gullpenslarnir

Þetta eru málararnir sem hafa gildi málverksins í hávegum. Þeir kalla sjálfa sig gullpenslanna og sennilega í tvíæðri merkingu þess orðs, því þeir eru allir orðnir mjög viðurkenndir á sínu sviði og selja vel. Þessir menn eru oft einhvers staðar á hálandinu að mála landslag eða spá í trúarleg og heimspökileg málefni. Eru oft í sandölum. Nenna ekki að setja sig mikið inn í klíkuskap og leiðist myndlistarpólitík og leiðindi. Meðal gullpensla eru **Georg Guðni**, **Helgi Þorgils**, **Guðrún Einars**, **Valgarður Gunnarsson**, **Birgir Andrésen** og þar voru **Jón Óskar**, **Hulda Hákon** og **Steingrímur Eyfjörð** áður en þau færðu sig yfir í gallerí 101 klíkuna. **Húbert Nói** er líka á góðri leið inn í þessa klíku. **STÆRSTI GALLI:** Sumir virðast fastir í því að mála sama málverkið aftur og aftur.



GEORG GUÐNI



GABRIELA

## Hipp og kúl kráðið

Þetta eru þeir listamenn sem þykja, eins og nafnið gefur til kynna, heitastir, eða mest hipp og kúl þessa stundina. Eru flest að sýna mikið erlendis eða búa jafnvel í erlendum hipp og artý borgum. List þeirra er oft á tíðum afar djörf og mikið sjónarspil, hvort sem það er að ata fólk út í drullu eða rúnka sér í beinni. Að fara svo á Feneyjavíringinn er hin fullkomna viðurkenning. Sumir vilja meina að þessir listamenn myndu aldrei lifa af ef þeir kæmust ekki í fjölmiðlana, og þá þyrftu þeir fyrst verulega að spýta í lófana og láta hendur standa fram úr ermum. Sumt af þessu þykir þó framúrskarandi gott jafnvel þó að það gæti kólnað eftir einhver ár. Meðal þessarra listamanna eru **Gabriella Friðriksdóttir**, **Egill Sæbjörnsson**, **Ragnar Kjartansson** og **Elin Hansdóttir**. **Jón Sæmundur Auðarsson** hangir líka þarna inni þó að hann sé eiginlega aðallega orðinn fatahönnuður og verslunareigandi. **FYRIRMYND:** Ólafur Eliasson er takmark hipp og kúlsins.



## Stofulistin

**Gallerí Fold** var nú af flestum ekki einu sinni talin sem listakategoría, heldur gjafavöruslun, sem ætti fullan rétt á sér sem slík. Listfræðingar stundu þó yfir meginþorra landsmanna sem er að hugleiða listaverka kaup og sér ekki minn á gallerí i-8 og Gallerí Fold og að það sé á engan hátt hægt að líkja þessu saman. En myndlistin er lagskipt segja fróðir menn og að þetta er allt myndlist. Eins og að bera saman Halldór Laxness og Arnald Indriðason, það er pláss fyrir bæði. Þarna eru svona kommersjál listamenn eins og **Sossa** og **Tolli**, en inni á milli leynast myndlistarmenn eins og **Karólína Lárusdóttir** og **Daði Guðbjörnsson** sem dattu líka í framleiðslulínuna.



TOLLI

**NIÐURSTAÐA:** Leiðin inn í listina fyrir almenninginn sem er ekki tilbúinn til þess að kaupa útstillingarverk með klósetti.

## Krossararnir

Nei, við erum ekki að tala um eitruð lyf, heldur eru þetta þeir listamenn sem fara úr einu gallerí í annað og úr einni klíku í aðra. Sumir vegna hagsmunatengsla, aðrir hreinlega vegna þess að þeir eru bara vinir allra. Dæmi um krossara eru **Haraldur Jónsson**, **Gjörningaklúbburinn**, **Sigurður Guðmundsson** og **Steingrímur Eyfjörð**.



HARALDUR

## Einfararnir

Hafa lent í ófáum deilum við listamenn, eru viðurkenndir en eru ekki í einum klíkum. Sumir hafa brennt allar brýr að baki sér og eru utangarðs alls staðar. Dæmi um slíka eru nafnarnir **Hannes Sigurðsson** listfræðingur og forstöðumaður Listasafns Akureyrar og **Hannes Lárusson** listamaður og listrýnir.



BRAGI

## Gömlu kempurnar

Lítill líka þriggja listamanna sem allir hafa yndi af því að tjá sig í Morgunblaðinu. Þeir **Bragi Asgeirsson** (myndrýnir hjá Morgunblaðinu) **Einar Hákonarson** og **Kjartan Guðjónsson** sem rita aðsendar greinar, eru í raun einu virku listgagnrýndurnir á Íslandi þar sem önnur dagblöð eru því miður ekki að standa sig í menningarumfjölluninni. Sumum þykir afar sýrt að þessir sjálfskipuðu gagnrýndur séu listamenn sjálfir og að það skerði hlutleysi þeirra. Þeir eru þekktir fyrir að vera neikvæðir út í alla list sem er ekki málverk. Þeir eru æfir yfir því að sumt fólk fái að stunda list yfirleitt og finnst listamenn í dag ekki einu sinni kunna að teikna. Úthrópa listfræðingastéttina og vilja ráða því hvað lista-söfnin sýna, og helst eiga þau að sýna þá sjálfa. Eru mjög óvinsælir yfirleitt hjá bæði listamönnum og listfræðingum, sem telja þá hafa unnið mikinn skaða, en þetta er vafalaust vanþakklátt starf...

## Listfræðingarnir

Þessir fræðimenn vinna merkt starf við litlar þakkr stéttarinnar. Samtök myndlistarmanna djöflast oft á tíðum í þeim og það þykir alveg fátanlegt og óþolandi, því að þessi hópur skiptir mjög miklu máli. Þetta er jú eina fólkíð sem skrifar eitthvað af viti um efnið, og hefur verulegan áhuga á myndlist. **Jón Proppe**, **Hannes Sigurðsson**, **Halldór Björn** og **Gunnar Árnason** eru dæmi um listfræðinga sem vinna þetta mjög svo vanþakkláta starf. Það þýðir víst ekki að hatast út í eina fólkíð sem hefur alvöru áhuga á list.



HANNES





INGIBJÖRG

**101 klíkan**

Þetta er sennilega nýskipaðasta klíkan, í kringum galleríð sem **Ingibjörg Pálmadóttir** setti á fót. Fólk er ennþá að bíða eftir því hvað muni gerast þar. Ingibjörg er búin að ýja að því að vera með umboð fyrir listamenn en það hefur enn ekki orðið. **Jón Óskar** og **Hulda, Steingrímur Eyfjörð** og **Haraldur Jónsson** eru allir í þessari klíku.



**Safnararnir**

Fólkið sem safnar þarf að sjálf-sögðu að eiga pening, en þarf líka að vera með gott nef fyrir myndlist. Þeir safnarar sem mest hafa látið gott að sér kveða og eru naskir á myndlistina eru **Pétur Ara**, sem nú er kominn með listasafn sjálfur, **Gunnar Dungal** og kona hans **Pórdís Alda Sigurðardóttir** og einnig hefur heyrst hefur af listaverkakaupum **Sigurjóns Sighvatssonar**. **Björgúlfur Thor** er vist safnari líka og sagan segir að hann hafi sérstakar mætur á **Karli Kvaran**. Hugtakið safnari þarf þó að endurskilgreina að margra mati þar sem mikið af þessu ríka og nýrika liði ku ekki hafa hundsvit á myndlist og hægt að pranga ýmsu inn á það. En þá geta meðaljónarnir jú huggað sig við að geta enn keypt eitthvað sem vit er í. Efnafólk landsins ætti að sögn að fara að safna alþjóðlegri myndlist líka þar sem söfnin hafa ekki efni á henni og hún er varla til á Íslandi í mælanlegu magni. Þetta ætti að geta kitlað þá sem peningana hafa...



**Söfnin**

**Listasafn Reykjavíkur.** Miklar vonir eru bundnar við nýjan safnstjóra, **Hafþór Ingvarsson**, og menn eru spenntir að sjá hvað hann tekur sér fyrir hendur. Það virðist vera svo að pólitikusan séu að pota sér of mikið inn í þessa stofnun sem menn vilja ekki sjá gerast. Heyrst hefur tal um listasafnsráð sem er uppfyllt af pólitíkum sem sjást ekki einu sinni á myndlistarsýningum, og er talið að einhver vina og vandamannastefna gæti komið upp. **Listasafn Íslands** er því miður alls ekki nógu virkt í íslensku listalífi og virðist vanta allar fjárveitingar til þess. Þau söfn sem fólk telur vera að gera mjög góða hluti eru **Gerðarsafn** og **Listasafn ASÍ**.



**BJÖRTUSTU VONIRNAR:** Gallerí **Banananas** á Laugaveginum sem er nýtt og róttækt, **Hafþór Ingvarsson** hjá Listasafni Reykjavíkur og **Gallerí 101**.  
annabjornsson@frettbladid.is

# SIMS 2

## JÓLADISKURINN

The Sims 2

PC CD-ROM

The Sims 2 Christmas Party Pack

**1.499** Á

Ég panta þennan í jólagjöf!

**BT** Á betra verði í BT!

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444


**AUGLÝSINGASÍMI**

# 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**





hátíð ljóssins



Swarovski kristall



**15% afsláttur**  
af öllum ljósum og gjafavöru  
í dag og út þessa viku!





opið: virka daga 10 - 18, laugardaga 11 - 16, í dag, sunnudaga til jóla kl. 13 - 16.



16.900



68.800



79.800



19.800 (áklæði)

29.900 (leður)



198.000

opið í dag kl. 13 - 16

heima

húsgagnaverslun • bláu húsunum við faxafen • 568 4242





Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

**550 5000**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

# Safna gömlum íslenskum auglýsingum

Heimasíðan kvikmynd.is hefur vakið nokkra athygli undanfarið fyrir að safna til sín fjölda gamla íslenskra auglýsinga sem margar hverjar eru frá árdögum Ríkissjónvarpsins.

Á meðal þeirra eru auglýsingar um Oxan lágfreyðipvottaefnið og trésmíðuna Víði, sem báðar eru ansi sköndnar. Samtals eru gömlu auglýsingarnar rúmlega 60 talsins og fer fjölgandi með hverjum deginum. Einnig eru á síðunni hvorki fleiri né færri en um 350 nýrri íslenskar auglýsingar. Þeir Sindri Bergmann og Þóroddur Bjarnason stofnuðu síðuna fyrir fimm árum og hefur hún notið vaxandi vinsælda á meðal netverja. „Hugmyndin var til að byrja með að safna listavídeóum og öðrum sem okkur þótti skemmtileg. Síðan vatt þetta svolítið upp á sig,“ segir Sindri.

Hann segir að íslensku auglýsingarnar hafi komið héðan og þaðan. „Notendur hafa sent okkur auglýsingar og það var til dæmis einn sem hafði tekið upp áramótaskaupið og fundið auglýsingarnar þar. Síðan höfum við líka fengið auglýsingar



**SINDRI OG ÞÓRODDUR** Þeir Sindri Bergmann og Þóroddur Bjarnason stofnuðu kvikmynd.is fyrir fimm árum.

frá kvikmyndagerðum á borð við Filmus og Spark.“

Auk auglýsinganna er að finna á kvikmynd.is fjölmörg myndbönd sem hafa verið í gangi á netinu sem hafa verið vinsæl. Meðal annars er eitt af hollenskum sjónvarpsmanni sem missir sig algjörlega í útsendingu og

annað af brasilíska knattspyrnuspillingnum Ronaldinho þar sem hann sparkar boltanum á ótrúlegan hátt í þverslána. „Slysamýndbönd virðast einnig vera mjög vinsæl. Það er eitt sem heitir rennislys sem er samansafn af fólki að detta. Það er alltaf jafnvinsælt,“ segir Sindri. ■

**PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSR VEF**

**HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!**

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á [visir.is](http://visir.is)

Allt sem þú þarft og meira til

Allt um fasteignir og heimili á mánudögum í Fréttablaðinu.

## VERÐLAUNAKROSSGÁTAN NR. 33

	1	2	3	4		1	5	6	7	8	9	10	11	
12		13		8		5		14		6		2		12
15	16	6	2	12		14	5	3	17	16	18	16	14	2
16		8		19	20	21		22		2		8		16
22	10	14	16			15	23	22	18		24	11	8	14
25		4		5	22	26	14		23		4			
9	14	16	4	6			15		19	5	2	4	12	6
27		19		16	6	4	5	14	15	3		5		10
14	5	3	21	2	3		14		4	14	3	19	19	
			20		21		25	20	6	16		22		22
18	16	12	19		21	19	3	25		16	17	19	16	
3		6		26		7		2	23	12		5		2
21	2	28	21	14	7	29	25	16		15	5	14	2	9
16		6		16		4		12		3		11		3
	12	6	16	2	9	16	12	6		21	7	16	4	

A  
B  
C  
D  
E  
F  
G  
H  
I  
J  
K  
L  
M  
N  
O  
P  
R  
S  
T  
U  
V  
X  
Y  
Z  
Æ  
Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa í númeraða reiti. Í dag er M til dæmis í reit merktum 22 og fer þá M í alla aðra reiti með því númeri. Á er í reit númer 10 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 10 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn\*

### Lausnarorð

18  16  19  9  8  14

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti á númerið 1900. Dæmi um hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númer 1900.

\*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12. SMS-skeytið kostar 99 krónur

### Lausn nr. 31

L	A	U	F	B	Ó	K	A	B	Í	L	L			
E	Ð	E	Ó	R	A	E	V							
G	Á	F	U	R	L	A	U	S	L	E	I	K	I	
G	I	N	Í	U	N	L	G	N						
A	G	N	A	Ö	S	K	U	S	U	N	D			
L	N	Ö	Ð	R	U	R	K							
D	Í	S	E	L	L	P	L	E	B	B	I			
I	L	L	Í	F	L	Á	T	A	L	L	L			
N	A	U	M	U	R	A	G	R	I	L	L			
			Á	A	S	T	Í	A	N	Y				
S	E	G	L	K	Æ	T	A	Ó	D	Ý	R			
N	J	S	T	U	N	A	G	T						
A	K	A	S	Í	U	L	Í	M	S	T	Ó	R		
P	F	L	A	U	K	L	R							
M	I	L	D	A	Ð	U	R	A	R	F	I			

**MARKAÐURINN**  
FYLGR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**





Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.34	13.15 15.56
Akureyri	10.39	13.00 15.20

Heimild: Almanak Háskólans

atvinna .af

Hvernig verður maður nuddari bls. 6  
Einkabjálfi í góðu formi bls. 8

# allt - atvinna

FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 27. nóvember, 331. dagur ársins 2005.

SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR  
SÍMI: 550 5000

PÚ GETUR PANTAÐ  
SMÁAUGLÝSINGAR  
Á [visir.is](http://visir.is)

visir

allt  
atvinna  
Alla sunnudaga



Dagbjartur Garðar Einarsson er með risastórt Framhjarta og hefur stuðlað að skemmtilegri stemningu á heimaleikjum Framara í handbolta.

## Þarf að vera hæfilega vitlaus

Dagbjartur Garðar Einarsson hóf störf sem þulur handknattleiksdeildar Fram nú í haust. Þar hefur hann farið á kostum og vakið verðskuldaða athygli fyrir líflega og umfram allt kröftuga framkomu.

Dagbjartur, eða Daddi eins og hann er oftast kallaður, segir að Jóhann Einar, stórskytta úr Fram, hafi bent stjórnendum félagsins á sig. Daddi sér ekki eftir því að hafa tekið að sér þetta starf. „Starfið felst í því að bæði peppa áhorfendur og leikmenn upp og reyna að ná sem bestri stemningu á leiknum,“ segir Daddi eftir að hafa hugsað lengi um hvað felst í starfinu. Til að ná þessari stemningu segist Daddi þurfa að lifa sig vel inn í leikinn. „Ég er reyndar bara ég sjálfur. Þetta kemur einhvern veginn af sjálfu sér.“

Kappið hefur stundum hlaupið með Dadda í gönur því eitt sinn fékk hann tiltal frá dómara. „Ég var beðinn um að róa mig aðeins niður því ég var farinn að öskra: Áfram Framarar! Ég hafði ekki hugmynd um að það mætti ekki en maður er ekki

alveg með handboltafræðina á hreinu. Einu sinni kynnti ég líka óvart lið FH þegar við vorum að keppa á móti Aftureldingu. Það reyndar þarf ekkert að vera góður í handboltafræðinum í þessu starfi, bara að vera hæfilega áræðinn og vitlaus,“ segir Daddi.

Lögin sem notuð eru á leikjum, til dæmis á meðan leikhlé eru, segir Daddi að séu mjög mikilvæg. „Ég er kominn með sérlegan aðstoðarmann í það starf, Heimi Orra Magnússon, góðvin minn. Við ætlum einmitt að hittast fyrir næsta leik og sjóða saman góða lagarunu. Við reynum að höfða til allra aldurshópa og reynum umfram allt að koma á góðu stuði,“ segir Daddi hress í bragði. Daddi segir að Heimir hafi til dæmis komið með þá nýjung að spila „Bad boys, bad boys“ þegar leikmenn eru reknir út af og allt slíkt geri leikinn skemmtilegri.

Á leikjum reynir Daddi ekki að taka andstæðingana á taugum. Umfram allt reynir hann að koma leikmönnum Fram í stuði. „Þegar þeir peppast upp brotna andstæðingarnir niður,“ segir Daddi að lokum með stuð í hjarta.

steinthor@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU

ATVINNA

Samkvæmt vefriti fjármálaráðuneytisins hafa heildartekjur aldraðra aukist jafn mikið og annarra aldurshópa síðasta áratug. Heildartekjur einhleypra á aldrinum tuttugu og fimm til sextíu og sex ára hafa aukist um hundrað og níján prósent og heildartekjur einhleypra sem eru sextíu og sjö ára eða eldri hafa aukist um hundrað þrjátíu og fjögur prósent. Heildartekjur hjóna hafa aukist um hundrað og fimmtíu prósent hvort sem þau eru eldri eða yngri en sextíu og sjö ára.

nýlegu fjölbýlishúsi á Laugarvatni leigðar yfir jólatímann. Íbúðirnar eru leigðar út í sólahring, yfir helgi eða í heila viku í senn.

30.000 konum í Bretlandi er sagt upp störfum eða þær neyddar til að hætta ár hvert vegna þess að þær eiga von á barni og 200.000 í viðbót þurfa að þola misrétti af þessum sökum samkvæmt upplýsingum frá Jafnréttisráði Bretlandseyja. Ástandið er ennþá svona þrött fyrir að lög sem gera slíkar aðfarir ólöglegar hafi verið við lýði þar um slóðir í þrjátíu ár.



Ekki virðist skipta máli hvort um konur í hálaunastörfum eða þeim lægst launuðu er að ræða. Vinnuútskiptingum getur haft áhrif á alla fjölskylduna þar sem tekjumissirinn sem fylgir í kjölfar vinnuútskiptinga konunnar getur jafnvel orðið til þess að fjölskyldan þurfi að skipta um húsnæði. Þessar konur eru sjaldnast í ástandi til að sækja rétt sinn fyrir dóm-

Árni Magnússon félagsmálaráðherra stendur fyrir ráðstefnu um jafnréttismál í Salnum 1. desember. Félagsmálaráðherra hvetur karla til þess að taka þátt í jafnréttisumræðunni svo að árangur náist.

Félagsmenn VR geta fengið tvær orlofsibúðir félagsins í

## Sérfræðingar óskast



### Vef- og viðmótsþróun

Starfssvið

Þróun vefkerfa og notendaviðmóta. Þarfagreiningar fyrir viðskiptavinum TrackWell og ábyrgð á afhendingu lausna.

Hæfniskröfur

Umsækjandi þarf að hafa menntun á sviði tölvunar- eða kerfisfræði. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi viðtæka reynslu af vefþróun, uppbyggingu vefþjónustu og hönnun viðmóta. Viðkomandi þarf einnig að hafa góða þekkingu á Java J2EE eða .NET þróun. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á Linux eða Unix stýrikerfum og einu eða fleiri skriftumálum.

### Þróun og þjónusta viðskiptalausna

Starfssvið

Þróun og þjónusta á viðskiptalausnum TrackWell. Samskipti við viðskiptavinum TrackWell og ábyrgð á afhendingu lausna.

Hæfniskröfur

Umsækjandi þarf að hafa reynslu og menntun í hugbúnaðargerð. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og hafa ríka þjónustulund.

Allir umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði og verða að geta unnið sjálfstætt, agað og eiga auðvelt með samskipti við aðra. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að vinna í tæknilega krefjandi umhverfi og tileinka sér nýja hluti.

Nánari upplýsingar má fá hjá framkvæmdastjóra hugbúnaðarsviðs Sigurði E. Guttormssyni. Tekið er á móti ferilsskrám á [job@trackwell.com](mailto:job@trackwell.com) eða á skrifstofu félagsins.



TrackWell er leiðandi fyrirtæki í hugbúnaðarlausnum sem hámarka nýtingu hreyfanlegra auðlinda (Mobile Resource Management). Fyrirtækið er í góðum rekstri með marga trausta viðskiptavinum og samstarfsaðila. Hjá fyrirtækinu starfar góður og samstilltur hópur með mikla reynslu og þekkingu.

TrackWell hf.  
Laugavegi 178  
sími 510 0600  
fax 510 0601  
[www.trackwell.com](http://www.trackwell.com)



## Staða leikskólastjóra við leikskólann Sólborg Ísafirði

Staða leikskólastjóra er laus frá og með 1. janúar 2006. Sólborg er fjögurra deilda skóli með börn á aldrinu 1-6 ára og eru einkunnarorð skólans: virðing- gleði- sköpun.

Leitað er að leikskólastjóra sem er með leikskólakennaramenntun, með reynslu af stjórnun skóla og starfsmannastjórnun, lipran í mannlegum samskiptum og með góða faglega þekkingu á málefnum leikskóla.

Umsóknir skulu berast til: Sigurlínu Jónasdóttur leikskólafulltrúa, Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Leikskólafulltrúi veitir nánari upplýsingar í s. 450 8001, netfang: [leikskolafulltrui@isafjordur.is](mailto:leikskolafulltrui@isafjordur.is).

Við bjóðum flutningsstyrk, þróttmikla leikgrunn, -og menntaskóla, öflugt íþrótt- og menningarlíf, frábæra fjallaloftið okkar og margrómaða ísfirski lognið.

Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2005.





## VR og VH sameinast

Stefnt að fullri sameiningu eftir árs reynslutíma.

Verslunarmannafélög Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hafa gert með sér samkomulag um samstarf félaganna og stefna að sameiningu eftir eins árs reynslutíma. Þetta kemur fram á vef VR, [www.vr.is](http://www.vr.is).

Í samkomulaginu er kveðið á um að félagsmenn Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar öðlist full réttindi miðað við reglur VR frá gildistöku sammings um næstu áramót.

Nýir félagsmenn VH ávinna sér rétt í samræmi við reglur VR. Félagin verða rekin sem eitt félag á reynslutímanum að undanskildum eignum félaganna en komi til sameiningar verða þær jafnframt sameinað-

ar. Í samkomulaginu er kveðið á um fulla sameiningu félaganna eftir eins árs reynslutíma, sé vilji fyrir því hjá báðum aðilum. Undir lok reynslutímans munu bæði félagin því taka afstöðu til sameiningar.

Samkomulagið verður kynnt á almennum félagsfundum VH í

Gaflinum við Reykjanesbraut á morgun kl. 20.00. Kosning hefst daginn eftir og stendur hún til 6. desember. Kosid verður á skrifstofu VH á skrifstofutíma, kl. 9.00 til kl. 16.00.

VR og Verslunarmanna-

félag Vestmannaeyjaundirrituðu fyrir í þessum mánuði samstarfs-samning þar sem stefnt er að sameiningu félaganna eftir tvö ár og nýlega sameinuðust VR og Verslunarmannafélag Akraness eftir tveggja ára samstarf.



Flest afgreiðslufólk í verslunum er í VR en mörg önnur verslunarmannafélög hafa sameinast því að undanförmu.



Mikil jólaós er hafin í verslunum og starfsfólk þeirra hefur mikið að gera. Það verður þó að gæta þess að hvílast vel.

## Allir eiga rétt á hvíldartíma

**Mesta vinnutörn ársins hjá afgreiðslufólki er framundan og í tilefni þess minnir Verslunarmannafélag Reykjavíkur félagsmenn sína á réttindi þeirra og skyldur, en oft er fólk óvísst um þessi atriði.**

„Við erum að minna fólk á að þegar svona mikið er að gerast þá þarf það hvíldartíma, að menn eigi rétt á ellefu stunda hvíld á milli vinnudaga og rétt á einum lögbundnum frídegi í viku hverri,“ segir Elías Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs VR.

Margir þekkja hreinlega ekki, eða eru óvissir um, réttindi sín og skyldur á þeim háannatíma sem jólin eru, og því bendir VR fólk á þau.

Elías segir það góða vinnureglu að skrá niður vinnutíma sinn í jólamánuðinum. „Í mörgum tilvikum er um talsverða aukavinnu að ræða og mikilvægt að halda vel utan um tímaskráningu svo komast megi hjá misskilningi og mistökum við útreikning launa. Þar sem flestar verslanir ráða tímabundið til sín skólafólk yfir háannatímann er einnig mikilvægt að hnykkja á þessu atriði við nýtt samstarfsfólk,“ segir Elías.

Starfsfólk VR dreifir póstkortum til flestra stærstu fyrirtækjanna fyrir jólin, þar sem minnt er á rétt starfsfólksins.

„Við erum aðallega að vekja fólk til umhugsunar um þetta, og þá kannski ekki síst atvinnurekendum,“ segir Elías.

„Auk þess má minna á að fyrsta vinnudag eftir jól skal dagvinna í

verslunum hefjast klukkan tíu,“ segir Elías og bætir við að þegar unnið er á laugardögum og sunnudögum ber að greiða starfsfólki fyrir minnst fjögurra tíma vinnu, jafnvel þó unnið sé skemur.

Starfsfólk á rétt á að minnsta kosti hálf tíma vinnuhléi á hverjum degi, en annar réttur til vinnuhléa er mismunandi eftir því hvort viðkomandi samningur fellur undir SA eða FÍS.

Jafnframt skal desemberupp-bót til félagsmanna VR greiddast ekki síðar en 15. desember. Desemberupp-bót í ár fyrir fullt starf á árinu er kr. 45.000, skv. kjarasamningi VR og SA, en kr. 60.000 skv. kjarasamningi VR og FÍS.

VR veitir frekari upplýsingar á heimasíðu sinni, [www.vr.is](http://www.vr.is), sem og á skrifstofunni.



Góð hljóðvist er mikilvæg fyrir unga sem aldna.

## Hljóðvistvæn fyrirtæki fá viðurkenningar

Vinnueftirlitið veitti nýlega fimm fyrirtækjum viðurkenningu fyrir gott starf og góðar lausnir sem miðuðu að því að draga úr hávaða og bæta hljóðvist.

Viðurkenningarnar voru afhentar á morgunverðarfundum Vinnueftirlitsins og Vinnuvistfræðifélags Íslands sem haldinn var í tilefni evrópskrar vinnuverndarviku.

Mörg fyrirtæki hafa verið að gera góða hluti, bæði til að fyrirbyggja hávaða strax á hönnunarstigi og eins til að bregðast við hávaða þar sem hann er til staðar. Þó er ljóst að víða er pottur brotinn í þessum efnum og því full ástæða til að vekja fólk og fyrirtæki til umhugsunar um hávaða á vinnustöðum og í umhverfinu.

Viðurkenningarnar sem Vinnueftirlitið veitti fyrirtækjunum fimm eru til þess að vekja athygli á því hvernig fyrirtæki geta beitt sér til þess að skapa

starfsfólki sínu þægilegra vinnuumhverfi og betri hljóðvist. Þessi fyrirtæki hafa gert sér ljóst að hávaðavarnir skila sér í ánægðara starfsfólki sem aftur skilar sér í betri starfsanda, heilsu og framleiðni.

Fyrirtækin sem hlutu viðurkenningar eru: Bifreiðaverkstæði Bernhards ehf. fyrir að bæta hljóðvist verulega á bifreiðaverkstæði, Hitaveita Suðurnesja fyrir að vinna markvisst að því að dempa hávaða í orkuverum, Leikskólinn Glaðheimar fyrir að beita sér fyrir hugarfarsbreytingu innan vinnustaðarins til að starfsfólk og börn leggi sitt af mörkum við að draga úr hávaða, Lundarskóli fyrir að bæta hljóðvist í kennslustofum með því að setja upp hljóðkerfi og loks Orkuveita Reykjavíkur fyrir að gera sérstakar ráðstafanir til að hávaði yrði ekki truflandi þáttur í opnum skrifstofurýmum.

Vinnueftirlitið vonar að þetta megi verða öðrum fyrirtækjum hvatning til þess að draga úr hávaða og bæta hljóðvist.

## Króna konunnar til sölu

Ungir femínistar hafa látið útbúa barmmerki í líki íslenskrar krónu sem 35 prósent vantar í og er henni ætlað að vekja athygli á launamuni karla og kvenna.

„Konur kaupa krónu konunnar á 65 krónum en karlmenn á 100 krónum. Við vildum vekja athygli á því að annað hvort ættu konur að fá sömu laun og karlmenn eða þær ættu að fá 35 prósent afslátt á öllu,“ segir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, ráðskona ungra femínista. „Þetta er bæði mjög sýnilegt og táknrænt.“

Krónan er úr málm og lítur út rétt eins og venjuleg króna, nema að það vantar rúman þriðjung í hana. Krónan er gerð að erlendri fyrirmynd, en svipað hefur verið gert við evruna.

Ætlunin var krónan yrði tilbúin fyrir Kvænnafrídaginn, en það dróst. Það er þó ekki verra, því nú heldur króna konunnar áfram að minna fólk á launamisréttið, að sögn Steinunnar.

Félagið gaf Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra krónuna og var hann með hana í barminum við afhendingu Edduverðlaunanna á dögnum, sem Steinunn segir ungliðahópin hafa glaðst yfir. Ungliðahópur Femínistafélagsins samanstendur af ungu fólki, jafnt strákum sem stelpum, sem telur að jafnrétti kynjanna sé ekki náð og vill leggja sitt af mörkum í baráttunni.

„Fyrsta pöntun af krónunni er að verða uppseld og við biðum því eftir þeirri næstu,“ segir Steinunn. Þá verður hún væntanlega fáanleg víðs vegar um Reykjavík, en sem stendur fæst krónan í Kaffi Hljómalind á horni Klapparstígs og Laugavegs.



Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, ráðskona Ungra femínista.



## Vélamaður Hólmavík



Staða vélamanns hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar á Hólmavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og fjármálaráðherra.

### Starfssvið:

- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd og vinnuvélaréttindi
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 4. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafli.is

## Vélamaður Ólafsvík



Staða vélamanns hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar í Ólafsvík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og fjármálaráðherra.

### Starfssvið:

- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd og vinnuvélaréttindi
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugura@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 4. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafli.is

## Bílstjóri á minni sendibíl

Karl K. Karlsson heildverslun óskar eftir bílstjóra á minni sendibíl.

Viðkomandi þarf að hafa ökuskrirteini eldra en 1993 eða meirapróf.

Leitað er að röskum og jákvæðum aðila. Góð laun í boði – Vinnutími frá kl. 08-17:00. Umsóknir sendist á [david@karlsson.is](mailto:david@karlsson.is)



Orkuveita Reykjavíkur óskar að ráða öflugan einstakling í stöðu deildarstjóra Framkvæmdadeildar, sem er innan Framkvæmdasviðs Orkuveitunnar

## Deildarstjóri óskast

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmasta hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri vistvænni orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur tekur mið af skynsamlegri nýtingu orkulinda og fyrirtækið er til fyrirmyndar í umgengni á eigin umráðasvæðum og vinnur þar að uppgræðslu lands og friðun dýralífs.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Framkvæmdadeild Orkuveitu Reykjavíkur hefur aðsetur í höfuðstöðvum Orkuveitunnar að Bæjarhálsi.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Deildarstjóri Framkvæmdadeildar stýrir öflugri sveit starfsmanna sem sjá um allar verklegar framkvæmdir sem unnar eru af eigin vinnuflokkum og verkstæðum Orkuveitunnar. Í deildinni starfa 160 manns. Verkefni deildarinnar ná til dreifikerfa rafmagns, hitaveitu, kalda vatns, gagnaveitu og fráveitu auk annarra verkefna sem henni eru falin, s.s. varðandi fasteignir OR. Deildarstjóri ber ábyrgð á rekstri deildarinnar, fjárhagslega og faglega. Deildarstjóri vinnur mjög náið með sviðstjóra Framkvæmdasviðs og gerir starfið miklar kröfur til starfsmannsins.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði verkfræði og/eða viðskipta eða sambærilegu. Þeir þurfa að hafa góða reynslu af stjórnun verklegra framkvæmda, t.d. úr verktakastarfsemi. Æskilegt er að þeir hafi haft mannaforráð. Þá er lögð mikil áhersla á fagmennsku, frumkvæði, metnað og samskiptahæfileika.

Upplýsingar og umsjón með úrvinnslu umsókna hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Sigrún Yr. Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli-Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 7. desember nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að leggja inn umsókn á heimasíðu Mannafli-Liðsauka: [www.mannafli.is](http://www.mannafli.is) og sendið jafnframt ferilskrá og yfirlit yfir umsagnaraðila.

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað.

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI



## Viltu sveigjanlegan vinnutíma?

IMG  
GALLUP

IMG Gallup óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöld- og helgarvinnu.

IMG er stærsta rannsóknar-, ráðningar- og ráðgjafafyrirtæki landsins þar sem yfir 100 sérfræðingar með fjölbreytta reynslu og menntun stuðla að bættum árangri viðskiptavina. Markmið IMG er að starfsfólk sé ánægð í starfi og hafi tækifæri til að vaxa og þróast á sínu sviði. Þetta teljum við að skili okkur hæfara starfsfólki og fyrirtækinu betri árangri.

IMG Gallup rekur stórar úthringistöðvar í Reykjavík og á Akureyri. Starfsfólk vantar nú í Reykjavík.

Krafist er góðar íslenskukunnáttu og framúrskarandi þjónustulundar. Boðið er upp á skemmtilegt starfsumhverfi. Lágmarksaldur umsækjenda er 18 ár.

Nánari upplýsingar veitir Hjördís Búadóttir í síma 540-7180. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka [www.mannafli.is](http://www.mannafli.is).

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafli.is

## Starfsmaður á lager

Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar óskar eftir að ráða skipulagðan og metnaðarfullan einstakling í Lagerstarf. Um framtíðarstarf er að ræða fyrir réttan einstakling hjá traustu fyrirtæki. Vinnutími er frá kl. 8:00 til 17:00 þrjú daga. Lager fyrirtækisins er staðsett í Austurhrauni 5 í Garðabæ.

### Starfssvið:

- Móttaka vöru
- Tiltekt vörupantana
- Útkeyrsla vöru í afleysingum
- Önnur verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meirapróf skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og metnaður í starfi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 4. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
mannafli@img.is

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
www.mannafli.is



*Gott fólk McCann*

# LEITAR AÐ FÓLKI

Hjá okkur snýst tilveran um að skapa góðar hugmyndir og setja þær fram á frumlegan og athyglisverðan hátt.

Þessar hugmyndir hafa veitt stofunni og viðskiptavinum okkar mikilvægt forskot og ekki síður því góða fólki sem hér vinnur.

Með nýjum viðskiptavinum og spennandi tækifærum leitum við að fleira góðu fólki.

**Ef þú ert einn eða ein af þeim sendu okkur það sem þú telur að við þurfum að vita um þig á [umsokn@gottfolk.is](mailto:umsokn@gottfolk.is) eða á Gott fólk McCann, Laugavegi 182, 105 Reykjavík fyrir 5. desember.**

## VIÐSKIPTASTJÓRI

með menntun í markaðs- og viðskiptafræðum sem sér um markaðsráðgjöf og önnur samskipti við viðskiptavini, gerð markaðs- og kostnaðaráætlana, ásamt reikningagerð.

## BIRTINGARÁÐGJAFI

með mikla skipulagsgáfu, reynslu af Excel og góða hæfni í mannlegum samskiptum.

**GRAFÍSKUR/MARGMIÐLUNAR HÖNNUÐUR**  
með góða þekkingu á grafískri hönnun og vefhönnun auk færni í After Effects.

**GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR**  
með góða þekkingu og reynslu af umbúðahönnun.

**GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR**  
með þekkingu og almenna reynslu af grafískri hönnun.

**HUGMYNDA- OG TEXTASMIÐUR**  
með frjótt ímyndunarafli og áhuga á auglýsingagerð.

**PRÓFARKALESARI OG TEXTASMIÐUR**  
með háskólapróf í íslensku og reynslu af textagerð.



## Lagerstarf

### Rekstrarvörur

...vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík



553606

Rekstrarvörur óska eftir að ráða starfsmann á lager RV að Réttarhálsi. Leitað er að röskum, traustum, þjónustulunduðum, kurteisum og snyrtilegum einstaklingi sem vill vinna með góðri líðsheit.

Í starfinu felst tiltekt og móttaka á vörum, tiltekt á pöntunum, umhirða á lager og annað tilfallandi.

Vinnutími er frá kl. 8:00-18:00 mánudaga - föstudaga. Um framtíðarstarf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 25 ára. Möttuneyti er á staðnum.

Skráning og upplýsingar á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)

Vinna.is  
Sími 511-1144  
[www.vinna.is](http://www.vinna.is)

**vinna.is**  
ATVINNUMIÖLUN

## Viltu vinna hjá flottu fyrirtæki?

Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu út um allan heim. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú tæplega 1550 manns á 63 skrifstofum í 22 löndum.

Markmið Samskipa er að vera í fararbroddi í uppbyggingu og þróun flutninga- starfsemi og veita viðskiptavinum sínum bestu mögulega þjónustu og ráðgjöf.



## Reyðarfjörður: Afgreiðslustjóri

Við leitum að ábyrgðarfullum og dugmiklum starfsmanni í starf afgreiðslustjóra á Reyðarfirði. Afgreiðslustjóri hefur umsjón með losun og lestun skipa og flutningstækja, sér um afstemmingu farmskrár flutningsaðila og samskipti við tolla- yfirvöld. Þá sér afgreiðslustjóri um skipulagningu og eftirlit með flutningi tækja Samskipa og verktaka og fleiri tilfallandi störf. Vinnutíminn er að jafnaði frá kl. 8:00–17:00.

### Hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu hafa reynslu af akstri, lestun og losun skipa og flutningstækja. Hafa góða hæfni til mannlegra samskipta og er gerð krafa um reglusemi og góða ástundun. Umsækjendur skulu hafa réttindi á lyftara með yfir 10 tonna lyfti- getu og eru ADR-réttindi æskileg en ekki skilyrði.

## Reyðarfjörður: Verkstjóri í skipaafgreiðslu

Við leitum að dugmiklum einstaklingi sem er nákvæmur, sam- viskusamur og stundvís. Um er að ræða starf við verkstjórn við losun og lestun skipa, þjónustu við viðskiptavini og almenna vörumeðhöndlun. Vinnutíminn er að jafnaði frá kl. 8:00–17:00 en er þó að hluta óreglulegur sem tengist skipakomum.

### Hæfniskröfur:

Viðkomandi þarf að vera lipur í mannlegum samskiptum, sjálf- stæður, hafa frumkvæði og vera þjónustulundaður. Réttindi á lyftara með lyftigetun yfir 10 tonnum er skilyrði.

### Áhugasamir:

Vinsamlegast sendið inn skriflegar umsóknir til Landflutninga-Samskipa á Reyðarfirði, b.t. Kristmann Pálmason, Óseyri 1, 730 Reyðarfjörður.

Allir umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð og engan fíkniefnaferil.

Umsóknarfrestur er til 1. desember nk.

Kristmann Pálmason aðstoðarrekstrarstjóri veitir allar nánari upplýsingar um stöfin í síma 458 8837 eða 858 8837. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

## IGS GROUND SERVICES



Flugþjónustan Keflavíkur- flugvelli ehf., IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. Félagið er eitt af dóttur- félögum FL Group. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróun- og sámenntunarstefna.

## Heilsársstörf hjá IGS 2005

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) vill ráða fólk í lítið mottuneyti á Reykjavíkurflugvelli. Um er að ræða mottuneyti með að jafnaði 50–60 manns í mat á daginn en færri á kvöldin. Vinnufyrirkomulag er vaktarvinna.

### Helstu verkefni:

- Bera fram og sjá um heita rétti, súpu/brauð og salatbar í starfsmannamottuneyti
- Þrif á matsal, áhöldum og snyrtiaðstöðu sem fylgir mottuneytinu
- Taka á móti flugvélamat, utanumhald og gera matarvagna tilbúna fyrir flug
- Tvær máltíðir á dag. Hádegismatur og kvöldmatur alla daga vikunnar

Áhersla er lögð á snyrtimennsku, þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvís og árvekni. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á vefsíðu okkar, [www.igs.is](http://www.igs.is), nánari upplýsingar fást hjá starfsmannaþjónustu IGS í síma 4250230. Einnig veitir deildarstjóri flugeldhúss upplýsingar í síma 8647161. Umsóknir berist ekki síðar en 2. desember 2005.

**SAMSKIP**



## Viðskiptafræðingar

Vegna aukinna verkefna og skipulagsbreytinga, óskar Ernst & Young hf. eftir viðskiptafræðingum í fullt starf.

### ERNST & YOUNG

Ernst & Young er alþjóðleg keðja með yfir 100.000 starfsmenn í 140 löndum. Ernst & Young International er eitt af fjórum stærstu endurskoðunarframtækjum í heiminum. Aðild okkar að Ernst & Young International veitir okkur aðgang að nýjustu tækni, upplýsingum og verkfærum á starfssviði okkar, og gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar fyrsta flokks þjónustu hvort sem er á Íslandi eða erlendis. Einnig skapar þetta samstarf mikla möguleika fyrir símenntun starfsmanna og tryggir þeim aðgang að alþjóðlegum gagnagrunni sem nýttist þeim við úrlausnir verkefna.

Frekari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess, [www.ey.is](http://www.ey.is)

Um framtíðarstörf er að ræða og spennandi tækifæri til þess að hafa áhrif á þróun og framgang fyrirtækisins á næstu árum. Hjá Ernst & Young hf. er lögd áhersla á samvinnu milli starfsfólks og nán tengsl við viðskiptavinum okkar. Við felum starfsfólki okkar ábyrgð og leitum eftir því að það sýni frumkvæði og komi bæði okkur og viðskiptavinum okkar til góða. Tækifæri eru til að starfa erlendis.

#### Starfssvið

- Vinna við endurskoðun og reikningskil
- Skattframtöl og skattaráðgjöf
- Önnur sérfræðipjónusta við viðskiptavinum félagsins

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Æskilegt er að viðkomandi sé viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði
- Mjög góð tölvu- og bókhaldskunnátta er skilyrði
- Reynsla af uppgjörsvinnu er æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- A.m.k. 1-2 ára starfsreynsla sem viðskiptafræðingur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum

Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 5. desember nk.

Númer starfs er 5001.

Frekari upplýsingar veita: Ari Eyberg og Katrín S. Óladóttir.

Netföng: [ari@hagvangur.is](mailto:ari@hagvangur.is) og [katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is)

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • Bréfasími 520 4701 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## Hvernig verður maður nuddari?

### Hlutverk starfs

Nuddarar meðhöndla bólgu, spennu og aðra kvilla í vöðvum og vefjum með nuddi. Þeir beita nuddi til að auka vellíðan nuddþegans og láta hann slaka á. Einnig eru nuddarar leiðbeinendur um heilbrigðar lífsvenjur, mataræði, hreyfingu og rétta líkamsbeitingu.



### Námið

Nám til nuddara er þrjúþætt. Fyrst er farið í tveggja ára bóklegt nám á nuddbraut í Fjölbautaskólanum í Ármúla/Heilbrigðisskólanum sem er samtals 66 einingar. Að því loknu tekur við tveggja ára verkleg þjálfun upp á 32 einingar í Nuddskóla Íslands, Asparfelli 12. Þá tekur við árs starfsþjálfun á nuddstofum sem viðurkenndir nuddmeistarar FÍN hafa umsjón með. Eftir þessi fjögur ár útskrifast namar frá FÁ og Nuddskóla Íslands með réttindi sem heilsunuddari, en unnið er að því að starfsheitið fái viðurkenningu innan heilbrigðisráðuneytisins sem heilbrigðisgrein.



### Helstu námsgreinar

Bóklegt nám skiptist í 38 eininga aðfaranám (sem hægt er að taka í öðrum skólum) og sérgreinanám upp á 28 einingar. Áfangar í aðfaranámi eru íslenska, erlend tungumál, stærðfræði, saga/félagsfræði, náttúrufræði og óbundið val. Sérgreinanám skiptist í eðlisfræði, heilbrigðisfræði, líffæra- og lífeðlisfræði, vöðvafræði, næringarfræði, sálfræði, siðfræði, sjúkdómafræði, fræðslu í líkamsbeitingu, skyndihjálpar og rekstri fyrirtækja.

Í verklega náminu í Nuddskóla Íslands er kennt ilm- og sogæðanudd, vöðvateygjur, klassískt, heildrænt- og íþróttanudd, vöðva/hreyfifræði, svæðanudd og fræðsla um íþróttameiðslu.

### Inntökuskilyrði

Hægt er að innrita sig í bóklega námið tvisvar á ári en viðkomandi verður að hafa lokið samræmdu grunnskólaprófi. Umsækjendur með meiri menntun eru metnir inn. Sækja þarf sérstaklega um í Nuddskóla Íslands og verða umsóknir að hafa borist fyrir þann 20. maí. Skólinn tekur samtals við 22 nemum og einungis á haustin. Vegna fjölda takmarkana hefur nemendafjöldi í bóklegt nám einnig verið takmarkaður.



### Að námi loknu

Nemendur sem lokið hafa bóklega námi af nuddbraut geta bætt við sig einungum og lokið stúdentsprófi.

**Starfsvettvangur**  
Nuddarar starfa einkum á heilsuræktarstöðvum, sundlaugum og á einkastofum.

[www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is) | sími 570 3030 | fax 570 3001

# Flugmenn



Flugfélag Íslands hf. áformar að ráða til starfa flugmenn á Fokker 50 og Dash 8 flugvélar.

### Hæfniskröfur:

- Gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsráttun fyrir 2ja hreyfla flugvél.
- Bóklegt nám til réttinda atvinnuflugmanns I. flokks.
- Námskeið í áhafnarsamstarfi (MCC).
- Réttindi á fjölhreyflaflugvél.
- Læknisskoðun I. flokks í gildi.
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Stundvísi, reglusemi og lipurð í mannlegum samskiptum.

### Eftirfarandi gögn skulu fylgja með umsókn:

- Afrit af flugmannsskírteini ásamt áritunum og heilbrigðisvottorði.
- Afrit af prófskírteini ásamt einkunnum fyrir bóklegt flugnám.
- Afrit af stúdentsprófskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum ásamt einkunnum.
- Nýtt sakavottorð.
- Afrit af skráningu síðustu 100 klst. í flugdagbók.
- Eftirfarandi sunduliðun flugtíma: Heildarflugtími, blindflugstími (við blindflugsskilyrði), flugtími sem flugstjóri, flugtími á fjölhreyfla flugvél og flugtími sem flugkennari.

### Umsóknarfrestur:

Skriflegar umsóknir berist starfsmannaþjónustu Flugfélags Íslands **ekki síðar en 7. desember 2005**. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar. Umsækjendur þurfa jafnframt að geta gengist undir inntökupróf á næstu vikum verði þess óskað. Rafrænar umsóknir sendist á [umsoknir@flugfelag.is](mailto:umsoknir@flugfelag.is)

*Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyrirtæki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.*

*Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð að skipa hæfum og liprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa gaman af vinnunni sinni.*

*Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 240 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfsemi þess.*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS







FJARÐABYGGÐ

## Laus staða íþróttakennara

Við óskum að ráða íþróttakennara í 100% stöðu við Grunnskóla Reyðarfjarðar. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið kennslu 4. janúar en í síðasta lagi 20. febrúar. Umsóknarfrestur er til 11. desember.

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar eru 124 nemendur frá 1. – 10. bekk, 15 kennarar og 7 aðrir starfsmenn. Íþróttahúsið er á skólalóðinni og salurinn er að hluta byggður yfir sundlaug. Íþróttir í sal eru kenndar fram að páskum en sund eftir páska. Ný líkamsræktarstöð verður opnuð í húsinu í byrjun janúar. Næsta haust verður tekið í notkun fjölnota íþróttahús með gervi-grasvelli og frjálisíþróttastöðu og stórglæsilegt skólahúsnæði til að mæta væntanlegri fjölgun nemma. Í því húsnæði verður einnig rekinn tónlistarskóli og bókasafn.

Skólinn vinnur að þróunarverkefni um Einstaklingsmiðað nám og lýðræðislega starfshætti og fær ráðgjöf frá Rannsóknardeild Háskólans á Akureyri.

Nánari upplýsingar veitir þóroddur Helgason, skólastjóri, í s: 474-1247 eða 863-1247 og Ásta Ásgeirsdóttir, aðstoðarskólastjóri, í síma 474-1247.

Umsóknnum skal skilað á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar á Reyðarfirði.



## Sérfræðingur á sviði barnaverndar og félagsþjónustu

Fjölskyldumiðstöð Árborgar auglýsir laust starf sérfræðings á sviði félagslegrar ráðgjafar. Verkefnasvið félagslegrar ráðgjafar er fyrst og fremst samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

### Starfssvið:

- Félagsleg ráðgjöf í einstaklings- og fjölskyldumálum
- Fjárhagsaðstoð
- Barnavernd og forvarnir

### Menntun og hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf er æskileg eða háskóla menntun á sviði félagsvísinda
- Reynsla á sviði barnaverndar og/eða félagsþjónustu er æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

Laun eru samkvæmt samningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss, fyrir 15. desember 2005.

Nánari upplýsingar veitir verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar, Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi, í síma 480-1900, netfang anny@arborg.is

Í sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 6.900 manns. Fjölskyldumiðstöð Árborgar veitir íbúum sveitarfélagsins þjónustu á sviði félags-, fræðslu-, æskulýðs-, menningar-, tómstunda-, forvarna- og íþróttamála. Sérstök áhersla er lögð á teymisvinnu og þverfaglegt samstarf starfsmanna með það að markmiði að efla velferðarþjónustu sveitarfélagsins og skapa fjölskylduvænt samfélag.



Framkvæmdasvið Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða öflugan starfsmann til starfa í framtíðarstörf.

## Loftlínumenn óskast

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmasta hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri vistvænni orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur tekur mið af skynsamlegri nýtingu orkulinda og fyrirtækið er til fyrirmyndar í umgengni á eigin umráðasvæðum og vinnur þar að uppgræðslu lands og friðun dýralífs.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Um er að ræða störf við rafdreifikerfi OR, sérstaklega við loftlínakerfi.

### ■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.

Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com).

Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins



SKÍFAN KYNNIR

# SKOTHELT TILBOÐ

BRAD  
PITT

ANGELINA  
JOLIE

## Mr. & Mrs. Smith



DVD

1.999 kr.

**NÝTT!**

Kauptu svölustu mynd ársins með  
heitasta pari heims á DVD í Skífunni og  
þú færð einn miða frítt á jólamyndina  
Ice Harvest í kaupbæti\*



\* meðan birgðir endast



...skemmtir þér ; )



## Frumherjar rokksins



**Kl. 17.00**

**Duo Giocoso kemur fram á tónlist-arhátíðinni Tónað inn í adventuna, sem nú stendur yfir í Nes Kirkju. Duo Giocoso skipa þær Pamela de Sensi á þverflautu og Sophie Marie Schoojans hörpuleikari. Á þessum tónleikum flytja þær ljúfa og rómantíska tónlist eftir franska meistara á borð við Ibert og B. André.**

Hvildardagskvöldin á Grand Rokk eru aldeilis ekki af baki döttin. Í kvöld verður dagskráin helguð innleggi frumherja rokksins og fyrstu rokkiþýmyndunum.

Frá síðasta vetri hafa viðfangsefni Hvildardagskvölda tengst þeim tónlistarstefnum sem loks náðu að gerja rokkdrykkinn, sem flæddi yfir barma bikarsins um miðbik sjötta áratugarins. Allt hófst þetta þó á tímum þrælalshaldsins þegar afrískur taktur og óreglu- legar taktskiptingar runnu saman við evrópska tónfræði og kirkjulega sálmatónlist. Vegna víxlverkunar þessara ólíku menningarheima urðu til þrjú merkileg afkvæmi: blús, djass og sveitatónlist. Eftir meira en hundrað ára meðgöngu er komið að sjálfri fæðingu rokksins og verða sýndar tvær frægar rokkiþýmyndir frá árinu 1956 ásamt skemmtilegri heimildarmynd og líflegu viðtali við leikstjórnann John Waters.

Þýmyndirnar eru The Girl Can't Help It með kynbombuna Jayne Mansfield í aðalhlutverki og hin margfræga Rock Around the Clock sem loksins er varpað upp á tjaldíð tæpum fimmtíu árum eftir



sögulega frumsýningu í Stjórnubíói. Hér er Bill Haley langflottastur.

Dagskrá kvöldsins hefst að venju klukkan 20 með því að horft verður á Poppunkkt á stóra tjaldinu þar sem Fræbbblarnir og Geirfuglarnir keppa í átta líða úrslitum.

### > Ekki missa af ...

... jólaseríu Tilraunaeldhússins í Nýlistasafninu á næstu vikum. Þar verður boðið upp á fjölbreytta tónleika og uppákomur að hætti hússins. Fyrstu tónleikarnir verða á þriðjudagskvöldið með **Degi Kára Péturssyni, Valgeiri Sigurðssyni, Aauxpan, Rassi, Skólahljómsveit Vesturbæjar, Daniel Björnssyni og Birgi Andrésyni.**

... styrktartónleikum **BUGL** sem haldnir verða á þriðjudag og miðvikudag í Garfargskirkju. Þar mun **Hjörleifur Valsson** fjöluleikari leiða hóp tólf hljóðfæraleikara í flutningi á Árstíðunum eftir Antonio Vivaldi.

# menning

menning@frettabladid.is

Stóra svið		Nýja svið/Litla svið	
<b>Salka Valka</b>		<b>Lífsins tré</b>	
Fr 24/11 kl. 20	Fö 25/11 kl. 20	Fö 25/11 kl. 20	Lau 26/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 20	Su 11/12 kl. 20	Fr 27/12 kl. 20	Lau 3/12 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20			
<b>Woyzeck</b>		<b>Alveg brílljant skilnaður</b>	
Lau 26/11 kl. 21	Su 27/11 kl. 21	Su 27/11 kl. 20	UPPSELT
Fr 29/11 kl. 20	Fr 1/12 kl. 20	Ma 28/11 kl. 20	UPPSELT
Fö 2/12 kl. 20	Mi 7/12 kl. 20	Su 4/12 kl. 20	UPPSELT
Fr 29/12 kl. 21	Fö 9/12 kl. 20	Fr 29/12 kl. 20	AUKAS.
	Fö 30/12 kl. 21	Fö 30/12 kl. 20	AUKAS.
<b>Kalli á þakinu</b>		<b>Síðustu sýningar!</b>	
Lau 26/11 kl. 14	Su 27/11 kl. 14	Fr 24/11 kl. 20	Mi 30/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 14	Su 11/12 kl. 14	Mi 28/12 kl. 20	
Ma 26/12 kl. 14			
<b>Íd - HAUST</b>		<b>Mánnaft</b>	
Wonderland, Critic's Choice? og Pocket Ocean		Fr 24/11 kl. 20	
Mi 23/11 kl. 20		Mi 30/11 kl. 20	
ATH síðasta sýning!		Mi 28/12 kl. 20	
<b>GJAFAKORT</b>			
GETDU EFTIRMÍNILEGA UPPLIFUN			
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GELD			
ENDALHAUST			
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is			

## Drengjarödd og saxófónn

Ísak Ríkhartósson drengjasópran og Sigurður Flosason saxófónleikari verða í áberandi hlutverkum á tónleikum Mótettukórs Hallgrímskirkju á þriðjudagskvöld.

„Jólatónleikarnir okkar í fyrra heppnuðust svo vel að við ákváðum strax að gera geisladisk með þessu efni,“ segir Hörður Áskelsson, organisti og stjórnandi Mótettukórs Hallgrímskirkju.

Geisladiskurinn er núna kominn út og nefnist Jólágjöfin. Á honum eru fjórtán íslensk jólalög, bæði gömul og ný, sem sum hver eru að heyrast í fyrsta skipti. Þar á meðal eru tvö lög eftir Hörð sjálfan sem ekki hafa heyrst áður. Önnur lög eru flest í nýjum og spennandi útsetningum sem ekki hafa heyrst áður.

Jólatónleikar kórsins í ár verða því jafnframt útgáfutónleikar disksins og verða haldnir þrisvar sinnum; fyrst á þriðjudagskvöldið og síðan endurteknir tvisvar um næstu helgi. Síðustu tónleikarnir verða teknir upp fyrir sjónvarp og sendir út á aðfangadagskvöld.

Mikið verður um tónleikahald í Hallgrímskirkju fram að jólum og marka þessir jólatónleikar jafnframt upphafið að tónlistarhátíð á föstu. Sunnudaginn 4. desember verða orgeltónleikar þar sem Björn Steinar Sólbergsson leikur glæsilega jólatónlist frá ýmsum tímum, með sérstaka



FRÁ JÓLATÓNLEIKUM MÓTETTUKÓRSINS Í FYRRA Sigurður Flosason, Hörður Áskelsson, Ísak Ríkhartósson og Björn Steinar Sólbergsson.

áherslu á franska jólatónlist.

Þá verður Jóláórotaría Bachs flutt með alþjóðlegri barokkhljómsveit helgina 10. til 11. desember.

„Við ætlum í ár að klára það sem við byrjuðum á í fyrra, sem er að flytja Jóláórotaríauna alla með upprunalegum hljóðfærum.“

Hingað til lands koma ein-söngvararnir Eyjólfur Eyjólfsson, Hulda Björk Garðarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir og Ágúst Ólafsson til að taka þátt í tónleikum. Hljómsveitin er komin frá Hollandi og er þetta í þriðja skiptið sem hún kemur til landsins á einu ári.

„Það er þvilík lyftistöng fyrir okkur að fá þessa hljómsveit hingað og fyrir barokktónlistarflutning á Íslandi. Þótt menn hafi verið að gera ýmislegt eins og í Skálholti með Bachsveitinni þar þá hafa menn aldrei fengið fullskipaða sveit þar sem hver einasti hljóðfæraleikari er sérmenntaður á barokkhljóðfæri.“



## Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

### STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

#### HALLDÓR Í HOLLYWOOD

Lau. 3/12 nokkur sæti laus. Síðasta sýning.

#### KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Í dag sun. 27/11 kl. 14:00 örfá sæti laus. Síðasta sýning fyrir jól. Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00 og kl. 17:00.

#### EDITH PIAF

Í kvöld sun. 27/11 **uppsett**, sun 4/12 **uppsett** - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

### LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

#### BRIM

Mið. 30/11 **uppsett**. Aukásýningar lau. 3/12 örfá sæti laus, sun. 4/12 örfá sæti laus. Allra síðustu sýningar.

### SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

#### FRELSI

Mið. 30/11 **uppsett**, fim. 1/12 **uppsett**, fös. 2/12 nokkur sæti laus, lau. 3/12. Allra síðustu sýningar. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin.

### LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

#### LEITIN AÐ JÓLUNUM

Mið. 30/11 kl. 13:00 **uppsett**, lau. 3/12 kl. 13:00, sun. 4/12 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 örfá sæti laus, þri. 6/12 kl. 10:00 **uppsett**, mið. 7/12 kl. 10:00 **uppsett**, fim. 8/12 kl. 10:00 **uppsett**, lau. 10/12 kl. 13:00, sun. 11/12 kl. 14:00 **uppsett** og kl. 16:00 **uppsett**, þri. 13/12 kl. 10:00 **uppsett** og kl. 11:15 **uppsett**, lau. 17/12 kl. 13:00, sun. 18/12 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 örfá sæti laus.

### DÓMSALURINN KL. 20.30

#### RÉTTARHÖLDIN

Þri. 29/11 "Var Halldór hinn sanni Íslendingur?" Aðgangur ókeypis og öllum opin.

### LEIKHÚSKJALLARINN

Í kvöld sun. 27/11 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans - Q56 Tónlist eftir Joe Henderson.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MIÐASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**Nína og Geiri**  
Söngbók  
Björgvins Halldórssonar  
Leikstjóri: Gunnar Helgason

2. des. Uppsett svæði 1  
3. des. Uppsett svæði 1

4. des. Aukásýning kl. 21  
Jólahlaðborð heft kl. 17

9. des. Uppsett svæði 1  
10. des. Uppsett svæði 1  
16. des. Uppsett svæði 1  
17. des. Uppsett svæði 1  
28. jan.

BROADWAY 5331100 Netfang: midasala@broadway.is  
Ógreiddir miðar selðir hálfmánuði fyrir viðburð.

**Tónleikurinn**  
**BÍTL**  
Laugardag 26/11  
Laugardag 3/12

**SÍÐUSTU SYNINGAR!**

Landsbankinn  
loft KASTALINN  
552 3000

## ÁSTIR OG ÖRVENTING HÁDEGISTÓNLEIKAR 29. NÓV. KL. 12.15

Hlín Pétursdóttir, sópran, og Kurt Kopecky, píanó, flytja lög og aríur eftir Britten, Stravinsky og Menotti. Miðaverð kr. 1.000.- (MasterCardhafar kr. 800.-)

### Gjafakort í Óperuna - tilvalin jólagjöf

Frá kr. 1.000 (hádegistónleikar) og upp í 6.500 (stúkusæti á óperusýningar) og allt þar á milli.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200  
Íslenska óperan | v/Inngölfstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík | Sími: 511 6400



**Le Sing**  
Syngjandi þjónar  
Ein vinsælasta leikýning landsins.  
Alla laugardaga

Alltaf jafn forsk - alltaf jafn skemmtileg

BROADWAY  
Sími: 533-1100

**HIMNARÍKI**  
Geðklofin gamanleikur  
eftir Ána Ibsen

22. sýn. 3. des. - Örfá sæti laus  
23. sýn. 10. des.  
24. sýn. 28. des.

Miðapantánir í síma 555 2222 og á miði.is



## HVAD? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

24 25 26 27 28 29 30

## Sunnudagur

## TÓNLEIKAR

17.00 „Duo Giocoso“ kemur fram á tónlistarhátíðinni Tónað inn í aðventuna, sem nú stendur yfir í Nes Kirkju. Duo Giocoso skipa þær **Pamela de Sensi**, þverflauta og **Sophie Marie Schoojans**, harpa. Á þessum tónleikum flytja þær ljúfa og rómantíska tónlist eftir franska meistara á borð við Ibert og B. André.

17.00 Útgáfutónleikar **Guðrúnar Gunnarsdóttur** og **Friðriks Ómars Hjörleifssonar** verða í Salnum í Kópavogi.

20.30 **Karlakór Hreppamanna** heldur opinbera tónleika í Skálholtsdómkirkju undir stjórn **Edit Molnár**. Gestur kvöldins verður **Magnea Gunnarsdóttir** sem syngur einsöng við undirleik **Mikklos Dalmy**.

21.30 Kvartettinn **Q56** leikur á djassklúbnum Múlanum í Þjóðleikhúskjallaranum. Kvartettinn skipa þeir **Steinar Sigurðarson** saxófónleikari, **Agnar Már Magnússon** pianóleikari, **Gunnar Hrafnsson** bassaleikari og **Kári Árnason** trommuleikari.

## FYRIRLESTRAR

15.00 **Ágúst Georgsson**, sérfræðingur á Þjóðminjasafni Íslands, flytur erindi „Ljósni á leiðunum“ í fyrirlesttrasal Þjóðminjasafnsins.

## SAMKOMUR

20.00 **Vigdís Finnbogadóttir** flytur erindi á aðventukvöldi í Seltjarnarneskirkju. **Kammerkór Seltjarnarneskirkju** flytur Magnificat í D-dúr eftir J. S. Bach ásamt strengjasveit og **Barnakór Seltjarnarneskirkju** syngur jólalög. Stjórnandi er Viera Manasek. Organisti er Pavel Manasek.

## KVIKMYNDASÝNINGAR

20.00 **Hvildardagskvöld** á Grand Rökk verður að þessu sinni helgað **frumherjum rokksins**. Sýndar verða heimildar- og tónlistarmyndir, þar á meðal rokkbíómyndirnar *The Girl Can't Help It* og *Rock Around the Clock*, báðar frá 1956.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## NÝJAR BÆKUR

Hjá Máli og menningu er komin út bókinn **Huldukonur í íslenskrí myndlist** eftir Hrafnhildi Schram. Í þessari bók eru leiddar fram tíu íslenskar konur sem héldu til myndlistarnáms erlendis á síðustu áratugum 19. aldar og upp úr aldamótum. Bókin er ríkulega búin jafnt litmyndum af verkum huldukvanna sem og gömlum ljósmyndum af umhverfi þeirra og samtíð.



Hjá Vöku-Helgafelli er komin út **Djöflartan** eftir Mörtu Mariu Jónasdóttur og Þóru Sigurðardóttur. Hríkalega mynd saga um Söru sem á tuttugasta og áttunda afmælisdeginum uppgötvar að draumprinsinn er ekki allur þar sem hann er séður. Í stað þess að leggjast í eynd og volæði grípur hún til vopna. Og hún er með heilan her með sér ...



## Yfirborðskennt tal um fótbolta

[ BÆKUR ]

UMFJÖLLUM

Því miður hef ég litla sem enga hugmynd um hver Guðni Bergsson er, eftir að hafa lesið bókina Guðni Bergs - Fótoltasaga. Þar fer Guðni Bergsson yfir glæsilegan knattspyrnuferil sinn með Þorsteini J. Vilhjálmssyni.


Bókin er skrifuð í fyrstu persónu þar sem Guðni rekur feril sinn, allt frá barnæsku til atvinnumennskunnar á Englandi. Stíllinn er einfaldur og frásögn Guðna er yfirveguð en því miður yfirborðskennnd. Aldrei er gerð tilraun til að draga upp heildstæða mynd af manninum Guðna Bergssyni. Knattspyrnan er höfð sem útgangspunktur í öllum köflum bókunnar, sem er miður því tilfinningaveran og metnaðarfulli



heimsmaðurinn Guðni Bergsson, sem bjó ásamt fjölskyldu sinni á Englandi í fimmtán ár, er örugglega um margt merkilegur. Til þess að dýpka umfjöllunarefni bókunnar hefði þurft að skyggast aðeins út fyrir knattspyrnavöllinn því það er margt sem gerist utan hans sem samt hangir saman við árangur innan hans. Það vantar innsýn inn í hugarfar og lífssýn Guðna sem er grunnurinn að afrekum hans í lífinu. Þannig er það hjá öllu fólki. Guðni er þar engin undantekning.

Þegar fjallað er um einstakling í tvö hundruð síðna bók er ein krafa sem lesandi hennar verður að geta gert að hann kynnist manninum, Guðna Bergssyni í þessu tilfalli, að einhverju leyti. Kynnist persónueinkennum hans og geti ráðið í það hvað gerði það að verkum að hann náði svo langt sem raun ber vitni sem knattspyrnumaður. Til að vita hvers vegna Guðni náði árangri hefði þurft að huga betur að persónunni sjálfri sem um er fjallað. Hún er í eðli sínu ekki knattspyrnumaður. Hún er margslungnari en svo. Þó Guðna hafi gengið ágætlega að eiga við knattspyrnumanninn John Barnes innan vallar, eins og lýst er í bókinni, er ekki þar með sagt að lesandinn hafi einhverja hugmynd um hvaða mann Guðni hefur að geyma - það veldur vonbrigðum.

Bókinni til hróss er þó hægt að segja að hún sé afskaplega fljótlesin, auðskiljanleg og ágætlega skrifuð. Guðni útskýrir hvers vegna hann var ekki valinn í landsliðið af Guðjóni Þórðarsyni um árabíl. Margir bíða eflaust



GUÐNI BERGS - FÓTOLTASAGA

Höf: Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Útg: Mál og Menning

Niðurstaða: Lesandinn kynnist Guðna Bergssyni lítið sem ekkert í þessari bók og það er hennar helsti galli. Virðist vera unnin upp úr yfirborðskennu tali tveggja manna.

eftir því að lesa þann kafla í bókinni, enda var það mikið hitamál í þjóðfélaginu á sínum tíma.

Hér hefur ekki verið vandað nægilega til verka og svo virðist sem mikilvægara hafi verið að koma bókinni út fyrir jól en að klára verkið, að reyna að draga upp heildstæða mynd af Guðna.

Bókin ber þess merki að hún hafi verið unnin upp úr yfirborðskennu tveggja manna tali og það kann aldrei góðri lukku að stýra.

Magnús Halldórsson



**allt** heimili

Alla fimmtudaga

## DELTALIGHT

## Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið lau.: 11:00 - 16:00 // sun.: 13:00 - 16:00

**allt**matur

Alla föstudaga



## Harry Potter tekur flugið

„Allir Svíar eru kommar, hommar eða aumingjar, teik jor pikk. Margir meiraðsegja kommar og hommar og aumingjar. Fyrir utan Ingemar Stenmark auðvitað.“

— Það vefst ekkert fyrir löggutudanum Guðna í Blóðbergi. Evars Arnar Jósefssonar.



Bókin um Harry Potter og Blendingprinsinn er mest seldi bókina á Íslandi þessa dagana en í síðustu viku velti galdratrakurinn sjálfum Arnaldi Indriðasyni og Vetraborginni úr efsta sæti sölulista Félagsvísindastofnunar og Morgunblaðsins sem byggir á könnun á öllum helstu bóksölustöðum landsins. Bókaútgáfan Bjartur greinir frá þessu á heimasíðu sinni og þar á bæ ríkir vitaskuld mikil gleði þar sem það er vissulega meira en að segja það að skáka Arnaldi. Harry Potter ógnar þó Arnaldi ekki á aðallista sölubóka hjá Pennanum - Eymundssyni og Máli og menningu en ástæðan er einfaldlega sú að barnabækur eru ekki teknar inn á aðallistann. Harry er þó að sjálfsgöðu á toppi barnabókalistans en nú þegar er

búið að dreifa 10.000 eintökum af bókinni í verslanir. Það á svo væntanlega ekki eftir að draga úr eftirspurninni að fjórða bíómyndin um Harry, Harry Potter og eldbikarinn, var frumsýnd á Íslandi um helgina. Gagnrýnendur eru almennt sammála um að hér sé á ferðinni besta Harry Potter myndin hingað til sem þarf ekki að koma á óvart þar sem doðrantur J. K. Rowling um Harry og eldbikarinn er ákaflega safarík og bitastæð lesning. Hvað áður nefndan aðallista sölubóka hjá Pennanum snertir er Arnaldur Indriðason enn í efsta sæti með Vetraborgina en á hæla honum kemur ævisaga Jóns Ólafssonar skráð af Einarí Kárasyni og því næst ævisaga Auðar Eirar Vilhjálmssdóttur eftir Eddu Andrésdóttur. Hallgrímur Helgason er í fimmta sæti með Rokland og Yrsa Sigurðardóttir fylgir honum með spennusöggunni Þriðja tákninu.



### > Bók vikunnar

Auður Eir - Sólin kemur alltaf upp á ný. Edda Andrésdóttir ræðir við Auði Eir Vilhjálmssdóttur, fyrstu konuna sem hlaut prestsvígslu á Íslandi, í þessari bráðskemmtilegu bók. Það er óhætt að segja að Auður Eir kunnir að segja frá þannig að saga hennar rennur ákaflega ljúflega.



## bækur

baekur@frettabladid.is



### HALLDÓR GUÐMUNDSSON > SKRIFAR UM BÓKMENNTIR

## Af rithöfundum

Góður maður sagði mér að ástæðan fyrir því að þeim Gunnari Gunnarssyni og Halldóri Laxness kom yfirleitt vel saman hafi verið sú, að þeir voru hvor um sig algerlega sannfærðir um að hinn væri næstbesti höfundur Íslands. Þess vegna hafi þeim verið útlátalaust að vikja góðu hvor að öðrum: Halldór Laxness skrifaði hlýlega um Gunnar, einkum Fjallkirkjuna, og Gunnar veitti Halldóri ómetanlegt lið þegar hann var að stíga sín fyrstu skref á framabrotinu erlendis. Hann þýddi Sölu Völku á dönsku, og Halldór þakkaði fyrir sig með því að þýða Fjallkirkjuna og fleiri verk Gunnars á íslensku. Og sjálfstraust þeirra hvors um sig hefur valdið því að þeir hafa umgengist á heilbrigðum grundvelli - svona af rithöfundum að vera.

Rithöfundar þurfa iðulega að heyja eins manns styrjaldir við umheiminn og það skýrir margt í þeirra fari. Starfið er einmanalegt árið um kring og svo þegar kemur að útgáfu verða menn að treysta á hæfileikann til að koma sér á framfæri, rétt einsog framþjóðendur í prófkjörslag. Frægasti gagnrýnandi Þýskalands, Marcel Reich-Ranicki, segir frá því í endurminningum sínum hvernig hann varði eitt sinn heilum degi með þekktum rithöfundum frá ættlandi sínu, Póllandi. Þeir fóru langar gönguferðir og allan fyrri part dags ræddu þeir um höfundinn og verk hans. Uns höfundurinn sneri sér allt í einu að gagnrýnandanum og sagði upp úr eins manns hljóði: Þetta er nú ekki hægt! Hér erum við búnir að ræða um mig allan daginn. Tölum aðeins um þig! Hvað finnst þér um mínar bækur?

Þórbergur Þórðarson, sem lengi vel tregðaðist við að tala um sjálfan sig sem rithöfund, skrifaði árið 1922 í tilefni af útkomu kvæðabókar sinnar, Hvítir hrafnar: „Og hví skyldum vér amast við bókinni? Hún neyðir þig ekki til að lesa sig. Hún lætur persónu þína afskiptalaus. Hún liggur þarna einmana í horninu í bóksölubúðinni eins og þrítug piparjómfrú. En sá voði vofir yfir þér alla ævi þína, að rithöfundur setjist inn til þín og þylji yfir þér heila syrpu af óþrentuðum ljóðum. Bækur eru saklausir hlutir, en rithöfundar eru ægilegar verur.“

Hið síðast nefnda þótti vist líka fjölskyldu Charles Dickens um H. C. Andersen, sem heimsótti Dickens tvisvar í Englandi. H. C. Andersen dáði Dickens að eigin sögn, bæði sem höfund og mann. Seinna skiptið sem Andersen kom var árið 1857 og dóttir Dickens sagði síðar um danska ævintýraskáldið: Hann var þrautleiðinlegur, og hann ætlaði aldrei að fara. Einn sona Dickens sagði að strax fyrsta morguninn hefði Andersen látið senda eftir eldri bróður sínum til að láta hann raka sig, og að þeir bræður hefðu aldrei kynnst annarri eins tilætlunarsemi. Svo stóð líka illa á hjá Dickens fjölskyldunni, erfiður hjónaskilnaður var í uppsiglingu og ekki bætti úr skák að Daninn gat varla gert sig skiljanlegan á ensku. En sjálfur skrifaði Andersen í minningum sínum: „Eg var svo hamingjusamur! Dvölin hjá Dickens hlaut að verða og varð einn af hápunktum lífs míns.“ Þetta er einn af kostum sjálfhverfunnar: Sá sem hefur hana í nógu ríkum mæli verður ekkert mikið var við hvernig fólkinu í kringum hann líður.

Að þessu leyti er sjálfhverfan ekki bara eiginleiki þess sem þarf að koma sjálfum sér á framfæri, hún getur líka verið nauðsynleg vörn. „Skáldið er tilfinning heimsins, og það er í skáldinu sem allir aðrir menn eiga bág,“ segir í Heimsljósi. Þegar bókmenntunum tekst að tjá drauma okkar og þrjár, angst okkar og áhyggjur, fyrirgefum við höfundinum sjálfhverfuna - án hennar væri hann opin kvika. Þess vegna er það og verður mælikvarði á hvert samfélag hvort það sýni rithöfundum sínum virðingu - eins þótt þeir séu „ægilegar verur“.



## Alltaf eitthvað nýtt í Kjarval

Kjarval 1885 - 1972 nefnist ný bók sem komin er út í tilefni þess að 120 ár eru liðin frá fæðingu Jóhannesar Kjarvals. Þetta er yfirgripsmesta verk sem ritað hefur verið um málarann.

Í bókinni eru listferli Kjarvals og persónu gerð ítarleg skil í máli og myndum. Bókin er mikil að velli; alls 640 blaðsíður að stærð í stóru broti og í henni birtast 516 listaverk og 150 ljósmyndir, margar sem ekki hafa komið fyrir sjónir almennings áður.

„Ætli ég hafi unnið að þessari bók í tæp fimm ár með hléum,“ segir Kristín G. Guðnadóttir, sem ritar meginkafla bókarinnar. Henni til halds og trausts voru Silja Aðalsteinsdóttir, Gylfi Gíslason, Arthur C. Danto, Matthías Johannessen og Eiríkur Þorláksson. Silja fjallar um manninn og skáldið; Gylfi um teiknarann út frá sjónarhorni listamanns; Danto, sem er heimskunnur bandarískur listheimspekingur, um Kjarval séð með augum útlendings; Matthías skrifar út frá persónulegum kynnum sínum af meistaranum og Eiríkur ritstýrir æviannál og skrá.

„Bókin byggir á nýjum rannsóknnum,“ segir Kristín. „Við nýttum okkur efni sem hefur aldrei verið notað áður og bregður ljósi á marga þætti í lífi hans sem áður voru ekki þekktir. Það er því dregin upp ný heildarmynd af honum sem manni og listamanni sem er að vissu leyti öðruvísi en við töldum.“

Kristín hafði lengið unnið á Kjarvalsstöðum og stúderað list Kjarvals þegar Einar Matthías-



MÁLVERK EFTIR KJARVAL Bókin er byggð á nýjum rannsóknum og Kristín segir að margt nýtt komi í ljós um Kjarval.

son hjá Nesútgáfunni kom að máli við hana og lagði til að þau gæfu út viðamikla bók um hann. „Hann átti frumkvæðið að þessari útgáfu og ég er mjög ánægð og stolt yfir því hvað hann lagði mikinn metnað í hana.“

Kristín segir að ógjörningur sé að áætla hversu mikil vinna hafi farið í gerð bókarinnar, en hún

var aldrei við það að fallast hendur. „Kjarval er svo spennandi listamaður. Það er alltaf hægt að koma auga á eitthvað nýtt í verkum hans og það hvetur mann til að halda áfram. Þótt hann sé sá myndlistarmaður sem Íslendingar þekkja best, á hann tvímæla laust enn þá erindi.“

bergsteinn@frettabladid.is

## Færð þú jólagjöf frá ÓB-jólasveini?

Jólasveinar mæta á ÓB við Fjarðarkaup reglulega til jóla og gefa gjafir frá Nóa Sírusi, Senu eða JPV.

Fylgstu með á Rás 2!

Allt um leikinn á ob.is





# Tær snilld!

## Smoothie skyrdrykkurinn

hlaut **gullverðlaun** og að auki sérstök

## heiðursverðlaun

á mjólkurvörusýningu í Herning í Danmörku.

Ekki nóg með það, heldur einnig tilnefndur til

**Skandinavísku mjólkurverðlaunanna.**

20g prótein ▷

Viðbætt mysuprótein ▷

Náttúrulegar trefjar ▷

Náttúruleg hráefni ▷



◁ Engin fita

◁ Fáar hitaeiningar

◁ Engin sætuefni

◁ Engin aukaefni

Einn Smoothie skyrdrykkur inniheldur jafnmikið magn af hágæðapróteini og er í lítilli skyrdós.

KEA-skyr Smoothie byggir í grunninn á hreinu KEA-skyri sem eitt og sér er ríkt af hágæða próteinum. Til að styrkja enn hollustu drykksins er bætt í hann, við vinnslu, hreinum mysu-próteinum (Whey Protein) sem unnin eru úr mjólk. Til að tryggja enn frekar hollustu drykksins inniheldur hann 1% vatnsleysanlegar trefjar (inulín).

KEA-skyr Smoothie inniheldur mjög litla fitu, aðeins 0,2%, en sú fita sem í drykknum finnst er mikilvæg vegna fjölbreytileika lífsnauðsynlegra fitusýra. KEA-skyr Smoothie inniheldur fáar hitaeiningar þrátt fyrir að sneytt er hjá notkun allra sætuefna, en það er gert til að tryggja að öll hráefni séu náttúruleg. Drykkurinn inniheldur þannig einungis frá 81 til 85 hitaeiningar (kcal pr 100 g) þrátt fyrir hátt næringargildi.







**HÁDEGISBÍÓ** HÁDEGISBÍÓ - 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI **3 BÍÓ** 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDR KL. 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓ

**ÁLFABAKKI**  
 HARRY POTTER OG ELDB. KL. 1-2-4-05-5-05-7-10-8-10-10-15-11-15 B.I. 10  
 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN VIP KL. 2-5-05-8-10-11-15  
 LORD OF WAR KL. 8-10-30 B.I. 16  
 ELIZABETH TOWN KL. 8-10-30  
 LITLI KJÚLLINN *isl. tal* KL. 2-4-6  
 CHICKEN LITTLE *enskt tal* KL. 6  
 TWO FOR THE MONEY KL. 10-30 B.I. 12  
 TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 4-6  
 FLIGHTPLAN KL. 8 B.I. 12  
 WALLACE & GROMIT *isl. tal* KL. 2

**KEFLAVÍK**  
 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 2-5-8-11  
 ZORRO 2 KL. 2-5-30  
 FOUR BROTHERS KL. 8-10-30

**AKUREYRI**  
 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 1-4-6-8-10  
 LITLI KJÚLLINN *isl. tal* KL. 2-4  
 SERENITY KL. 11

**KRINGLAN**  
 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 12-2-4-6-8-10 B.I. 10  
 SERENITY KL. 8-11 B.I. 16  
 CHICKEN LITTLE *enskt tal* KL. 6  
 LITLI KJÚLLINN *isl. tal* KL. 12-2-4  
 KISS KISS BANG BANG KL. 10-30 B.I. 16  
 WALLACE & GROMIT *isl. tal* KL. 2

**HÁDEGISBÍÓ**  
 HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 2-4-6-8-10 B.I. 10  
 LORD OF WAR KL. 5-30-8-10 B.I. 16  
 ELIZABETH TOWN KL. 10  
 LITLI KJÚLLINN KL. 2-3

**HÁSKÓLABÍÓ**  
 THE MARCH OF THE PENGUINS KL. 3-6-8-10-30  
 TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 3-8  
 DRABET KL. 6

FRÁBÆR SKEMTUN **SAMBÍÓIN**

ALFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 548 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

Uppáhaldsterta Harry Potter er á leið í verslanir!

**3 BÍÓ - 400 KR.**

Synd kl. 3 með íslensku tali

Synd kl. 3

**3 BÍÓ** 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDR KL. 3 UM HELGAR Í HÁSKÓLABÍÓ, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

**KRINGLAN SAMBÍÓIN** ATH! Miðsalan opnar kl. 11 **HÁDEGISBÍÓ - 400 KR.**

Synd kl. 12

Synd kl. 12 með íslensku tali

**HÁDEGISBÍÓ** 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDR KL. 12 UM HELGAR Í SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

**TOM HANKS POLAR EXPRESS**  
 EIN STÓRKOSTLEGASTA JÓLASAGA ALLRA TÍMA LOKSINS KOMIN Í VERSLANIR Á DVD.  
 TRYGGÐU ÞÉR EINTAK STRAX!

**SAMMYNDR**

**FRÉTTABLAÐIÐ** **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**





### Áfram í Prótti

Miðjumaðurinn Halldór Arnar Hilmisson leikur áfram með Prótti á næstu leiktíð en hann framlengdi samning sinn við félagið til tveggja ára í gær.

# sport

sport@frettabladid.is



## 60 MÆÐ PATREKI JÓHANNESSYNI SEKÚNDUR

**Stjarnan eða KA?** Stjarnan.

**Spánn eða Þýskaland?** Þýskaland.

**Hápunktur ferilsins?** EM 2002.

**Lágpunktur ferilsins?** HM 1995.

**Besti samherji?** Allt of margir. Get ekki valið á milli.

**Erfiðasti andstæðingur?** Á Íslandi er það Halldór Ingólfsson en annars Staffan Olsson.

**Mesta afrek?** Að byrja í háskólanámi.

**Kaffi eða te?** Kaffi.

**Kók eða Pepsi?** Hvorugt.

**Í hvaða sæti lendir Ísland á EM?** Líðið kemst í undanúrslit?

**Hverjir verða Evrópumeistarar?** Ég tippa á Frakka.

**Besti leikmaður DHL-deildarinnar?** Tite Kalandadze.

**Besti íslenski leikmaðurinn í dag?** Guðjón Valur Sigurðsson.

**Besti íslenski leikmaður allra tíma?** Alfreð Gíslason.

**Handbolti er... frábær íþrótt.**

**Viggó Sigurðsson er... góður þjálfari.**

**Besti leikmaður heims í dag?** Guðjón Valur.

### > Jónas Grani eftirsóttur

Nokkur félög hafa sýnt Jónasi Grana Garðarssyni, leikmanni FH, áhuga en hann þurfti að verma varamannabekkinginn hjá FH löngum stundum í fyrra. Jónas Grani er enn samningsbundinn FH en líklegt er þó að hann fari frá Íslandsmeistur-unum til þess að fá að spila meira. Breiðablik hefur sýnt Jónasi Grana áhuga en ekkert hefur þó verið ákveðið ennþá hvert Jónas Grani fer, ef að því verður.



## Heiðar berst áfram fyrir sæti sínu hjá Fulham

Heiðar Helguson er ákveðinn í því að bíða þolinmóður eftir tækifærinu í byrjunarliði Fulham.

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Heiðar Helguson er ekki á þeim buxunum að gefast upp þrátt fyrir að á móti blási í upphafi ferils hans hjá enska úrvalsdeildarfélaginu Fulham.

Heiðar hefur fengið fá tækifæri hjá liðinu en Chris Coleman, stjóri liðsins, hefur haldið tryggð við aðra sóknarmenn liðsins þó að Fulham hafi aðeins skorað fjórtán mörk í deildinni til þessa. Heiðar hefur komið fimm sinnum inn á sem varamaður en ekki enn byrjað leik en hann hefur þó skorað fyrir Fulham þegar hann fékk tækifæri í enska deildabikarnum sem hann nýtti vel og þar skoraði hann tvö mörk í jafnmörgum leikjum.

Enskir fjölmiðlar greindu frá því um helgina að Wolves vildi fá Heiðar lánaðan til sín en Dalvíkingurinn hefur ekki hug á að fara og hyggst berjast fyrir sæti sínu í liðinu. „Ég heyrði af áhuga Wolves á að fá mig en klúbburinn sagði nei við því. Ég hef ekki neinn áhuga á að fara neitt að láni, að minnsta kosti ekki núna þar sem ég er nýkominn til liðsins. Eins og staðan er í dag er ég ekki að fara neitt, hvorki núna né í janúar. Ég ætla að vera hérna út tímabilið en skoða svo málin næsta sumar. Ég er bara búinn að vera hérna í þrjá mánuði og það er allt of snemmt að vera að æsa sig núna,“ sagði Heiðar við Fréttablaðið í gær. Heiðar er þekktur fyrir baráttu sína innan vallar og hún er greinilega til staðar utan hans líka: „Það þýðir



HEIÐAR HELGUSON Heur ekki í hyggju að leggja árar í bát þó á móti blási þessa dagana.

ekkert annað en að berjast bara og bíta á jaxlinn. Mér líður mjög vel hjá liðinu og hef ekkert út á það að setja, mér var tekið mjög vel þegar ég kom.

Óneitanlega er ég ekki sáttur við þau fáu tækifæri sem ég er að fá enda hef ég bara verið að koma inn á og spila í nokkrar mínútur þannig að þetta er mjög takmarkað. Ég er í sínu formi miðað við hvað ég hef fengið að spila lítið og er ekkert út á það að setja.

Heiðar hyggst ekki gefast upp enda þarf lítið út af að bera til að hann fái tækifærið í byrjunarliðinu. „Já, það þarf ekki mikið til en hingað til höfum við verið heppnir með meidsli. Það er mjög gott fyrir liðið þó svo að það bitni kannski á tækifærum

mínum. Chris Coleman er þannig stjóri að hann heldur tryggð við þá leikmenn sem spila og ef þú spilar ágætlega ertu í liðinu og þú veist það. Það gefur þeim leikmönnum sem spila meira sjálfs-traust. Þetta hefur ekki hjálpað mér mikið en Chris gerir það sem hann telur að sé best fyrir liðið.

Hann er mjög finn og hress, það er mikill húmor í honum,“ sagði Heiðar að lokum.

Fulham mætir Bolton á heimavelli í dag en Heiðar er ekki ýkja bjartsýnn á að fá tækifærið: „Það verður bara að koma í ljós. Vonandi fæ ég tækifærið og þá ætla ég mér að nýta það til fullnustu og ég stefni bara á að spila sem mest á tímabilinu.“

hjalti@frettabladid.is

## JÓLATILBOÐ

4.800 kr. á mánuði til 6. febrúar og Stöð 2 Bío fylgir frítt með!

515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



Mikil uppbygging knattspyrnunnar í Fjarðabyggð:

## Ætlum okkur í efstu deild

**FÓTBOLTI** Knattspyrnulið Fjarðabyggðar ætlar sér greinilega stóra hluti á næstu árum í knattspyrnunni en félagið samdi nýlega við tvo nýja leikmenn, þá Andra Bergmann Þórhallsson og Hauk Ingva Sigurbergsson.

Andri lék áður með Huginn frá Seyðisfirði en Haukur Ingvi er hins vegar kominn aftur á heimslóðir eftir að hafa leikið með KA undir stjórn Þorvaldar um nokkurt skeið. Einnig hefur verið gengið frá samningum við Srdjan Rajkovic og fyrirliða liðsins, Halldór Jónsson.

Bjarni Ólafur Birgisson, formaður knattspyrnudeildar Fjarðabyggðar, segir það vera markmið félagsins að komast í efstu deild. „Við réðum Þorvald Örlygsson með það í huga að komast í efstu deild í framtíðinni. Aðstaða til knattspyrnuíðkunar hér í byggðinni



ÞORVALDUR ÖRLYGSSON Miklar vonir eru bundnar við Þorvald í Fjarðabyggð.

verður orðin glæsileg innan tíðar og það er mikill hugur í mönnum hér að ná góðum árangri.“

- mh

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

24 25 26 27 28 29 30

### Sunnudagur

#### LEIKIR

19.15 Snæfell og Keflavík mætast í Iceland Express-deild karla.

19.15 Skallagrímur og ÍR eigast við í Iceland Express-deild karla.

#### SJÓNVARP

13.20 Enska úrvalsdeildin á Enska boltanum. Everton og Manchester City.

15.50 Enska úrvalsdeildin á Enska boltanum. West Ham gegn Man. United.

16.05 Ísland-Noregur á RÚV. Bein útsending frá leik Íslands og Noregs.

17.50 Spænski boltinn á Sýn.

19.50 Ítalski boltinn á Sýn.

21.35 Helgarsportíð á RÚV.

22.00 Amerískí fótboltinn á Sýn. Bein útsending.



# Ævintýri og spennna



**Draumar marglyttunnar** segir frá baráttu góðs og ills. Ópokkinn Syrtir berst gegn konungi sínum og ætlar sér að taka völdin og segja mönnum stríð á hendur. En það er Fráinn litli sem reynir að koma vinum sínum til bjargar.

**Herdís Egilsdóttir** er fyrrverandi kennari og þjóðþekktur rithöfundur.


Glæsilegar litmyndir eru eftir **Erlu Sigurðardóttur**, myndlistarmann.

Hér er á ferðinni einstaklega falleg bók fyrir börn á öllum aldri.

## Bókin sem allar stelpur verða að lesa!

Bryndís Jóna Magnúsdóttir, 24 ára frá Keflavík, er ný og fersk rödd í íslenskum unglingsbókmenntum.

Hér er á ferðinni flott og kúl bók um stelpu sem þjáist af mikilli ástsýki og feimni og tilraunum hennar til að næla í Danna, sætasta strákin í skólanum ...



Hér kemur 9. bókin í hinum geysivinsæla bókaflakki **GÆSAHÚÐ** eftir Helga Jónsson.

Í könnun sem Landskerfi bókasafna gerði fyrir árið 2004 lenti **GæsaHúð** í 3. sæti yfir mest lesnu bækurnar í öllum flokkum. Í flokki barna- og unglingsbóka var **GæsaHúð** í 1. sæti.

**Tindur**  
B ó k a ú t g á f a

Símar: 660 4753 • 462 4250  
www.tindur.is • tindur@tindur.is



# Fimmti Bítillinn fallinn frá

Knattspyrnugoðið George Best féll frá á föstudag, 59 ára að aldri. Óheilbriggt lífverni varð Best að falli en fjöldi líffæra gaf sig með þeim afleiðingum að hann lést. Bakkus var helsti óvinur Best en hann spilaði marga leiki gegn honum á ferlinum og tapaði þeim öllum.

George Best er að margra mati hæfileikaríkasti knattspyrnumaður sem komið hefur frá Bretlandseyjum. Boltatækni hans var einstök sem og leikskilningur hans. Best gat gert allt við boltann nema að láta hann tala. Hann var einnig eldfljótur og skoraði ótrúlega mikið af mörkum af vængmanni að vera. Best var einstakur knattspyrnumaður að því leyti að hann var dádur líkt og rokkstjarna en það tíðkaðist ekki á þeim tíma. Gekkt Best undir nafninu „fimmti Bítillinn“ enda var hann ekki minna dádur en hinir fjórir.

Ferill hans var þyrnum stráður og miklu styttri en vonir stóðu til. Bakkus náði snemma yfirhöndinni í lífi Best og hann varð aldrei samur fyrir vikið. Lífverni hans utan vallar er eins þekkt og knattspyrnufélaginn, sem Best þótti miður enda óskaði hann sér þess að fólk myndi muna eftir knattspyrnumanninum Best frekar en fyllibyttunni Best.

Best var hluti af goðsagnakenndu liði Manchester United en í sama liði voru Sir Bobby Charlton og Denis Law. Þeir voru góðir en Best skyggði á þá alla og United varð enskur meistari með Best árin 1965 og 1967. Hann var síðan hluti af hinu fræga liði United sem varð fyrst enskra liða Evrópumeistari árið 1968. Best lék 464 leiki fyrir United og skoraði í þeim 178 mörk. Hann lék einnig 46 landsleiki fyrir Norður-Írland.

Eins og áður segir lauk knattspyrnufélagi Bests allt of snemma en hann gekk út hjá Manchester United aðeins 26 ára gamall. Við tók tryllt lífverni utan vallar sem allt var skjalfest á síðum bresku blaðanna. Við og við reyndi Best að blása lífi í ferilinn en

alltaf með misheppnum árangri enda var bakkann alltaf skammt undan og með hana að vopni spila menn ekki mikinn fótbolta.

Saga Best eftir að hann yfirgaf herþúðir United er skrautleg í meira lagi enda var hann ákaflega áberandi í skemmtanalífinu og var ófundaður af öllum karlmönnum landsins sökum þeirra kvenna sem hann var með upp á arminn. Best sagði eitt sinn frá því að hann hefði verið spurður hvort hann vildi frekar skora sigurmörkið í úrslitaleik Evrópukeppinnar eða sofa hjá ungfrú heimi. Því var auðvarað þar sem hann hafði þegar sængað hjá fjórum stúlkum sem urðu ungfrú heimur. Lengi var talað um að hann hefði sængað hjá sjö stúlkum sem sigruðu ungfrú heim en að því er Best sagði þá komst hann ekki til þriggja þeirra.

Síðustu ár Bests eru ein sorgarsaga. Hann var lagður margt inn á spítala enda búinn að eyðileggja líffærin sín af ofdrykkju. Oft lá hann fyrir dauðanum en alltaf reis hann upp aftur. Honum tókst að framlengja líf sitt um nokkur ár þegar hann fékk nýja lifur en þrátt fyrir það hætti hann ekki að drekka og breytti engu þó breska þjóðin hefði tekið höndum saman um að selja honum ekki áfengi. Undir lokin var aðeins tíma-spursmál hvenær hann færi yfir móðuna miklu.

Eftir stundur minning um einstakan knattspyrnumann og einstakling sem á engan sinn líka í sögunni og takmarkaðar líkur eru á því að nokkurn tíma muni koma fram eins skrautlegur karakter og Best var.

henry@frettabladid.is

**Frægustu ummælin:** „Ég eyddi heilum helling af peningum í brennivín, kvenfólk og hraðskreiða bíla. Afganginum eyddi ég í vitleysu.“

**Um brennivínið:** „Ég drakk mest einn með sjálfum mér. Ég drakk stundum einn, stóð upp þegar ég hafði fengið nóg og fór að sofa. Ég fór aldrei út á morgnana ákveðinn í að detta í það. Hlutirnir æxluðust bara þannig. Ég er hættur að drekka en aðeins þegar ég sef.“



**UNGUR OG ÓHARÐN-  
AÐUR** Þessi mynd af Best er tekinn þegar hann var að hefja feril sinn með Man. Utd.



**FIMMTI BÍTILLINN** Best hefði allt eins getað verið meðlimur í Bítunum enda svipaður útlits og svo lífði hann eins og rokkstjarna.

**BESTUR Í EVRÓPU** Best sést hér þegar hann var að spila sinn besta bolta í búningi Manchester United. Fallið var fram undan.

FRETTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**BESTUR Í BANDARÍKI-  
UNUM** Pelé afhendir hér Best verðlaun er hann var valinn besti knattspyrnumaður bandarísku deildarinnar. Pelé sagði eitt sinn að Best væri besti leikmaður heims.



**FYRRUM EIGINKONA** Best sést hér með fyrrum eiginkonu sinni Angie árið 1984.



**GLÆSIKVENDI** Best er hér með fyrrum eiginkonu sinni, Alex Curran, sem er stórglæsileg og mörgum árum yngri en hann.



**GAMALL OG LÚINN** Best var orðinn ansi mæðulegur undir lok ævi sinnar.

**Um David Beckham:** „Beckham getur ekki sparkað með vinstri fæti, getur ekki skallað, kann ekki að tækla og skorar ekki nóg af mörkum. Fyrir utan það er hann ágætur.“



**UMKRINGDUR KVENFÓLKI** Best var kvensamur með eindæmum og ávallt vinsæll hjá hinu kyninu.



**ÞRÍR FRÆKNIR** Best er hér með félagum sínum Nobby Stiles og Bobby Charlton. Tveim mánuðum áður urðu þeir Evrópumeistarar með Manchester United. Það var árið 1968.



**Í HALDI LÖGREGLU** Drykkja Bests kom honum í margvísleg vandræði um ævina.



## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

## Vináttulandsleikur:

ÍSLAND - NOREGUR 33-33

Mörk Íslands: Snorri Guðjónsson 10, Einar Hólmgeirsson 7, Guðjón Valur Sigurðsson 6, Alexander Pettersson 6, Vignir Svavarsson 2, Róbert Gunnarsson 2.

Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 12, Hlynur Morthens 3.

## Enska úrvalsdeildin

MANCHESTER CITY - LIVERPOOL 0-1

0-1 John Arne Riise (61.).

ARSENAL - BLACKBURN 3-0

1-0 Fabregas (4.), 2-0 Thierry Henry (45.), Robin van Persie (90.).

ASTON VILLA - CHARLTON 1-0

1-0 Steven Davis

SUNDERLAND - BIRMINGHAM 0-1

1-0 Julian Gray (68.).

WIGAN - TOTTENHAM 1-2

0-1 Robbie Keane (8.), 1-2 Edgar Davids (77.), 1-2 Lee McCulloch.

PORTSMOUTH - CHELSEA 0-2

0-1 Hernan Crespo (27.), 0-2 Frank Lampard (67.).

## Championship-deildin

LEICESTER - SHEFFIELD UNITED 4-2

Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Leicester.

SHEFFIELD WEDNESDAY - STOKE CITY 0-2

Hannes Sigurðsson var í byrjunarliði Stoke en var tekinn út af í hálfleik.

PLYMOUTH - READING 0-2

Ivar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading en Brynjar Gunnarsson var ekki með vegna meiðsla. Bjarni Guðjónsson var ekki í leikmannahópi Plymouth.

## STADAN:

	14	12	1	1	33-7	37
1 CHELSEA	13	8	2	3	22-10	25
2 ARSENAL	12	7	3	2	19-12	24
3 WIGAN	14	6	6	2	16-10	24
4 MAN. UTD.	12	7	2	3	14-11	23
5 TOTTENHAM	12	6	4	2	13-8	22
6 BOLTON	14	6	3	5	15-12	21
7 LIVERPOOL	12	5	4	3	16-11	19
8 MAN. CITY	13	6	1	6	17-18	19
9 WEST HAM	13	5	3	5	18-18	18
10 CHARLTON	13	5	3	5	12-13	18
11 MIDDLESBR.	14	5	3	6	15-18	18
12 NEWCASTLE	14	4	3	7	14-22	15
13 BLACKBURN	13	3	3	7	14-19	12
14 ASTON VILLA	13	2	8	8	13-22	11
15 FULHAM	14	2	4	7	11-20	10
16 WEST BROM	12	3	3	7	4-16	10
17 PORTSMOUTH	13	2	3	8	8-17	9
18 EVERTON	14	1	2	11	12-28	5
19 BIRMINGHAM						
20 SUNDERLAND						

Pearce styrkir hópinn:

## Haapala fer til City í janúar

**FÓTBOLTI** Finnnski landliðsmaðurinn Tuomas Haapala er genginn til liðs við Manchester City en hann mun þó ekki verða löglegur með liðinu fyrr en í janúar.

Haapala var til reynslu hjá Manchester City í tvö ár og svo virðist sem Stuart Pearce, knattspyrnustjóri City, hafi hrifist af hæfileikum Finnans. „Þetta kom mér mjög á óvart. Pearce sagði mér eftir að æfingatímabilinu lauk að hann vildi halda mér í leikmannahópnum.“ sagði Haapala. -mh



EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM BOLTANN Á ÍTALÍU OG SPÁNI

## Glataðir snillingar

Ferill knattspyrnumanna er alltaf að lengjast og sífellt fleiri dæmi eru um toppspilara sem ná að halda áfram að spila af fullri getu langt fram á fertugsaldurinn. Flestir þakka þetta bættari þjálfun og aukinni áherslu á heilbrigða lífshætti en sjálfsagt er peningahlíðin ekki langt undan, hvatningin til að framlengja ferilinn er drýgri af þeim sökum en gerðist fyrr á tíð. Í toppdeildum Evrópu má finna leikmenn komna um og yfir fertugt enn að störfum, menn eins og Teddy Sheringham hjá West Ham, Amedeo Carboni hjá Valencia og Billy Costacurta hjá AC Milan bæta í hverri viku einhver aldursmet útileikmanna. Hafa þó verið notaðir sparlega í seinni tíð eins og títt er um eldri menn. Úthaldskonungurinn þó í mínum huga eilítið yngri maður, Paolo Maldini, enda efast ég um að nokkur leikmaður í sögunni hafi náð að halda jafn háum gæða-

standard jafn lengi. Maldini hefur ekki átt eitt einasta slæmt tímabil í tuttugu ár og alltaf verið aðalmaður í sínu heittelskaða Milan.

## Missa það hreinlega

Mitt í lestri minningargreina um þann horfna meistara George Best varð mér hugsað um þetta aukna langlífi knattspyrnumanna. En hvað sem allri reglusemi nútímans liður þá brenna sumir menn út í dag rétt eins og fyrrum og þurfa ekki aðstoð brennivinsins við þann gjörning. Það þarf geysilega mikið til að halda út á toppnum lengi hvað sem allri ofurþjálfun liður og ýmislegt annað sem spilar inni, ekki síst andlega hliðin. Sumir



leikmenn missa hungrið fyrir leiknum, aðrir detta úr formi og ná sér ekki á strik afur.

Missa það hreinlega. Gæti þetta til dæmis verið að henda þá stöku reglumenn Zinedine Zidane og Paul Scholes? Einhverjir bestu leikmenn sinnar kynslóðar en virðast útbrunnir sem knattspyrnumenn, Scholes rétt þritugur og Zidane rétt tveimur árum eldri. Sé þetta raunin reynist virkur ferill þeirra sem toppspilara styttri en Georgie Boy sem þó var nánast hættur 26 ára gamall.

## Týndir á netinu

Undrunin yfir endasleptum ferli sumra leikmanna verður einna mest þegar hugað er að leikmönnum sem eru fyrst og fremst afar traustir leikmenn en ekki þeir skapandi snillingar sem áður voru nefndir. Manna sem treysta ekki á einhverja náðargáfu heldur fyrst og fremst vinnusemi og dugnað. Þrjár afar traustir miðjumenn koma upp í hugann, Spánverjinn Pep Guardiola og Ítalarnir Dino Baggio og Demetrio Albertini. Þeir eru jafnaldrar, fæddir 1971. Allir voru þeir bráðþroska og orðnir fastamenn í liðum sínum sem og landsliðum rétt tvítugir. Áttu tíu góð ár í boltanum þar til kom að þritugasta afmælisdeginum. Þá virtust þeir keyra á einhvern vegg og ferillinn liðaðist í sundur. Guardiola fór á frjálsri sölu frá Barcelona til Brescia á Ítalíu þar sem hann vafráði um í reiðileysi, átti dapra dvöl hjá

Rafael Benitez er ekki í vafa um hver eigi að vera leikmaður ársins í Evrópu:

## Gerrard á skilið að vinna

**FÓTBOLTI** Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool, segir að Steven Gerrard, fyrirlíði liðsins, eigi skilið að vera valinn knattspyrnumaður ársins í Evrópu í ár.

Ballon d'Or eða Gullknötturinn verður afhentur á morgun en flestir telja Ronaldinho vera líklegastan og Andriy Shevchenko hans helsta keppinaut.

Gerrard fór fyrir sínu liði sem varð Evrópumeistari í Istanbul í maí eftir æsilegasta úrslitaleik allra tíma og telur Benítez að það ætti að vega þungt í atkvæðagreiðslunni.

„Fyrir mér hefur Gerrard verið mjög góður í ár og hápunkturinn

var auðvitað þessi ótrúlegi úrslitaleikur í Istanbul. Bestu leikmennirnir geta láðað fram það besta í mikilvægustu leikjunum. Það er einmitt það sem hann gerði fyrir okkur og mér finnst að hann eigi skilið að vinna verðlaunin. Hann hefur frábæra hæfileika, með gífurlegan kraft og gefur liði sínu mikla möguleika. Eg hef heyrt að sumir bera hann saman við Maradona og Pele en ég tel að það sé of snemmt að gera það.“

Úkraínumaðurinn Shevchenko á titil að verja þar sem hann varð fyrir valinu í fyrra en Pavel Nedved hreppi hrossið árið 2003.

- hph



STEVEN GERRARD Gerrard lék frábærla með Liverpool á síðustu leiktíð og ber liðið oftan en ekki uppi með kraftmiklum leik.

## Þungu fargi létt af David O'Leary hjá Aston Villa

Írski knattspyrnustjórinn David O'Leary sagðist hafa verið hræddur um starf sitt fyrir leikinn gegn Charlton, þar sem Aston Villa fór með sigur af hólmi.

**FÓTBOLTI** Aston Villa vann afar mikilvægan 1-0 sigur á Hermannari Hreiðarssyni og félagum í Charlton í gær, en mikil pressa var á knattspyrnustjóra Aston Villa, David O'Leary, fyrir leikinn. „Þetta var gríðarlega mikilvægur sigur fyrir mig og leikmennina. Eg hef fundið fyrir mikilli pressu að undanförunu og leikmenn einnig. Þeir mættu ákveðin til leiks og sýndu úr hverju þeir eru gerðir,“ sagði O'Leary ákveðinn eftir leikinn.

Liverpool lagði lið Manchester City að velli á Manchesterleikvanginum og var það Norðmaðurinn John Arne Riise sem skoraði marki eftir fimmtán mínútna leik í seinni hálfleik, með ágætu skoti eftir sendingu Steven Gerrard. Manchester City var síst lakara liðið í leiknum en gekk þó erfiðlega að brjóta þéttan varnarmúr Liverpool á bak aftur þar sem Jamie Carragher stóð fyrir sínu.

Wigan virðist vera að gefa eftir þessa dagana eftir frábæra byrjun á tímabilinu. Tottenham lagði Wigan að velli með tveimur mörkum gegn einu. Robbie Keane og Edgar Davids skoruðu mörk Tottenham en McCulloch minnkaði muninn fyrir Wigan undir lok leiksins. „Þetta var mikilvægur sigur. Wigan er gott lið sem erfiðt að leika gegn og mínir menn þurftu að hafa mikið fyrir þessum sigri. Núna þurfum við að byggja á þessum úrslitum og reyna að blanda okkur af fullri alvöru í toppbaráttuna. Við erum með nógu gott lið til þess,“ sagði Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham.



THIERRY HENRY Henry hefur leikið frábærla í síðustu leikjum, en hér fagnar hann marki ásamt hinum unga Fabregas.

Arsenal fór létt með Blackburn Rovers á heimavelli sínum, Highbury. Leikurinn endaði 3-0 en Arsenal hafði mikla yfirburði og hefði hæglega getað unnið leikinn með meiri mun.

„Við erum að spila einstaklega vel þessa dagana og við trúum því að við getum unnið deildina. Það eru ekki mörg lið sem geta spilað eins góða knattspyrnu og við sýndum í dag og þess vegna held ég að Arsenal eigi eftir að verða betra og betra með hverjum leiknum. Það eru margir ungir leikmenn í hópnum sem

eru sífellt að verða hættulegri og hungraðri í árangur og það er það sem við þurfum,“ sagði Frakkinn Thierry Henry, en hann lék frábærla í liði Arsenal.

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea sem lagði lánlaust lið Portsmouth, 2-0. Hernan Crespo og Frank Lampard, sem var að spila sinn 160. leik í röð í byrjunarliði og setti með því met, skoruðu mörk Chelsea. Eiður lék framarlega á miðjunni og lét mikið að sér kveða.

magnush@frettabladid.is




ALBERT LUQUE Luque meiddist illa en er nú kominn aftur á ról.

Spánverjinn Luque:

## Finn vel fyrir pressunni

**FÓTBOLTI** Albert Luque er kominn aftur í baráttuna um byrjunarliðssæti hjá Newcastle en hann hefur átt erfið uppdráttar í kjölfarið á 9,5 milljón punda sölu frá Deportivo La Coruna í sumar. Þessi 27 ára gamli Spánverji gæti spilað sinn þriðja leik fyrir Newcastle í dag þegar liðið sækir Everton heim.

„Ég geri mér grein fyrir því að Newcastle borgaði háa upphæð fyrir mig en ég þekki þetta vel eftir að ég fór frá Mallorca til Deportivo. Eg er þakklátur fyrir traustið sem félagið hefur sýnt mér og þessi aukna pressa hvetur mig áfram. Núna vonast ég bara til að komast í fullt form og ég hlakka til að byrja að spila aftur og er viss um að allt verði í góðu.“



WAYNE ROONEY Rooney er orðinn mikilvægasti leikmaður Manchester United, aðeins tvítugur að aldri.

Wayne Rooney bjartsýnn:

## United getur orðið meistari

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney, leikmaður Manchester United, er viss um að liðið geti unnið enska deildarmeistararitilinn þrátt fyrir að Chelsea hafi mikið forskot sem sakir standa.

Rooney segir næstu tvo mánuði ráða úrslitum um það hvort Man. Utd. ætli að blanda sér í baráttuna. „Við verðum að halda haus og vera miskunnarlausari. Okkur hefur ekki gengið nægilega vel að klára leiki sem við eignum að vinna. Það eru mörg góð lið sem geta blandað sér í toppbaráttuna en það eru aðeins þrjú sem geta farið alla leið að mínu mati. Það eru Manchester United, Chelsea og Liverpool. Kannski nær Arsenal að sýna sitt besta þegar liður á tímabilið en ég hef ekki trú á liðinu á þessu tímabili.“ -mh





ÆSTIR AÐDÁENDUR Eftir leiki sýður oft upp úr hjá áhorfendum.

## Fótboltabullur í slagsmálum: Aðdándi Boro stunginn

**FÓTBOLTI** Upp úr sauð hjá aðdændum AZ Alkmaar og Middlesbrough eftir Evrópuleik liðanna í Hollandi á dögnum og var einn aðdándi Middlesbrough drepinn og annar særður alvarlega með eggvopni.

Talsmaður lögreglunnar í Middlesbrough segir samvinnu við lögregluna í Hollandi góða. „Við erum að reyna að leysa þetta mál í samvinnu við lögregluna í Hollandi. Þessi árás í Hollandi var hræðileg. Fótboltabullur í Bretlandi og Hollandi eru iðulega með ólæti þegar lið frá þessum löndum mætast.“ - mh

Víglundur Páll Einarsson:

## Undir smásjá Crystal Palace

**FÓTBOLTI** Vopnfirðingurinn Víglundur Páll Einarsson gæti verið á leiðinni til enska 1. deildarliðsins Crystal Palace, en hann var nýlega til reynslu hjá félaginu í tíu daga og verður skoðaður nánar af forráðamönnum félagsins í leik með liði sínu, Þór frá Akureyri.

„Þetta var skemmtilegur tími og gaman að þetta skyldi hafa gengið vel. Forráðamenn liðsins sögðust ætla að skoða mig betur í leik með Þór og vonandi gengur vel hjá mér í þeim leik.“

Víglundur lék með liði Fjarðabyggðar í sumar og spilar oftast sem bakvörður. - mh



HRAFNHILDUR SKÚLADÓTTIR Lékk vel í gær en það dugði ekki til.

Íslenska kvendandsliðið:

## Eins marks tap gegn Tyrkjum

**HANDBOLTI** Íslenska kvendandsliðið í handbolta tapaði með einu marki gegn Tyrklandi í undankeppni Evrópumótsins í handknattleik en leikið er á Ítalíu.

Tyrkneska liðið komst í 3-0 og hafði töl og hagdir allan fyrri hálfleikinn og leiddi 17-12 í hálfleik. Íslenska liðið sýndi svo góða baráttu og náði að minnka forskotið jafn og þétt en náði þó ekki að jafna metin á lokasekúndunum. „Skelfileg byrjun fór alveg með þennan leik og við komum bara sofandi til leiks. Við vorum alltaf að elta þær og í byrjun var bæði vörn og sókn að klinka en svo lagast vörnin í síðari hálfleik en sóknin var ekki alveg nógu góð,“ sagði Stefán Arnarsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.

„Við erum að gefa þeim dauðfæri hvað eftir annað og þær opnuðu vörnina mjög auðveldlega. Að sama skapi gerum við ákveðin mistök í sókninni,“ sagði Stefán svekkur að lokum. - hph

Davíð Þór Viðarsson ætlar að bíða með atvinnumennskuna í bili:

## Verður líklega áfram hjá FH

**FÓTBOLTI** Davíð Þór Viðarsson, leikmaður FH, býst fastlega við því að vera áfram hjá liðinu þrátt fyrir að hafa reynt fyrir sér erlendis að undanförunu. Davíð fór til Reading þar sem hann æfði með liðinu um stund en félagið hætti við að fá hann eftir að hafa fylgst með honum í ungmennalandsleik Íslands og Svíþjóðar. „Mér gekk vel hjá Reading en svo komu þeir að horfa á mig í landsleiknum gegn Svíum og voru ekki alveg nógu ánægðir með mig. Þeir sögðu að ég hentaði ekki alveg í enska boltann, ég er kannski ekki þessi týpíski enski miðjumaður

en ég tel mig nú vel geta að spila á Englandi,“ sagði Davíð Þór í samtali við Fréttablaðið.

Davíð átti að fara til tveggja liða í Belgíu en það var á miskilningi byggt og ekkert varð úr förinni: „Þetta var einhver miskilningur hjá þeim sem sjá um þetta. Mouscron vantaði ekkert miðjumann og sömu sögu er að segja af hinu liðinu, Brussels. Ég skil ekkert í þessu sjálfur,“ sagði Davíð, sem átti gott tímabil með FH í sumar og er mikill fengur fyrir liðið að halda þessum fyrirlíða U21 landsliðs Íslands. - hph



DAVÍÐ ÞÓR VIÐARSSON Davíð Þór var fyrirlíði U-21 landsliðsins og er hér með bróður sínum Bjarna sem er á mála hjá Everton.

## Ísland missti unninn leik niður í jafntefli

Ísland gerði 33-33 jafntefli við Noreg að Varmá í Mosfellsbæ í gær en Íslendingar fóru illa að ráði sínu í leiknum og hefðu átt að vinna.


**HANDBOLTI** Vignir Svavarsson gat tryggt Íslandi sigurinn en Sindre Walstad markmaður varði skot hans þegar fimm sekúndur voru eftir og þar með sitt tuttugasta í leiknum. Jafnræði var með liðunum framan af en vörn íslenska liðsins var alls ekki nógu sterk og markmennirnir áttu erfitt uppdráttar. Íslenska liðið seig fram úr í síðari hálfleik, náði mest fjögurra marka forystu og leiddi 33-30 þegar skammt var eftir en Norðmönnum tókst að skora þrjú síðustu mörkin og tryggja sér jafntefli.

„Ég er ekki alveg nógu ánægður með þetta. Leikurinn í Vestmannaeyjum gekk mun betur en við náðum ekki upp sömu stemningu í leiknum í dag og þar af leiðandi var til að mynda erfiðara fyrir markmennina að hrökkva í gang. Við spiludum finan seinni hálfleik en leystum ekki nógu vel þegar þeir klipptu á Einar Hólmgeirsson.“

En þetta er allt í lagi, Norðmenn eru með sterkt lið og þeir sýndu í dag hvað þeir geta. Við eigum samt sem áður að vera betri og vonandi náum við að sýna það í lokaleiknum,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson eftir leikinn. Hann skoraði sex mörk líkt og Alexander Petterson en Snorri Steinn Guðjónsson var markahæstur með tíu mörk og Einar Hólmgeirsson skoraði sjö.

„Við erum að skora 33 mörk og það verður einfaldlega að duga til sigurs. Við erum ekki að fá jafn mörg mörk í hraðaupppláupum og við viljum annað en í leiknum í Eyjum.“

Það liggur mikið á vörn og markvörslu og það er einfaldlega þannig að ef við ætlum að vinna



SKOT OG MARK Guðjón Valur Sigurðsson lék vel í gær og skorar hér eitt sex marka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

leiki verða þessir hlutir að vera í lagi en þeir voru það því miður ekki í þessum leik. Við verðum að ná vörninni aftur í gang en við stefndum á að vinna alla leikina. Við höfum ekki enn tapað og við

stefnum auðvitað á að vinna leikinn á morgun eins og alla aðra leiki sem við spilum,“ sagði Guðjón Valur að lokum en liðin mætast aftur í Kaplakrika í dag. - hph

Bjarni Ólafur Eiríksson er rólegur yfir stöðu sinni:

## Frestar atvinnumennskunni

**FÓTBOLTI** Bjarni Ólafur Eiríksson, varnarmaðurinn sterki úr Val, frestaði för sinni í heim atvinnumennskunnar og lét skólann ganga fyrir.

Bjarni Ólafur stundar nám við Kennaraháskóla Íslands og þar sem hann hafði misst mikið úr skólanum frestaði hann því að fara til reynslu hjá Midtjylland í Danmörku og Lyn í Noregi sem bæði vildu fá hann til sín. „Ég veit ekki betur en að þetta standi mér ennþá til boða og því ætla ég að reyna að fara þegar ég er búinn í prófum, sem er um miðjan desember eða þá strax eftir áramót. Það er enginn spurning um það að ég er spenntur fyrir að fara þarna út og hefja atvinnumennskuna á Norðurlöndunum og vonandi get ég farið fljótlega eftir prófin,“ sagði Bjarni Ólafur við Fréttablaðið í gær.

Bjarni á eitt ár eftir af samningi



BJARNI ÓLAFUR Bjarni stóð sig vel síðastliðið sumar og spilaði meðal annars sinn fyrsta A-landsleik.

sínum við Val og gerir hann fastlega ráð fyrir því að vera áfram hjá liðinu fari hann ekki í atvinnumennskuna á næstunni. „Jú, ég geri ráð

fyrir því en ég á bara eitt ár eftir af samningnum og ef ég fer ekki út þarf ég aðeins að setjast niður og skoða mín mál.“ - hph



Diego Maradona Maradona er hér ásamt Paolo Maldini, leikmanni AC Milan.

Maradona um George Best:

## Við vorum alveg eins

**FÓTBOLTI** Argentíska knattspyrnugöðsögnin Diego Maradona segir George Best hafa verið magnaðasta knattspyrnumann sem hann hafi séð í sjónvarpi. „Ég tel mig og Best hafa verið alveg eins leikmenn. Við gátum hlaupið hratt með boltann og gert hluti sem aðrir gátu ekki. Við fórum okkar eigin leiðir í lífinu og glöddum áhorfendur með töfrum inni á vellinum. Megi góður guð varðveita George Best,“ sagði Maradona við breska ríkissjónvarpið í gær.

Það má með sanni segja að Maradona og Best hafi þurft að upplifa svipaða hluti utan vallar því báðir voru þeir óstyrilátir og óhöfsmenn á vímuefni. Maradona hefur nú tekið sig á og stjórnar sjónvarpsþætti í Argentínu. - mh

Einar Hólmgeirsson:

## Bjartsýnn á framhaldið

**HANDBOLTI** Einar Hólmgeirsson, leikmaður Grosswallstadt í Þýskalandi, átti góðan leik í gær en hann skoraði sjö mörk og kaus að líta á björtu hliðarnar að leik loknum: „Við höfum átt að stela þessu í lokin en jafntefli er að minnsta kosti ekki tap. Í síðari hálfleik vorum við miklu betri en við vorum mjög lengi í gang. Þetta var bara klaufaskapur að missa þetta niður hérna undir lokin og við vorum að fá óþarfa tvær mínútur, bæði leikmenn og þjálfarinn jafnvel líka. Vörnin var slök í fyrri hálfleik og hún hriplak þar til í seinni hálfleik þegar við náðum aðeins að þetta hana.“

Við vorum að gera of mikið af mistökum á báðum endum vallarins. Ég hef enga sérstaka útskýringu á því en þetta er svo sem ekki svo slæmt og við stefnum ekki á neitt annað en sigur á morgun. Ef við höldum í sama hóp og sleppum við meislum eignum við fína möguleika á að gera gott Evrópumót og við erum bara mjög vel staddir,“ sagði Einar að lokum.

Snorri Steinn Guðjónsson:

## Svekkjandi jafntefli

**HANDBOLTI** Snorri Steinn Guðjónsson var ekki sáttur. „Það er engin spurning að við vorum betri aðilinn í þessum leik, við vorum samt sem áður ekki að spila jafn vel og í gær en við vissum að Norðmennirnir kæmu grimmir til leiks og við vorum í stökustu vandræðum með varnarleikinn í fyrri hálfleik. Vörnin lagaðist aðeins í þeim seinni og þá náðum við nokkrum hraðaupppláupum sem skiluðu okkur finu forskoti og eingöngu fyrir okkar eigin klaufaskap þá missum við þetta niður í jafntefli og við getum bara sjálfum okkur um kennt.“

Snorri Steinn átti frábæran leik en hann lék við hverng sinn fingur og skoraði tíu mörk og var besti maður Íslands í leiknum: „Ég átti ágætis leik en það er alltaf hægt að gera betur. Stigin voru ekki tvö heldur bara eitt og það er nokkuð sem við erum alls ekki sáttir með.“



# Þú finnur jólagjöfina í BT

## Intel Centrino

Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira



## 15,4 Breiðtjaldsskjár

Sjáðu alla myndina í góðri upplausn en hámarks-upplausn er 1280 x 800 punktar.



## FireWire (DV ready)

Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndskleid af stafrænni tökuvél og klippa í tölvunni.



## S.M.A.R.T

Vemdar gögnin þín. Með þessari tækni eru gögnin þín öruggari. Lætur þig vita af yfirvofandi bilun harða disksins.



## harman/kardon

### Harman Kardon hátalarar

Toshiba hefur notast við Harman Kardon hátalara í sínum fartölvum í gegnum tíðina. Betri hljóm færð þú varla.

## ATI X600 skjákort

Eitt öflugasta skjákortid á markaðnum. Ný og hraðari tækni, PCI-Express gagnabrautir.



## TOSHIBA Safellite

PSM40E-08D03NED

### TOSHIBA SATELLITE M40-238

- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Intel® Pentium® M 740 1.73 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
- 60GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn)
- ATI X600 64MB DDR skjástýring
- Super DVD Multi brennari - Dual Layer
- 10/100 Ethernet og V.90 mótald
- VGA skjátengi, Sjónvarpsútgangur
- i.LINK® (IEEE 1394) Firewire, 3x USB 2.0
- Media Bay kortalesari
- Harman Kardon viðöma hátalarar
- 360 x 270 x 25 mm, 2.78 kg
- Lithium-ion, Allt að 3.7 klst. (Mobile Mark™)
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum



15,4"



Jólapakki fjölskyldunnar

4.154\*

Þessi getur allt! Frábær í leikina!

4.154\*  
Tölvukaupalán 48 mán.

11.999\*\*  
Vaxtalaust 12 mán.

143.988  
Staðgreitt

Kaupuki með Toshiba Satellite M40-238

FYLGIR

35.988

Panasonic  
MiniDV videovél NVGS17B

DV tengi og USB2  
Mikil tengimöguleikar við PC og Apple vélar

800x aðdráttur Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum.

2.5" Litaskjár Hágæða LCD litaskjár sem þú snúid eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

## Stafrænar tökuvélar

Skemmtilegur jólapakki



Panasonic  
MiniDV videovél NVGS17B

2.999\*\*  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST  
35.988  
STADGREITT

3x Sony miniDV spólur að verðmæti kr. 3.897 fylgja

Case Logic Videovél-taska TCBS að verðmæti kr. 4.999 fylgir með.

2.5" Litaskjár Hágæða LCD litaskjár sem þú snúid eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

NightView 0 LUX Það skiptir ekki máli þótt bírtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.

Carl Zeiss linsa



SONY GÆÐI

SONY  
SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC22

Tengistöð Ekkert mál að ná myndum af vélinni yfir á tölvuna eða að hlaða raflöðuna. Ekkert snúruvesen!

Tengistöð fylgir

Snerti-skjár!

4.999\*\*  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST  
59.988  
STADGREITT

Klippihugbúnaður og 3 spólur fylgja

FYLGIR

Case Logic Videovél-taska TCBS að verðmæti kr. 4.999 fylgir með.

## Stafræn myndvél



Merkið tryggir gæðin!  
BT tryggir verðið!



SONY  
SONY CYBERSHOT DSC75

SONY GÆÐI

Carl Zeiss linsa Carl Zeiss linsan gefur hámarks dýpt og litgreiningu myndarinnar

MPEG Movie Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.

Ótrúlega þunn

3.999\*\*  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST  
47.988  
STADGREITT

LCSTHEB SONY LEDURTASKA sérhönnuð fyrir DSC77 að verðmæti kr. 7.999

FYLGIR

MSH-128 Sony Memorystick 128MB HISPEED að verðmæti kr. 3.999 fylgir með.

\*\*Mikla við 12 mánuða vaxtalaust gæðis á Visa eða Mastercard skuldbætur 0.5% stimpilgjöld bætist við samningssjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir 36 samningstímum.



## ÚR BIÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning: „No-one ever leaves a star. That's what makes one a star.“

Svar: Norma Desmond úr kvikmyndinni Sunset Boulevard frá árinu 1950

# dagskrá



## Í TÆKINU EDWARD NORTON LEIKUR Í 25TH HOUR Á STÖÐ 2 KL.04.15

### Skaust fljótt upp á stjörnuhimininn

Edward Norton fæddist í Massachusetts í Bandaríkjunum árið 1969. Faðir hans starfaði sem lögfræðingur fyrir stofnun um vernd sögumanna en móðir hans var kennari og lést úr krabbameini árið 1997.

Edward var strax orðinn mjög áhugasamur um leiklist fimm ára gamall. Hann útskrifaðist með BS í sagnfræði frá Yale en var þó alltaf í leiklistartímum samhliða námi. Það tók Edward einungis rúm tvö ár að koma sér á kortið. Hann fór í eina prufu fyrir leikritið Fragments hjá einum þekktasta leikritahöfundinum tuttugustu aldar, Edward Albee, og fékk hlutverkið ásamt því að verða meðlimur í Signature-hópi Albees.

Árið 1996 var verið að leita að ungu leikara á móti Richard Gere í spennumyndinni Primal Fear. Leonardo DiCaprio átti að fá hlutverkið en hafnaði því og Gere var orðinn leið-



ur á að biða eftir að mótaleikari myndist. Hann ætlaði að hætta við verkefnið þegar Edward fór í prufu og var valinn fram yfir þá 2000 manns sem sóttu um hlutverkið. Áður en myndin var einu sinni kominn út höfðu margir tekið eftir Edward og hann fékk hlutverk í mynd Woody Allen, Everyone Says I Love You, og The People vs. Larry Flynt. Fyrir leikinn hlaut Edward Golden Globe verðlaunin auk Óskarsstílnefningar.

Árið 1998 bætti Edward á sig 15 kílóum vöðva og rakaði af sér hárið fyrir hlutverk sitt í myndinni American History X en fyrir það hlaut hann aðra tilnefningu sína til Óskarsverðlauna. Á næstu árum lék Edward í hinni frægu Fight Club og leikstýrði sinni fyrstu mynd, Keeping the Faith. Edward var með Courtney Love á árunum 1996 til 1998 og síðan með Sölmu Hayek þar til 2003.

Þrjár bestu myndir Ulrich:

Red Dragon – 2002

Fight Club – 1999

American History X – 1998

**20.00**  
GAMAN  
KALLAKAFFI

**20.35**  
GAMAN  
LIFE BEGINS

**21.30**  
LÍFSSTÍLL  
FASHION TELEVISION

**21.00**  
KEPPNI  
ROCK STAR: INXS

**17.50**  
FÓTBOLTI  
SPÆNSKI BOLTINN

**SJÓNVARPIÐ**  
8.00 Morgunstundin okkar 8.03 Engilbert (22:26) 8.15 Hopp og hí Sessamí (30:52) 8.41 Magga og furdudýrið ógurlega (26:26) 9.05 Disneystundin 9.06 Liló og Stitch (49:65) 9.28 Sigildar teiknimyndir (11:42) 9.35 Mikki mús (11:13) 9.58 Matti morgunn (14:26) 10.15 Latibær 10.45 Spaugstofan 11.15 Hljómsveit kvöldsins 11.45 Kallakaffi (0:12) 12.15 Spænska veikin 12.45 Ung, falleg og gáfuð 13.40 Listin mótar heiminn (5:5) 14.40 Börn systur minnar 16.05 Landsleikur í handbolta 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Stundin okkar

**SIRKUS**  
7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Kýrin Kolla, Litlir hnetir, Myrkælnu draugarnir, Töfrastígvélin, Oobi, Addi Paddi, Pingi, Könnuðurinn Dóra, WinxClub, Scooby Doo, Ginger segir frá, Skrimslaspiði, Titeuf, Froskafljör, Níja vonda norinn, Ströni draumurinn) 11.35 You Are What You Eat (6:17) 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Silfur Egils 13.55 Neighbours 14.15 Neighbours 14.35 Neighbours 14.55 Neighbours 15.15 Neighbours 15.40 Það var lagið 16.40 Supermanny US (3:11) 17.45 Oprah (11:145)

**SKJÁREINN**  
9.45 Pak yfir höfuðið (e) 10.30 The King of Queens (e) 11.00 Sunnudagsþátturinn 12.00 Cheers – till vikan (e) 14.00 Borgin mín (e) 14.30 Allt í drasli (e) 15.00 House (e) 16.00 Sírný (e) 17.00 Innlit / útlit (e) 18.00 Judging Amy (e) 13.00 Hnefaleikar 15.00 UEFA Champions League 16.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs 17.20 UEFA Champions League 17.50 Spænski boltinn

**SKJÁREINN**  
12.00 Cheers – till vikan (e) 14.00 Borgin mín (e) 14.30 Allt í drasli (e) 15.00 House (e) 16.00 Sírný (e) 17.00 Innlit / útlit (e) 18.00 Judging Amy (e) 13.00 Hnefaleikar 15.00 UEFA Champions League 16.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs 17.20 UEFA Champions League 17.50 Spænski boltinn

**ENSKI BOLTINN**  
11.20 Wigan – Tottenham frá 26.11 13.20 Everton – Newcastle (b) 15.50 West Ham – Man. Utd. (b) 18.00 Fulham – Bolton 20.00 Helgaruppgjör 21.00 Spurningaþátturinn Spark (e) 21.30 Helgaruppgjör (e) Valtýr Björn Valtýsson sýnir öll mörk helganarinnar í klukkutíma þætti. 22.30 Dagskrárlök

18.30 Fótibolti Leikin barnamynd frá Írlandi. 18.50 Lisa (7:13) Sænskur teiknimyndaflokkur. 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.00 Kallakaffi (10:12) Textað á síðu 888 í Textavarp. 20.35 Örninn (5:8) (Örnin II) Danskur spennumyndaflokkur um hálfisleskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn. Halgrim Örn Hallgrímsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi. 21.35 Helgasportíð Þáttur um íþróttir helganarinnar heima og erlendis. Einnig lítið á bak við tjöldin hjá íþróttamönnum og lídum. 22.00 Títraunin (Das Experiment) Þýsk bíómynd frá 2001. Kvikmyndasköpun telur myndina ekki hæfa fólk yngra en 16 ára.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 20.00 Sjálfstætt fólk (Sjálftætt fólk 2005-2006) Einn vinsælasti þátturinn á Íslandi. Jón Ársæll Þórðarson leitar uppi fofvinnlegt fólk á öllum aldri og verður vel áhængt. 20.35 Life Begins (5:8) (Nýtt líf) Ný þáttaröð af þessum gamansömu bresku þáttum frá höfundum hinna vinsælu Cold Feet. Í fyrstu þáttaröðinni stóð Maggie, líðlega fertug tveggja barna móðir, á krossgötum í lífi sínu eftir að karlinn hennar Phil ákvað að ganga út, til þess að „finna sig“. 21.25 The Closer (2:13) (Makleg málalok) Glænýr og hörkuspennandi bandarískir löggættir sem frumsýndir voru í sumar vestanhafs. Bönnuð börnum. 22.10 The 4000 (7:13) (4400) Magnþrunginn myndaflokkur. Fljúgandi furdublutur lendir á jörðinni með 4400 manns. Í hópnun er fólk af öllum toga. Bönnuð börnum.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Girls Next Door (5:15) (Fight Night) Þær eru ofast ljóshærðar, metnaðargjarnar og alltaf fallegar. 20.00 Ástarfleyið (5:11) Sirkus er farinn af stað með stærsta verkefni sítt í haust, veruleikabáttinn Ástarfleyið. 20.40 Laguna Beach (8:11) Einn ríkasti og fallegasti strandþær veraldar og Sirkus er með ótakmarkaðan aðgang að átta moldríkum ungmennum sem búa þar. 21.05 Fabulous Life of (Fabulous Life of: Celebrity Couples) 21.30 Fashion Television (4:34) Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tiskuheiminum í dag. 21.55 Weeds (8:10) (Punishment Light)

19.00 Battlestar Galactica (e) Í þáttaröðinni eru kynnt til sögunnar Cylons ættbálkurinn sem líkast mannfólkinu og gæti átt heima hvar sem er. 20.00 Poppunktur Skallapopparrámar Felix og Dr. Gunnir snúa aftur í haust með tilheyrandi skarkala og látum. Þetta er fimmta þáttaröðin af Poppunktur. 21.00 Rock Star: INXS Í þáttinum Rockstar er leitað að nýjum söngvara fyrir áströlsku rokksvéitina INXS. Auglýst var eftir umsækjendum um allan heim og þeir sem komust í gegnum sína fóru til Bandaríkjanna þar sem keppnin sjálf fór fram. 21.30 Boston Legal Shirley bíður Alan um að hjálpa sér að verja lögreglumann einn sem er verið að dæma fyrir pyntingar. 22.30 Rock Star: INXS Í þáttinum Rockstar er leitað að nýjum söngvara fyrir áströlsku rokksvéitina.

23.40 C.S.I. (e) 0.35 Sex and the City (e) 2.05 Cheers (e) 2.30 Pak yfir höfuðið (e) 2.40 Óstöðvandi tónlist

**STÖÐ 2 BÍÓ**  
23.55 Kastljós 0.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

**OMEGA**  
Dagskrá allan sólarhringinn.

**E! ENTERTAINMENT**  
12.00 It's Good To Be 12.30 The Soup UK 13.00 40 Celebrity Weddings & A Funeral 14.00 40 Celebrity Weddings & A Funeral 15.00 50 Biggest Fashion Dos & Don'ts 16.00 What Hollywood Taught Us About Sex 18.00 The El True Hollywood Story 19.00 The Soup UK 19.30 It's Good To Be 20.00 THS Investigates 22.00 Kill Reality 23.00 The Scorned 1.00 101 Even Bigger Celebrity Oops!

**AKSJÓN**  
Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

**ENSKI BOLTINN**  
11.20 Wigan – Tottenham frá 26.11 13.20 Everton – Newcastle (b) 15.50 West Ham – Man. Utd. (b) 18.00 Fulham – Bolton 20.00 Helgaruppgjör 21.00 Spurningaþátturinn Spark (e) 21.30 Helgaruppgjör (e) Valtýr Björn Valtýsson sýnir öll mörk helganarinnar í klukkutíma þætti. 22.30 Dagskrárlök

**STÖÐ 2 BÍÓ**  
6.00 In the Bedroom (Bönnuð börnum) 8.10 Orange County 10.00 Heartbreakers 12.00 Pelle Politibil 14.00 Orange County 16.00 Heartbreakers 18.00 Pelle Politibil 20.00 In the Bedroom 22.10 Master and Commander: The Far Side of the World 0.25 LA County 187 (Bönnuð börnum) 2.00 Hudson Hawk (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Master and Commander: The Far Side of the World (Bönnuð börnum)

**OMEGA**  
Dagskrá allan sólarhringinn.

**E! ENTERTAINMENT**  
12.00 It's Good To Be 12.30 The Soup UK 13.00 40 Celebrity Weddings & A Funeral 14.00 40 Celebrity Weddings & A Funeral 15.00 50 Biggest Fashion Dos & Don'ts 16.00 What Hollywood Taught Us About Sex 18.00 The El True Hollywood Story 19.00 The Soup UK 19.30 It's Good To Be 20.00 THS Investigates 22.00 Kill Reality 23.00 The Scorned 1.00 101 Even Bigger Celebrity Oops!

**AKSJÓN**  
Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

**ENSKI BOLTINN**  
11.20 Wigan – Tottenham frá 26.11 13.20 Everton – Newcastle (b) 15.50 West Ham – Man. Utd. (b) 18.00 Fulham – Bolton 20.00 Helgaruppgjör 21.00 Spurningaþátturinn Spark (e) 21.30 Helgaruppgjör (e) Valtýr Björn Valtýsson sýnir öll mörk helganarinnar í klukkutíma þætti. 22.30 Dagskrárlök

## ERTU EKKI MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI?



Sjáðu NFS, RÚV, Sirkus og Popptví í stafrænum hágæðum. Þú getur leigt myndlykil fyrir aðeins 500 kr. á mánuði.\*

Myndlyklar frá Digital Íslandi fást í öllum verslunum Og Vodafone, Skifunnar og á áskriftardeild á Krókhálsi.

\*Leigja verður myndlykillinn minnst í þrjú mánuði.

digital island



ALLTAF, ALLS STAÐAR



## VIÐ MÆLUM MED...

KOMPÁS

NFS kl. 19.10

### Íslenskur fréttaskýringabáttur

Í kvöld verður sýndur annar þáttur Kompás á samtengdum rásum NFS og Stöðvar 2. Hér er um alvöru fréttaskýringabátt að ræða þar sem hispurlaus rannsóknarblaðamennska er höfð í hávegum. Tvö til fjögur heit mál verða krufin til mergjar en eins og nafnið gefur til kynna er farið í allar áttir, er ekkert óviðkomandi og verður leitast við að hafa fjölbreytnina í fyrirmáli í hverjum þætti. Fréttarannsókn og umsjón er í höndum Jóhannesar Kr. Kristjánsson en kynnar eru meðal annars Sigmundur Emir Rúnarsson, Edda Andrésdóttir og Logi Bergmann Eirsson.



### TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Margrætt e. 10.03 Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkúakademíunnar 11.00 Messufall

12.10 Silfur Egils 13.40 Sögur af Megasi e. 14.00 Sögur af föllu 15.03 Barnatíminn 16.00 Laugardagsmorgunn 18.00 Hitt og þetta úr Alltsumt e. 18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Barnatíminn e. 20.00 Sögur af Megasi e. 20.30 Silfur Egils e. 22.00 Samnar kynjasögur eftir Cheiro. 23.00 Fjalsar hendur Illuga Jökullssonar.

0.00 Messufall e.

### BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkvefju

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Lódrétt eða lárétt 10.15 Goðsagnir um landvinninga Spáverja 11.00 Guðsþjónusta í Lindarsókn í Kópavogi 12.00 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Útvarpsleikuhúsið: Salmunn um blómíð 14.10 Söngvámál 15.00 Nærmynd um nónbíl 16.00 Fréttir 16.10 Endurómur úr Evrópu 18.28 Seiður og hól 19.00 Íslensk tónskáld 19.40 Þjóðbrók 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kveldsins 22.15 Slæðingur 22.30 Í kvöld um kaffileytið 23.00 Andrarímur

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

### ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhorníð

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 8.00 Fréttir 8.05 Morguntónar 9.00 Fréttir 9.03 Helgarútgáfan 10.00 Fréttir 10.05 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Rokkland

18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Tónlist að hætti hússins 20.00 Popp og ról 22.00 Fréttir 22.10 Popp og ról 0.00 Fréttir

### AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latíber / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying



▶ 12.30 SPIJALL

SILFUR EGILS



10.00 Morgundagskrá

▶ 12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Þróttfréttir/veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttir – fréttaviðtal/Silfur Egils 14.00 Síðdegisdagskrá

18.30 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Þróttfréttir/veðurfréttir 18.00 Fréttayfirlit. 18.02 Ítarlegar

veðurfréttir. 18.12 Þróttfréttir. 18.30 Kvöldfréttir. 18.58 Yfirlit fréttar og veðurs.

19.10 Endurteknir helgarþættir.

23.00 Endursýningar



SKY NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL

Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT

12.15 Nordic Combined Skiing: World Cup Kusamo 13.00 Biathlon: World Cup Oestersund Sweden 14.45 Luge: World Cup Altenberg 15.15 Artistic Gymnastics: World Championships Australia 17.15 Fight Sport: Fight Club 18.15 Alpine Skiing: World Cup Lake Louise Canada 20.45 FIA GT: Championship Bahrain 21.45 Olympic Games: Mission to Torino 22.15 News: Eurosportnews Report 22.30 Biathlon: World Cup Oestersund Sweden 23.30 Cross-country Skiing: World Cup Kusamo Finland

BBC PRIME

12.00 Making Waves – the Making of Blue Planet 13.00 Classic Eastenders 13.30 Classic Eastenders 14.00 Eastenders Omnibus 15.30 Eastenders Omnibus 16.00 The Life of Mammals 17.00 Last of the Summer Wine 17.30 2 Point 4 Children 18.00 Down to Earth 19.00 Rick Stein's Food Heroes 19.30 Changing Rooms 20.00 No Going Back 21.00 Top Gear Xpó 22.00 Trouble at the Top 22.40 The Ship 23.30 Wildlife 0.00 Prohibition: 13 Years That Changed America 1.00 Blood of the Vikings

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Megastructures 13.00 Seconds From Disaster 14.00 Outlaw – The Real Ned Kelly 15.00 Robin Hood – Prince of Thieves 17.30 777 – Attack on London 19.00 War of the Worlds – The Real Story 20.00 Megastructures 21.00 Seconds From Disaster 22.00 Seconds From Disaster 23.00 Catastrophe 0.00 Seconds From Disaster 1.00 Seconds From Disaster

ANIMAL PLANET

12.00 Austin Stevens – Most Dangerous 13.00 Killing for a Living 14.00 Wild India 15.00 Monkey Business 15.30 Mearhat Manor 16.00 Big Cat Diary 16.30 Predator's Prey 17.00 Crocodile Hunter 18.00 Lyndal's Lifeline 19.00 Cousins 20.00 Wild India 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Cell Dogs 23.00 Killing for a Living 0.00 Wild India 1.00 Lyndal's Lifeline

DISCOVERY

12.05 Ultimate 13.00 Secret Life of Formula One 14.00 Mythbusters 15.00 Brains 16.00 Brains 17.00 Collision Course 18.00 Biker Build-Off 19.00 American Chopper Special 20.00 Mythbusters – Specials 21.00 A Haunting in Georgia 23.00 Zero Hour 0.00 Letters from a Serial Killer 1.00 Brains

# OPNUNARHÁTÍÐ

## Opið í dag sunnudag 13-18

Nú hefur verið opnaður nýr og betri Laugavegur ásamt nýju bílahúsi.

Að því tilefni bjóðum við 20% afslátt af öllum vörum í verslunum okkar við Laugaveg nú um helgina.

Ath. Frítt verður í nýja bílahúsið fram að áramótum

# 20% afsláttur af öllum vörum

í verslunum okkar við Laugaveg í dag



galleri sautján

eva

gs skór

Kultur


menn

Ný herraverslun

Ný DIESEL Barnadeild 0-14 ára

laugavegi 89-91





## HRÓSIÐ...

... fær Sigurjón Sighvatsson fyrir að gefa lítið fyrir Svíagrýluna.



## HIN HLIÐIN ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR LEIKKONA

# Mátti ekki leika í snjónum

**Hvað er að fréttu?** Ég er bara varla lent frá Emmy-verðlaunaafhendingunni. Ég er í skýjunum ennþá. Það var auðvitað frábært að fá að upplifa sig sem alvöru stjörnu í smá tíma. Þetta var bara eitt stórt ævintýri frá upphafi til enda. Þetta er nokkuð sem maður á eftir að muna það sem eftir er.

**Augnlitur:** Dökkblár.

**Starf:** Leikkona.

**Fjölskylduhagur:** Einstæð með tvö börn.

**Hvaðan ertu?** Frá Vestmannaeyjum.

**Ertu hjátrúarfull(ur)?** Já, stundum.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Fréttir.

**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Ég hef voða gaman af því að hlusta á Hemma Gunn á sunnudögum.

**Uppáhaldsmatur:** Humar.

**Fallegasti staður:** Vestmannaeyjar.

**iPod eða geislasplari:** iPod.

**Hvað er skemmtilegast?** Að lifa.

**Hvað er leiðinlegast?** Ég stend á gati.

**Helsti veikleiki:** Að koma mér aldrei í rúmið á skikkanlegum tíma.

**Helsti kostur:** Lífsgleði.

**Helsta afrek:** Börnin mín.

**Bestu vonbrigði:** Þegar það kom rosalega mikill snjór í Vestmannaeyjum og ég var svo lítil að ég mátti ekki fara með systkinum mínum út að leika, snjórinn var of hár og ég hefði bara týnst.

**Hver er draumurinn?** Hann bara er.

**Hver er myndastur/fyndust?** Mér finnst Katla Margrét leikkona alveg ógeðslega myndin.

**Á hvað trúirðu?** Ég trúi á kærleika og vináttu.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Óheiðarleiki.

**Uppáhaldsvikmynd:** Underground.

**Uppáhaldsbók:** Sjálfstætt fólk.

**Hvað er mikilvægast?** Að setja sér markmið og lifa í núinu.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarmaðurinn og trúbadorinn Þórir, sem núna kallar sig reyndar núna hinu mun þjálfa nafni „My Summer as a Salvation soldier“ var að fá bókun á South By Southwest tónlistarháttíðina í Austin í Texas sem fer fram í mars á næsta ári. Háttíðin er mikils virt vestra og þar treður upp heilmikill listi af heimsfrægum erlendum böndum. Meðal íslenskra hljómsveita sem fram hafa komið þar eru Ensími og Singapore Sling. Þetta er því mjög fint hjá Þóri, sem er að gera sína aðra plötu aðeins tuttugu ára gamall. Það er annars nóg að gera hjá stráknum, sem trommar í hljómsveitinni Fighting Shit og er líka í fleiri böndum. Nýja platan fer alveg að koma út og tónlistaráhugamenn eru því spenntir fyrir því að hlusta á afraksturinn.



KIA

ÁSTARFLEYIÐ  
FIMMTUDAGA KL. 21:00

FYLGSTU MED!

SIRKUS

## DOLLI OG RABBI: NÝJAR HETJUR JÓLANNA

# Bjarga jólanum frá öfundsjúkum töfrakarli

Fyrsta desember hefst nýtt jóladagatal hjá Ríkissjónvarpinu sem heitir Töfrakúlan. Verður það á dagskrá alla daga fram að jólum og sýnt rétt fyrir kvöldfréttir. Töfrakúlan fjallar um jólabörnin Dolla dreka og Rabba rottu sem búa í turnherbergi í höll. Þegar þeir eru að skreyta fyrir jólin rekast þeir á fallega kúlu sem er ekki jólakúla. Eftir það fer atburðarásin á flug og þeir kynnast mörgum skrautlegum persónum, eignast vini, kynnast mannkynssögunni og upplifa ýmsa atburði og ævintýri.

Það eru þau Jóhann G. Jóhannsson og Þóra Sigurðardóttir sem ljá þeim félögum raddir sínar en þau eru þjóðinni að góðu kunn sem Bárður og Birta í Stundinni okkar. „Við vorum búin að kaupa þessar brúður og ætluðum að nota þær annars staðar,“ útskýrir Þóra. „Það var búið að smíða leikmyndina og það var allt klárt,“ bætir hún við. Síðan hafi umræður um endursýningar Sjónvarpsins á jóladagatölum farið í gang á kaffistofunni sem öllum fannst vera orðin frekar þreytt. „Þá kom upp sú hugmynd að slá tvær flugur í einu höggi, nýta þá féлага og snjóboltinn fór að rúlla.“

Þóra segir að þeir félagar séu stórkostlegir persónuleikar sem eru alltaf að bauka eitthvað í kastalanum. „Þeir eru frekar utangarðs sem gaf okkur töluvert svigrúm með að þróa þá,“ segir hún en Töfrakúlan sé í raun persónuleg þroskasaga þeirra beggja. „Dolla dreki og Rabbi rottu eru miklir vinir og það kastast aldrei í kekki með þeim,“ segir hún. Andi jólanna er aldrei langt undan en sagan miðast að því að þeir bjargi jólanum. „Þessi töfrakúla var hönnuð af illum töframanni sem var öfundsjúkur út í Jesú og rugl-



**DOLLI OG RABBI** Þegar þeir félagar komast yfir Töfrakúlu fer tíminn í algjört rugl og jólahaldið lendir í mikilli hættu. Dolli og Rabbi verða því að gera sitt besta til að bjarga jólanum.

ar allan tíma en Dolli og Rabbi eru þeir einu sem taka eftir því,“ segir hún.

Samfara nýju dagatali í sjónvarpinu verður gefið út jóladagatal sem er hannað af Kalman le Sage de Fontenay og verður til sölu í öllum

verslunum. Í hverjum glugga er síðan að finna vísbendingu um hvað gerist næst. Þá verður jólaeikurinn vinsæli aftan á því og geta börn sent inn svörin við spurningunum þremur fyrir 12. desember.

freyrgigia@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Raunveruleikasjónvarpsæði greip íslensku þjóðina nú á haustmánuðum. Auk Idolsins hjá Stöð 2 bættust í hópinn Bachelor og Ástarfleyið auk Allt í drasli. Leitin að næstu söngstjörnu á sér enn dyggan aðdáendahóp því tæpur þriðjungur þjóðarinnar sest fyrir framan skjáinn á föstudagskvöldum og horfir á ungmenni þjóðarinnar þenja raddböndin fyrir dömnefndina illskeyttu. Bachelor-þátturinn gefur lítið



fyrir þá Gullkind sem hann fékk á fimmtudaginn því rúmlega fimmtungur hefur fylgst með ástarleit smíðsins að austan. Ástarfley Valdimars Flygning og Sirkus siglir hins vegar upp í fjöru því þátturinn kemst ekki upp fyrir tíu prósent.

Það hlýtur að vera nokkuð áhyggjuforni að enginn af íslenskum þáttum Sirkus gerir það neitt sérlega gott í fjölmörgum Gallup. Meira að segja Vala Matt getur ekki státað af meira en rúmlega fimm prósentum áhorfi á þáttinn sinn Veggfóður. Það hlýtur því að hlakka í samkeppnisaðilanum á Skjá einum því Innlit/Útlit mælist með tíu prósentum meira áhorf en Veggfóður. Það verður að teljast nokkuð gott hjá Þórunni Högnadóttur og félögum að hafa sigur á lærimeistara sínum frá því í fyrra.

Séð & Heyrt heldur áfram að vera flaggskip tímaritaútgáfunnar Fróða en lestur þess dalar þó nokkuð. Hér & Nú virðist veita blaðinu mikla samkeppni um fréttir af fina og fræga fólkinu. Málsókn Bubba Morthens hefur ekki mikil áhrif á lestur þess og virðist þjóðin sækja í slúður og glamúr. Karlarnir virðast einnig fá nóg af berum kroppum stúlkanna sem fækka fötum á öftustu síðum þessara tveggja blaða því erótíska tímaritið b&b mælist ekki.

Annað hvort hafa feministarnir haft sigur eða karlþjóðin er þreytt á hálfklæddum stúlkum sem má hvort eð er finna í öðrum blöðum með betra orðspor.



# Stöðvum ofbeldið!

Sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi hófst í gær en þá var Alþjóðlegur baráttudagur gegn kynbundnu ofbeldi. Markmið átaksins er að knýja á um endalok alls kynbundins ofbeldis og benda á þann ótrúlega skaða sem það hefur á heilsu kvenna. Átakið stendur til 10. desember sem er einmitt hinn alþjóðlegi mannréttindadagur og nær átakið einnig yfir Alþjóðlega alnæmisdagurinn sem er 1. desember.

„Þessir dagar eru mjög táknrænir og ekki að ástæðulausu sem þeir eru valdir fyrir slíkt átak,“ segir Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Unifem, sem meðal annarra stendur að átakinu. „Alþjóðleg yfirskrift átaksins í ár er „Heilsa kvenna, heilsa mannkyns: Stöðvum ofbeldið.“ Við förum af stað með slíkt átak í fyrsta sinn í fyrri og tóku þá sextán samtök og stofnanir þátt en í

ár eru þau 26 talsins. Við notum þessa daga til að vekja almenning til umhugsunar, auka vitund um kynbundið ofbeldi í okkar samfélag, ræða þessi mál og þrýsta á stjórnvöld að efla úrræði fyrir þolendur sem og gerendur,“ segir Birna ákveðin.

„Í kjölfar átaksins í fyrri var stofnaður aðgerðahópur sem kynnti drög að aðgerðaáætlun fyrir stjórnvöldum og nú þegar hafa jákvæðar breytingar orðið í kjölfarið. Til dæmis eru hegningarlög hvað varðar heimilisofbeldi í skoðun og einnig hefur verklag lögreglu verið endurskoðað, segir hún.“

Fyrir frekari upplýsingar um átakið er rétt að benda á heimasíðuna [www.unifem.is](http://www.unifem.is). ■

BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR  
Framkvæmdastjóri UNIFEM.





# Kanarí

flug og gisting í viku með öllu á aðeins

**15.900,-**

og 2 vikur á aðeins

**19.900,-**

Bókaðu á nýju  
heimasíðunni okkar,  
[www.apollo.is](http://www.apollo.is)

Málið er einfalt! Apollo heldur hátíðlega innreið sína á íslenska markaðinn með alvöru jólaglaðningi. Við bjóðum 1 eða 2 sólríkar vikur á Kanaríeyjum í janúar á verði sem heldur ekki vatni. Allir sem bóka fá jólaglaðning en sumir meiri en aðrir.

Peir sem eru fyrstir til fá mest!



Í boði eru 5 verðflokkar og ákveðinn fjöldi sæta í hverjum flokki. Fyrst bókast sæti í ódýrasta verðflokknum, næst í þeim næst ódýrasta og svo koll af kolli uns öll tilboðssætin eru bókuð.

## 18. jan – 1 vika

Verð á mann í tvíbýli

Verðflokkur 1: **15.900 kr.**  
Verðflokkur 2: **17.900 kr.**  
Verðflokkur 3: **19.900 kr.**  
Verðflokkur 4: **21.900 kr.**  
Verðflokkur 5: **23.900 kr.**  
Verðflokkur 6: **25.900 kr.**

Aukagjald fyrir einbýli: 8.000 kr.

## 25. jan. – 2 vikur

Verð á mann í tvíbýli

Verðflokkur 1: **19.900 kr.**  
Verðflokkur 2: **23.900 kr.**  
Verðflokkur 3: **25.900 kr.**  
Verðflokkur 4: **27.900 kr.**  
Verðflokkur 5: **29.900 kr.**  
Verðflokkur 6: **31.900 kr.**

Aukagjald fyrir einbýli: 16.000 kr.

Við tryggjum þér íbúð/herbergi án fæðis á hóteli í gæðaflokki 2+ (með sundlaug) í einum af sólarbæjum okkar á suðurströnd Gran Canaria; Playa del Inglés, San Agustín, Maspalomas eða Meloneras. Nafn gististaðar verður gefið upp við komu til Gran Canaria.

Innfalið er flug og flugvallarskattar, ferðir til og frá flugvelli á Gran Canaria, gisting í tvíbýli án fæðis og íslensk fararstjórn.

Þessar ferðir má bóka á heimasíðu okkar, [www.apollo.is](http://www.apollo.is), og á söluskrifstofu okkar gegn 2.500 kr bókunargjaldi.

Ef þú vilt tryggja þér ákveðinn gististað má einnig bóka á heimasíðu okkar og enn bjóðum við sannkallaðan útsöluþríf.

**LANGferðir**

Holtasmára I • 201 Kópavogur  
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309  
Netfang: [langferdir@langferdir.is](mailto:langferdir@langferdir.is)  
Heimasíða: [www.apollo.is](http://www.apollo.is)  
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00



**apollo**



[www.apollo.is](http://www.apollo.is) • 5 100 300





### BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

## Peir sterkustu lifa af

Hundstíkin okkar er flutt út. Seinustu vikur hafa framkvæmdir staðið yfir á heimilinu okkar og þegar tíkin var komin með hægðateppu, sem að mínu áliti stafar af sementsryki í vatninu hennar, fékk hún nóg og fór í afvötnun á Selfossi. Í hennar tilfelli er reyndar um aftöppun að ræða. Ég átti svo sem von á þessu. Mér hefur alltaf fundist hún vera frekar snobbuð tík.

EN ég og konan þraukum enn. Í fjórar vikur höfum við sofíð með steypufötur við rúmgaflinn og sparslpaða undir koddunum. Við þraukum af mismunandi ástæðum. Hún setur það fyrir sig að flytja inn á vini eða kunningja. Ég hinsvegar sé lítinn mun á þessu og ótal öðrum gístaðstöðum sem ég hef hírst á í gegnum árin. Ég ferðaðist mikið á árum áður og deildi oft „herbergjum“ með mönnum og dýrum.

ÉG man sérstaklega eftir hótélherbergi í Argentínu sem botnaði allt sem ég hef áður og síðar kynnst. Núna fjórtán árum seinna get ég rifjað það upp og kreist upp tregablandið bros. Að komast þaðan var eins og að sigrast á krabbameini. Það kenndi mér að meta lífið á nýjan leik.

MÉR finnst erfitt að vera í aðstæðum sem ég skil ekki. Mér finnst erfitt að vita ekki hversvegna framkvæmdirnar ganga ekki eins hratt og upphaflega til stóð. Ef mér er sagt að vegna skekkju í þéttiramma gólfsins þurfi transfjúsjónpeptíðkittíð tvo daga til að þorna í stað hinna hefðbundnu tveggja tíma, þá er það bara þannig. Ekki ætla ég að deila um það. Þegar gólfið hrynur undan mér vil ég ekki fyrir mitt litla líf hafa á samviskunnni að hafa ekki gefið transfjúsjónpeptíðkittíni tilskildan þerritíma.


EN að lokum mun þetta allt taka enda og sjálfsagt á ég eftir að sakna iðnaðarmannanna þegar þeir hættu að koma. Þeir eru góður félagsskapur og virðast alltaf vera í góðu skapi þegar þeir koma. Þeir eru jafnvel enn glaðari þegar þeir fara, eins og ég mundi sennilega líka vera ef ég byggi ekki þarna sjálfur.

„ÉG veit ekki betur en það sé sýnt og sannað Að svo skal böð bæta að bend á eitthvað annað“ Óðauðleg orð sem minna mig stöðugt á að minna mig stöðugt á hótélherbergið í Argentínu.

# Ný bók frá David Attenborough



Skordýr sem dulbúa sig sem blóm eða laufblöð. Kónguló sem snarar brád sína. Bjalla sem sannfærir býfluglu um að gæta afkvæma sinna. Hið smágerða dýralíf er fagurt, mikilvægt og fjölbreytilegt svo undrun sætir – langt yfir milljón tegundir.





## Heimsmetabókin

Hin eina sanna Heimsmetabók er komin aftur ... og nú með fleiri nýjum metum en nokkru sinni fyrr!

Hver er skeggjaðasta kona heims?  
Hvað er þyngst?  
Hvað er stærst?

Svörin eru í bókinni.



2. sæti  
Almennt efni  
Metsölulisti Mbl.  
15. – 21. nov.



Edda  
edda.is

## HEIMILISLEGAR jólagjafir



SOLIS ávaxta- og grænmetispressa  
Kr. 13.900



AEG örbylgjuofn  
Kr. 9.900



SAMSUNG V5450  
Sambyggður VHS og DVD spilari  
Kr. 16.990



SMÁRALIND  
Sími 530-2900

STÓRKOSTLEGT ÚRVAL!  
OPIÐ Í DAG FRÁ  
KL. 13-18

ORMSSON